HALLA ÓLAFSDÓTTIR

*Kennarinn sagðist hafa séð þennan kjól áður*

• tíska • heimili • heilsa

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS




CLAPTON NÆSTVINSÆLASTUR

*Tónleikar Claptons fylgja fast á hæla Metallica á vinsældalista íslenskra tónleikagesta*

FÓLK 42






FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

7. ágúst 2008 — 212. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

**FIMMTUDAGUR**

### Blálandsdrottningin

Hildur Hákonardóttir hefur skrifað bók um sögu kartöflunnar.



TÍMAMÓT 26

### Þjóðhagsstofnun lokað

Hvers vegna kaus ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks að loka helstu efnahagsstofnun ríkisins? spyr Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 20

### London Airwaves í loftið



Aðstandendur Iceland Airwaves færa út kvíarnar í haust

FÓLK 36

### FH heldur toppsætinu

Fjórir leikir fóru fram í Landsbankadeild karla í gærkvöld.



ÍÞRÓTTIR 38

### VEÐRIÐ Í DAG




**HÆGLÆTIS VEÐUR** Í dag verður hæg norðlæg eða breytileg átt. Víða bjart norðan- og vestanlands. Hætt við smáskúrum suðvestan og vestan til. Hiti 10-15 stig, hlýjast inn til landsins suðvestanlands.

VEÐUR 4

# Stefna ríkisstjórnar að bæði álverin rísi

**Þingflokksformaður Samfylkingar segir að bygging álvera við Helguvík og Bakka verði ekki stöðvuð. Heildstætt umhverfismat gæti tafið boranir um ár.**

**IÐNAÐUR** „Stefna ríkisstjórnarinnar er sú að af þessum framkvæmdum verði," segir Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins. „Svo fremi sem samningar náist um orku og að framkvæmdaaðilar fylgi þessu eftir."

Þá segir Lúðvík Bergvinsson, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, að álver á Bakka og í Helguvík séu framkvæmdir sem sveitarstjórnir og orkufyrirtæki ákvarði mest um. Þær hafi og verið komnar vel á veg undir fyrri ríkisstjórn.

„Það væri undarleg stjórnun ef ný stjórn myndi umpóla öllu sem sú fyrri hefði gert," segir Lúðvík. „Þessar tvær fabrikkur verða ekki stöðvaðar nema með lögum og þessi ríkisstjórn mun ekki setja lög á þær," segir hann.

Umhverfisráðherra ákvað nýverið að framkvæmdirnar fyrir norðan skyldu settar í heildstætt umhverfismat. Arnbjörg telur að þetta hafi verið óþarfur gjörningur, sem geti tafið framkvæmdirnar.

En Lúðvík telur heildstætt umhverfismat geta verið til bóta fyrir erlenda fjárfesta. Þeir geti tekið ákvörðun strax þegar matið sé tilbúið, í stað þess að koma inn upp á von og óvon um fjögur möt.

Stefán Thors skipulagsstjóri segir að verið sé að skoða leiðir til að ekki verði veruleg töf á framkvæmdum. Skipulagsstofnun geti þó ekki flýtt lögbundnu umhverfismati.

Franz Árnason, stjórnarformaður Þeistareykja, segir að náist ekki að klára sameiginlegt umhverfismat fyrir næsta sumar verði að fresta tilraunaborunum um eitt ár, því aðeins sé hægt að bora í fjóra mánuði á ári.

Magnús Jóhannsson, ráðuneytisstjóri umhverfisráðuneytis, telur sameiginlegt mat þó ekki tefja framkvæmdir. Lögboðnir frestir séu þeir sömu og áður.

**- kóþ, bj /** **sjá síðu 10**

Prestur í hryllingsmynd:

## Ekkert mjög blóðugur prestur



SÉRA KRISTINN L. FRIÐFINNSSON

**KVIKMYNDIR** „Ég er nú ekkert mjög blóðugur," segir séra Kristinn L. Friðfinnsson sem er meðal leikara í Reykjavík Whale Watching Massacre.

Tökur hófust í gær en myndin hefur verið í undirbúningi í fimm ár. Leikstjóri er Júlíus Kemp.

Sægur þekktra leikara kemur við sögu í myndinni, svo sem japanska stórstjarnan Nae Yuuki, Helgi Björnsson, Þorvaldur Davíð og Gunnar Hansen svo einhverjir séu nefndir, auk Kristins sem ekki hefur áhyggjur af trúverðugleika sínum í hempunni þrátt fyrir hlutverkið. „Þetta er bara listgrein eins og hver önnur."

**- jbg/** **sjá síðu 42**



**BEÐIÐ EFTIR STÓRU STUNDINNI** Flestir íslensku keppendurnir eru komnir til Kína þar sem Ólympíuleikarnir verða settir annað kvöld að staðartíma. Hópurinn hittist í gær í móttöku í Peking og hér má sjá sundstúlkurnar Guðrúnu Brá Sverrisdóttur og Ragnheiði Ragnarsdóttur með badmintonkonuna Rögnu Ingólfsdóttur á milli sín. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ólympíuleikar í Peking:

## Tilkynnt um fánabera í dag

**PEKING 2008** ÍSÍ ákvað í gær hver ætti að vera fánaberi Íslands á opnunarhátíð Ólympíuleikanna en mun ekki gefa upp hver varð fyrir valinu fyrr en í dag.

Líklegir kandidatar eru Ólafur Stefánsson, Þórey Edda Elísdóttir og Ragna Ingólfsdóttir. Guðmundur Hrafnkelsson var fánaberi Íslands á Ólympíuleikunum í Aþenu fyrir fjórum árum síðan.

Ólympíuleikarnir hefjast á morgun og flestallir íslensku keppendurnir verða við opnunarhátíðina sem hefst klukkan 20.08 að staðartíma. „Það er allt tilbúið og rúmlega það fyrir frábæra leika," sagði Andri Stefánsson, aðalfararstjóri ÍSÍ, við Fréttablaðið í Peking í gær.

Af íslenskum keppendum keppir Ragna Ingólfsdóttir badmintonkona fyrst, klukkan 1.20 á aðfaranótt laugardags.

**- hbg, vsp/** **sjá síðu 16**

Enginn árangur var á samningafundi ljósmæðra og samninganefndar í gær:

## Kosið um verkföll í næstu viku

**KJARAMÁL** Ljósmæður munu kjósa um verkfallsboðun á föstudag í næstu viku. Þetta var ákveðið á félagsfundi Ljósmæðrafélagsins í gærkvöldi. Haldin var árangurslaus fundur með samninganefnd ríkisins í gærmorgun. Áætlað er að næsti samningafundur verði 26. ágúst.

„Miðað við þær undirtektir sem við höfum fengið reikna ég með því að verkföllin verði samþykkt," segir Guðlaug Einarsdóttir, formaður Ljósmæðrafélagsins.

Kjósa á um fimm sjálfstæð verkföll. Ef félagsmenn samþykkja áform um verkfallsaðgerðir munu stigmagnandi verkföll eiga sér stað í septembermánuði og allsherjarverkfall ljósmæðra í þjónustu ríkisins skella á þann 29. september. Fyrsta verkfallið yrði frá fjórða til fimmta september.

„Þetta eru algjör neyðarúrræði. Samningaviðræðurnar eru í hnút og við sjáum okkur ekki fært að gera annað en að fara í þessar aðgerðir," segir Guðlaug.

Helmingur ljósmæðra hefur nú þegar sagt upp störfum vegna lélegra launa. „Við þurfum að gera það sem í okkar valdi stendur til að ná samningum til að fá þær til baka," segir Guðlaug.

**- vsp**

Útsala

Síðasta helgin



úllen dúllen doff!

Opið 10-21

Kringlan

Parki INTERIORS



ÚTSALA!

25 - 70 % AFSLÁTTUR

MYLLAN

HEIMILIS BRAUÐ

Veldu ekta Myllu Heimilisbrauð

- brauðið sem allir á heimilinu velja

**SPURNING DAGSINS**



*Elliði, gat Þjóðverjinn ekki bara skoðað tjald?*

„Jú, hann hefði getað skoðað bæði tjald og furðufugla, það var nóg af þessu í dalnum.“

Elliði Vignisson er bæjarstjóri í Vestmannaeyjum. Í Fréttablaðinu í gær var sagt frá þýskum manni sem hugðist skoða fuglalíf í Eyjum um verslunarmannahelgina en lenti þá sér að óvörum í þrettán þúsund manna tjaldútilegu þjóðhátíðargesta.

Karlmaður sem rekinn var fyrir þjófnað í fyrirtækjum á Sauðárkróki stal aftur:

# Stal frá nýjum vinnuveitanda

**SKAGAFJÖRÐUR** Karlmaður á þrítugsaldri, sem nýlega var rekinn frá hreingerningafyrirtæki á Sauðárkróki fyrir þjófnað, var um nýliðna helgi kærður fyrir að stela á annað hundrað þúsund krónum frá nýjum vinnuveitanda sínum.

Maðurinn kom til Íslands í maí til að vinna hjá hreingerningafyrirtæki. Tvö fyrirtæki á Sauðárkróki, N1 og Kaupfélag Skagfirðinga, kærðu manninn fyrir þjófnað á vörum úr fyrirtækjunum og var honum þá sagt upp störfum auk þess sem honum var gert að yfirgefa íbúð sem hann bjó í ásamt öðrum starfsmönnum fyrirtækisins.



**FRÁ SAUÐÁRKRÓKI** Maðurinn, sem er af erlendu bergi brotinn, hefur búið og starfað í Skagafirði frá því í maí.

Maðurinn fékk þá starf og gistingu hjá bónda í Skagafirði en á sunnudag barst lögreglunni á Sauðárkróki tilkynning um að bóndinn saknaði umtalsverðra fjármuna.

Við leit fundust peningarnir í fórum mannsins og játaði hann þjófnaðinn. Síðan hefur hann gist fangageymslur lögreglunnar og á gistiheimili. Maðurinn er nú atvinnu-, húsnæðis- og peningalaus og í farbanni.

„Þar sem hann er ríkisborgari á Evrópska efnahagssvæðinu þá á hann, að mínu mati, rétt á aðstoð frá félagsmálayfirvöldum,“ segir Stefán Ólafsson, hæstaréttarlögmaður og verjandi mannsins.

„Það er verið að skoða þessi mál í samvinnu við félagsmálayfirvöld í landinu,“ segir Guðmundur Guðlaugsson, sveitarstjóri Skagafjarðar. Hann telur málið skýrast fljótlega. **- ovd**

Heilsuspillandi skólastofur:

## Ekki kennt í stofunum

**HEILBRIGÐISMÁL** „Þær lausnir, sem Reykjavíkurborg hefur verið að vinna að, byggjast á því að ekki verði kennt áfram í þeim kennslustofum sem verið hafa til umræðu að undanförnu,“ segir Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður menntaráðs Reykjavíkur.

Boðað hefur verið til fjöldafundar með foreldrum í Korpuskóla klukkan átta í kvöld. Á fundinum verður farið yfir þær lausnir sem unnið hefur verið að.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa meðal annars verið uppi hugmyndir um að eldri nemendum skólans verði kennt annars staðar en í Korpuskóla. **- ovd**

Ólafur F. Magnússon:

## Fórnir bæta ekki ástandið

**REYKJAVÍK** Útilaug og líkamsræktaraðstaða við Sundhöllina við Barónsstíg, veitinga- og hljómleikahús í Hljómskálagarðinum og blómleg starfsemi við Laugaveginn. Þetta er á meðal hugmynda sem Ólafur F. Magnússon borgarstjóri vill gera að veruleika.



**ÓLAFUR F. MAGNÚSSON**

Fleira er á framkvæmdalista borgarstjórans til að bæta þjónustu við íbúa og gesti borgarinnar. Veigamesta hugmyndin snýst um að halda í gömlu götumyndina í miðbænum og vernda þá menningarsögu sem í henni felst. „Maður bætir ekki gömlu miðborgina með því að fórna henni,“ segir Ólafur.

**-gun/sjá sérblaðið Miðborgin okkar**

Eldsvoði í Svarfaðardal:

## Húsið brann til kaldra kola

**ELDSVOÐI Tveir karlmenn sluppu ómeiddir út úr brennandi íbúðarhúsi við Hofsárkot í Svarfaðardal í gærnótt um klukkan hálffimm. Húsið brann til kaldra kola.**

**„Fyrstu viðbrögðin voru að koma mér og hinum út og á hlaupunum hringja í neyðarlínuna,“ segir Sigvaldi Gunnlaugsson, fyrrverandi slökkviliðsmaður og annar þeirra sem slapp.**

**„Allt mitt var þarna inni en ég er þokkalega tryggður,“ segir Sigvaldi sem nú gistir hjá móður sinni á Dalvík ásamt sex ára syni sínum. „Eldsupptök eru talin vera úr eldhúsinu,“ segir Sigvaldi.** **- vsp**

# Stálu tugmilljónum greiðslukortanúmera

**Ellefu manns af ýmsu þjóðerni hafa nú verið ákærðir í Bandaríkjunum í umfangsmesta tölvuþrjótamálinu til þessa, þar sem yfir 41 milljón greiðslukortanúmera og tilheyrandi persónuupplýsingum var stolið í gegn um internetið.**

**BANDARÍKIN, AP** Bandaríska dómsmálaráðuneytið hefur nú birt ellefu mönnum ákæru fyrir aðild að stuldi á fleiri en 41 milljón greiðslukortanúmera, misnotkun þeirra og sölu upplýsinganna til annarra aðila. Tölvuþrjótaaðferðum var beitt við að komast yfir kortanúmerin og tilheyrandi leyninúmer og persónuupplýsingar eigenda kortanna.

Þetta er langstærsta málið af þessu tagi til þessa sem ákært hefur verið í vestra. Meðal ákæruatriða er samsæri, innbrot í tölvukerfi, svik og stuldur persónuupplýsinga.

Þrír hinna ákærðu eru bandarískir ríkisborgarar en hinir eru flestir frá Austur-Evrópu og Kína.

Í ákærunni, sem birt var fyrir alríkisdómstól í Boston, segir að sakborningarnir hafi brotist inn í þráðlaus tölvunet stórra vefverslana í Bandaríkjunum og komið þar fyrir njósnahugbúnaði sem „veiddi“ upplýsingar á borð við greiðslukortanúmer, lykilorð og viðskiptayfirlit.

„Þeir beittu háþróuðum tölvuþrjótaaðferðum sem gerði þeim kleift að komast fram hjá netöryggiskerfum og koma fyrir forritum sem söfnuðu gríðarlegu magni persónulegra fjármálaupplýsinga, sem þeir síðan ýmist seldu öðrum eða notuðu sjálfir,“ sagði Michael Mukasey, dómsmálaráðherra Bandaríkjanna á blaðamannafundi. Mukasey sagði ógjörning að svo stöddu að slá ákveðinni tölu á heildarupphæð tjónsins.

Michael J. Sullivan ríkissaksóknari sagði að flest fórnarlömbin væru í Bandaríkjunum, en yfirvöld hefðu ekki getað látið alla vita sem hefðu orðið fyrir barðinu á kortanúmeraþjófunum. Að sögn Sullivans voru hinar þjófstolnu upplýsingar vistaðar á netþjónum í Úkraínu og Lettlandi. Á einum voru 25 milljónir kortanúmera en yfir 16 milljónir á hinum.

audunn@frettabladid.is



**ÁKÆRAN KYNNT** Michael Mukasey, dómsmálaráðherra Bandaríkjanna, og Michael J. Sullivan saksóknari á blaðamannafundi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### LÚALEG RÁNSAÐFERÐ

Á sama tíma og blaðamannafundur bandaríska dómsmálaráðherrans um ákærur í umfangsmesta kortasvikamálinu sem rannsakað hefur verið til þessa fór fram uppgötvaði Kjartan Arnórsson, sem býr í Tucson í Arizona, að hann hefði orðið fyrir barðinu á slíkri glæpastarfsemi.



„Ég var að athuga í heimabankanum hvort greiðsla frá PayPal sem ég átti von á hefði skilað sér inn á reikninginn og sá þá að einhver gaur í Kaliforníu hefði tæmt reikninginn í 300 dollara skömmtum úr hraðbönkum. Reyndar var reikningurinn kominn í 300 dollara mínus. Bankakortið mitt var á sínum stað í veskinu mínu og ég gef engum upp PIN-númerið. Ég lét bankann strax vita og þeir lokuðu kortinu umsvifalaust og munu senda mér nýtt. En ég er staurblankur uns bankinn hefur fengið vissu sína fyrir því að ég átti ekki sök á þessu,“ segir Kjartan og bætir við:

„Hér áður fyrr sýndu ræningjar þó þá kurteisi að reka byssu upp í andlitið á manni þegar þeir rændu mann. Nú getur einhver heigull í öðru ríki rúið mann inn að skinni án þess að maður svo mikið sem taki eftir því.“

Lagði til manns með hnífi:

## Tilraun til manndráps

**DÓMSMÁL Hálffertug kona af Snæfellsnesi hefur verið ákærð fyrir tilraun til manndráps, en hún lagði til manns á svipuðum aldri með flökunarhnífi í heimahúsi á Grundarfirði í mars síðastliðnum.**

**Maðurinn hlaut eins sentímetra skurð á neðri vör við atlögu konunnar og einnig nokkra skurði á hægri framhandlegg.**

**Til vara er konan ákærð fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás.**

**Þess er krafist að konan verði dæmd til refsingar, en til vara „að henni verði gert að sæta viðeigandi ráðstöfunum“ vegna andlegs ástands síns.**

**- sh**

**VERSLUN**

**Áfengissala eykst**

Sala áfengis í Vínbúðum ríkisins í vikunni fyrir verslunarmannahelgi var 12,2 prósent meiri í lítrum talið en í sömu viku fyrir ári. Samtals seldust 783 þúsund lítrar af áfengi í ár. Þá komu 127 þúsund viðskiptavinir í Vínbúðirnar í vikunni fyrir verslunarmannahelgina.

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

**Kannabis í allra augsýn**

Hald var lagt á nokkrar kannabisplöntur í íbúðarhúsi í Hlíðunum á dögunum. Húsráðendur sögðu að einungis væri um að ræða sérstakar kryddplöntur og að afurðirnar væru alfarið ætlaðar til matargerðar.

**MÁRITANÍA**

**Valdarán hersins**

Hermenn hnepptu í gær Sidi Ould Cheikh Ahdallahi, fyrsta lýðræðislega kjörna forseta Máritaníu, í varðhald eftir að hann hafði reynt að setja æðstu yfirmenn hersins af. Herforingjarnir segjast hafa myndað bráðabirgðastjórn sem fari nú með völd.






Salernisaðstaða við Dettifoss var lokuð í gær vegna bilana á rafmagnsmótor:

# Gengið örna sinna í rútunni

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Við náðum loksins að gera þarfir okkar eftir að bílstjórinn opnaði salernið í rútunni,“ segir Börkur Hrólfsson leiðsögumaður.

Þegar ferðalangar komu að salernisaðstöðu við Dettifoss í gær, blasti við þeim miði þar sem stóð að vegna bilunar væri salernið lokað.

„Það er búið að vera bilanaástand á þessu salerni frá því í fyrrasumar,“ segir Börkur. „Reka þarf þjóðgarðana svo það sé sómi af. Við skipuleggjum ferðirnar með fullorðið fólk í huga sem á að komast á salernið á mannsæmandi hátt. Við viljum ekki að fólk sé að gera þarfir sínar eins og dýr bakvið steina.“

Hjörleifur Finnsson, þjóðgarðsvörður Vatnajökulsþjóðgarðs, sem sér um Dettifoss, segist hafa fulla samúð með þessu, þar sem hann hafi unnið sem leiðsögumaður í mörg ár.

„Þar sem ekki er rennandi vatn á svæðinu þurftum við að setja upp flókið leiðslukerfi þegar vatnssalerni var sett upp. Nú biladi rafmagnsmótorinn og þetta á að komast á í kvöld [gærkvöld].“

Úttekt liggur fyrir frá Línuhönnun þar sem stungið er upp á öðrum möguleikum í salernisaðstöðu. „Málið í heild sinni er í skoðun og vonandi verður fengið annað kerfi fyrir næsta sumar,“ segir Hjörleifur. **- vsp**



**LOK, LOK OG LÆS** Vonandi verður annað salerniskerfi fengið fyrir næsta sumar að sögn þjóðgarðsvarðar, en salernið var lokað í gær vegna bilana.

SALA ÚTSALA ÚTSALA Ú

# ÚTSALAN HEFST Í DAG



**SJÁ NÁNAR**
Á BLS. 18-19

# Við berjum niður verðið!

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

## GENGIÐ 06.08.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 78,62 | 79,00 |
| Sterlingspund | 153,62 | 154,36 |
| Evra | 121,58 | 122,26 |
| Dönsk króna | 16,294 | 16,390 |
| Norsk króna | 15,133 | 15,223 |
| Sænsk króna | 12,873 | 12,949 |
| Japanskt jen | 0,7240 | 0,7282 |
| SDR | 126,68 | 127,44 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
156,755

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Lögreglan beið eftir Ásmundi hinum kvótalausa þegar hann kom í land í gær:

# Alþingismaður landaði aflanum

**SJÁVARÚTVEGUR** „Ég veiddi 750 til 800 kíló af góðum þorski,“ segir Ásmundur Jóhannsson, sjómaður í Sandgerði, aðspurður hvort hann hafi farið til veiða í gær.

„Lögreglan beið eftir mér við höfnina í gær. Þeir spurðu bara hvað ég héti, hver kennitalan mín væri og hve mikið ég hefði veitt. Annað ekki,“ segir Ásmundur en Grétar Mar Jónsson alþingismaður hjálpaði Ásmundi að landa aflanum í gær.

Ásmundur hefur undanfarið gert út á bát frá Sandgerði án þess að hafa kvóta, en slíkt er bannað samkvæmt lögum. Þetta hefur hann gert til að mótmæla kvótakerfinu, sem hann segir stærsta glæpamál Íslandssögunnar.



**KVÓTALAUS VEIÐI** Hér sést Grétar Mar Jónsson, alþingismaður, landa aflanum fyrir Ásmund hinn kvótalausa. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Landhelgisgæslan og lögreglan hafa haft afskipti af honum að undanförnu, þegar hann fer til veiða en aldrei handtekið hann. Þó hafa þeir kært hann og yfirheyrt vegna þessa.

Flugvél Landhelgisgæslunnar sveif yfir vötnum í gær og fylgdist með veiðum Ásmundar. „Þeir voru bara þarna í útsýnisflugi yfir mér,“ sagði Ásmundur.

Veidd hafa verið um fjögur tonn kvótalaus að sögn Ásmundar, frá því að hann hóf veiðar í byrjun júlí. Hann segist ætla aftur til veiða í dag einn síns liðs. **- vsp**

Ákvörðunar um áfrýjun beðið:

# Níðingur áfram í gæsluvarðhaldi

**DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest úrskurð héraðsdóms þess efnis að rúmlega fimmtugur fyrrverandi háskólakennari sæti varðhaldi til 28. ágúst. Maðurinn var í síðustu viku dæmdur í fjögurra ára fangelsi fyrir ítrekuð kynferðisbrot gegn sjö stúlkum.**

**Ríkissaksóknari fór fram á að maðurinn sætti varðhaldi þar til áfrýjunarfrestur væri liðinn. Á það féllst héraðsdómur. Maðurinn kærði úrskurðinn til Hæstaréttar, sem hefur nú staðfest hann.**

**Til vara var farið fram á að manninum yrði meinað að koma í Kópavog. - sh**



**PERVEZ MUSHARRAF** Staða hans heima fyrir veikist stöðugt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Musharraf ætlar til Kína:

# Ríkisstjórnin krefst afsagnar

**PAKISTAN, AP** Pervez Musharraf, forseti Pakistans, ætlar að mæta á opnunarhátíð Ólympíuleikanna í Kína í dag þrátt fyrir vaxandi þrýsting heima fyrir um að segja af sér.

Í pakistönskum fjölmiðlum er fullyrt að ríkisstjórnarflokkarnir hafi komið sér saman um að krefjast formlega afsagnar forsetans, en fela þinginu að reka hann úr embætti verði hann ekki við þeirri kröfu.

Leiðtogar stjórnarflokkanna tveggja hafa einnig átt í samningaviðræðum um með hvaða hætti dómarar við hæstarétt landsins, sem Musharraf rak úr embætti á síðasta ári, fái stöður sínar á ný. **- gb**

## ÁRÉTTING

Vegna fréttar í blaði gærdagsins um skoðunarmann Frumherja sem blés lífi í slasaðan mann skal tekið fram að á staðnum voru fleiri sem gerðu sitt til að hjálpa hinum slasaða. Enn fremur varð slysið rétt utan við verkstæði skoðunarstöðvarinnar, en ekki inni á því eins og sagði í fréttinni.

## LEIÐRÉTTING

Í grein í Fréttablaðinu í gær um úrskurð samgönguráðuneytisins um sveitarstjórnarmál á Álftanesi misritaðist „Gunnar sakaði Kristján“ þar sem standa átti „Kristján sakaði Guðmund“.

# Samruni samþykktur

**Samruni SPRON og Kaupþings var samþykktur á hluthafafundi SPRON í gær með 83,68 prósent atkvæða. „Skynsamlegt skref,“ segir Guðmundur Hauksson, forstjóri SPRON. Hann segir samrunann leiða til einhverra uppsagna.**

**VIÐSKIPTI** Samruni SPRON og Kaupþings banka var samþykktur á hluthafafundi SPRON í gær. Við sameininguna eignast núverandi hluthafar SPRON hlutabréf í Kaupþingi og Existu. Gengið á SPRON er 3,83 sem er fimmtán prósenta yfirverð miðað við gengi félagsins þann 30. júní þegar viljayfirlýsing um samruna var undirrituð.

„Þetta er skynsamlegt skref við núverandi aðstæður,“ segir Guðmundur Hauksson, forstjóri SPRON, að fundi loknum og kvaðst ánægður með niðurstöðuna. Samruninn er háður samþykki Fjármála- og Samkeppniseftirlitsins. Eftir samrunan mun SPRON áfram starfa undir sama merki og með sama starfsfólki.

Samruninn var samþykktur með 83,68 prósent atkvæða en á móti voru 16,23 prósent. Auð og ógild atkvæði voru innan við eitt prósent. Með samrunanum voru 2.940,9 milljónir atkvæða en 570,6 milljónir atkvæða á móti.

SPRON-sjóðurinn SES, sjálfseignarstofnun sem er stærsti hluthafinn í SPRON með um 14,1 prósenta hlut, verður áfram starfræktur á óbreyttu formi. Stjórn sjóðsins var samþykk samrunanum. Sjóðurinn veitir meðal annars styrki til menningar- og líknarmála.

Guðmundur Hauksson sagði á hluthafafundinum að samruninn myndi leiða til einhverra uppsagna en ekkert í líkingu við það sem slegið var upp í fjölmiðlum. Á fundinum fór forstjórinn yfir stöðu mála og benti á að vandi steðjaði að íslensku fjármálakerfi. Samkeppnisstaða SPRON í samræmi við viðskiptabankana þrjá væri ekki góð. Nauðsynlegt væri að bæta aðgang bankans að fjármögnun.



**SPRON OG KAUPÞING SAMEINAST** Guðmundur Hauksson, forstjóri SPRON, vísaði á bug fregnum um að hluthafar SPRON þyrftu að greiða háar fjárhæðir í skatt vegna samrunans við Kaupþing. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## NIÐURSTAÐA HLUTHAFAFUNDAR

| | | |
|---|---|---|
| **Já** | 83,68% | 2.940,9 milljónir atkvæða |
| **Nei** | 16,23 % | 570,6 milljónir atkvæða |
| **Auðir og ógildir** | 0,08% | 3,1 milljón atkvæða |

Hluthafar SPRON fá bréf í Kaupþingi og Existu við samrunan.
Hægt er að velja samsetningu hlutabréfa í Kaupþingi og Existu
Þeir hluthafar sem höfnuðu samruna eiga kost á að fá greitt í reiðufé fyrir bréf sín í SPRON.

Ákveðin umræða hefur verið um hvort hluthafar SPRON mættu eiga von á háum reikningum frá skattinum vegna samrunans. Guðmundur vísaði því á bug. Hann taldi að ekki yrði um háar upphæðir að ræða ef einhverjar.

Nokkurrar óánægju gætti á fundinum meðal hluthafa. Stigu hluthafar í pontu og lýstu ákveðnum efasemdum um ágæti samningsins. Talað var um nálykt af samningnum og einn hluthafi tók svo til orða að hann væri ákaflega óánægður með það ferli sem hefði átt sér stað. Hann taldi það fullkomlega siðlaust og hugsanlega ólöglegt. Hann hvatti hluthafa til að höfða skaðabótamál á hendur SPRON til að ná fram rétti sínum. Hann taldi vafa leika á því hvort löglega væri staðið að samningum sem gæti skapað grundvöll til málsóknar.

**bjornthor@markadurinn.is**

Kirkjugarðar Reykjavíkur:

# Tilkynnt verði um samkomur

**FÓLK** Þórsteinn Ragnarsson, forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkur, segir nauðsynlegt að látið sé vita fyrirfram af minningarathöfnum sem haldnar eru í kirkjugörðum. Þetta kemur fram í bréfi Þórsteins til ráðuneyta, sveitarfélaga, sendiráða og opinberra stofnana

„Hafa starfsmenn KGRP [Kirkjugarðanna] þá möguleika á að fara vel yfir viðkomandi svæði til þess að tryggja að þar sé allt strokið og fínt. Eins er nauðsynlegt að vita um mikinn mannsöfnuð í görðunum með tilliti til hugsanlegra jarðsetninga í næsta nágrenni,“ segir í bréfi forstjórans. **- gar**

Óboðinn gestur í seglskútu:

# Sæljón laumaðist um borð

**BANDARÍKIN, AP Fjölskyldu nokkurri í Bandaríkjunum brá nokkuð þegar sæljón hafði gert sig heimakomið í seglskútu fjölskyldunnar.**

**Nokkrir hugrakkir meðlimir fjölskyldunnar tóku að sér að stugga við sæljóninu, sem fyrst faldi sig á bak við björgunarhring.**

**Sæljónið synti síðan hring eftir hring í kringum bátinn, meðan bátsverjar tóku myndir í gríð og erg - en gleymdu þó að taka upp stigann, sem sæljónið notaði til að fara aftur upp í bátinn. Og enn á ný þurfti að stugga við því til að koma því út í sjó aftur. - gb**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Drengur hljóp í veg fyrir bíl

Fimm ára drengur hlaut minniháttar meiðsl þegar hann hljóp í veg fyrir bíl í Sundstræti á Ísafirði á ellefta tímanum í gærmorgun. Að sögn varðstjóra var hann sóttur af sjúkrabíl og ekið á spítala.






## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir
Veðurfréttamaður

**SKAPLEGT VEÐUR**
Það er útlit fyrir hæglætis veður fram yfir helgi, víða bjart og yfirleitt þurrt. Búast má þó við stöku smáskúrum eða lítils háttar rigningu inn til landsins einkum sunnan og vestan til. Fínasta útivistarveður á landinu næstu daga.




**Á MORGUN**
Hægviðri.

**LAUGARDAGUR**
Hæg breytileg átt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 24° |
| Billund | 19° |
| Ósló | 16° |
| Stokkhólmur | 20° |
| Gautaborg | 19° |
| London | 22° |
| París | 23° |
| Frankfurt | 31° |
| Friedrichshafen | 33° |
| Berlín | 33° |
| Alicante | 33° |
| Mallorca | 35° |
| Basel | 31° |
| Eindhoven | 24° |
| Las Palmas | 23° |
| New York | 29° |
| Orlando | 35° |
| San Francisco | 18° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.




ENNEMM / SÍA / NM34932

## KJÖRKASSINN



*Vantar fleiri hjólreiðastíga á höfuðborgarsvæðinu?*

| | |
|---|---|
| Já | 85,7% |
| Nei | 14,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú komið á Hornstrandir?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

vísir

Alexander Solzhenitsyn jarðsunginn með viðhöfn í Moskvu:

# Hernaðarblær yfir útförinni

**RÚSSLAND, AP** Dmitrí Medvedev Rússlandsforseti var meðal gesta í jarðarför rithöfundarins Alexanders Solzhenítsyn í Moskvu í gær.

Útförin var haldin með mikilli viðhöfn þar sem herinn lék stórt hlutverk: hermenn stóðu heiðursvörð, herhljómsveit sá um tónlistarflutning og skotið var heiðursskotum úr rifflum.

Ein syrgjenda, hin 66 ára gamla Galina Muravjova, sagðist efast um réttmæti þess að herinn léki svona stórt hlutverk við jarðarför Solzhenitsín.

„Hermenn gættu hans í vinnubúðunum og nú eru þeir í kringum hann hér,“ sagði hún. „En svona er þetta bara.“



**MEDVEDEV MEÐAL SYRGJENDA** Forseti Rússlands leggur blóm á jörðina við stóra ljósmynd af skáldinu. NORDICPHOTOS/AFP

Meðan kistan var látin síga niður í gröfina sungu hvítklæddir prestar sálma með fjölskyldu Solzhenítsyns.

Solzhenítsyn lést á sunnudaginn og var að eigin ósk grafinn við Donskoi-klaustrið í Moskvu, þar sem margir helstu andans jöfrar í Rússlandi hafa verið jarðsettir allt síðan á 17. öld.

Solzhenítsyn afhjúpaði meðal annars í verkum sínum tilvist þrælabúða Stalíns, þar sem hann sjálfur var í haldi, og hvatti heila kynslóð andófsmanna til dáða. Hann var rekinn í útlegð árið 1974 og sneri ekki heim fyrr en Sovétríkin heyrðu sögunni til. - gb

Tekjur rektors HR milljónir:

# Mikill munur á rektorstekjum

**KJARAMÁL Svava Grönfeld, rektor Háskólans í Reykjavík (HR), er með rúmlega sexfaldar tekjur Kristínar Ingólfsdóttur, rektors Háskóla Íslands. Samkvæmt Frjálsri verslun eru tekjur Svövu rúmlega fimm og hálf milljón á mánuði en tekjur Kristínar tæplega níu hundruð þúsund.**

**HR virðist einnig gera vel við fyrrverandi rektora. Guðfinna S. Bjarnadóttir, fyrrverandi rektor HR, er tekjuhæsti alþingismaður Íslendinga, með rúmlega þrjár milljónir á mánuði samkvæmt Frjálsri verslun.** - gh

## ÍRAN

### Blaðamaður líflátinn

Íranski blaðamaðurinn Yaghoob Mirnehad var tekinn af lífi á mánudag, að því er yfirvöld í Teheran upplýstu. Mirnehad var dæmdur til dauða í síðasta mánuði fyrir tengsl við Jundallah-samtökin, sem starfa við landamæri Írans að Pakistan og yfirvöld saka um tengsl við al-Kaída. Annar meintur meðlimur Jundallah var einnig líflátinn.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Gripinn með tölvu og kúbein

Húsráðandi við Trönuhraun í Hafnarfirði kom að innbrotsþjófi í fyrrinótt þar sem þjófurinn var að klöngrast út um glugga með kúbein og stolna fartölvu. Að sögn varðstjóra lögreglu flúði þjófurinn á hlaupum þegar til hans sást, en náðist fljótlega. Honum var svo haldið þar til lögregla kom á vettvang og tók við honum.

# Lávarðar fjalla ekki um mál Hannesar

**Síðustu hindruninni fyrir nýrri málshöfðun Jóns Ólafssonar á hendur Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni í Bretlandi hefur verið rutt úr vegi. Breska lávarðadeildin hefur hafnað beiðni Hannesar Hólmsteins um að taka málið fyrir.**

**DÓMSMÁL** Breska lávarðadeildin mun ekki fjalla um dómsmál Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar prófessors og Jóns Ólafssonar athafnamanns. Þetta staðfestir Heimir Örn Herbertsson, lögmaður Hannesar.

Í kjölfar þessarar niðurstöðu getur Jón höfðað nýtt mál á hendur Hannesi fyrir breskum dómstólum, kjósi hann að gera það.

Jón hafði ekki heyrt af niðurstöðu lávarðadeildarinnar þegar náðist í hann í gær. Hann vildi ekki ræða möguleika á nýrri málsókn í Bretlandi fyrr en hann hefði heyrt í Hannesi Hólmsteini.



**JÓN ÓLAFSSON**

Hann segir tilboð sitt standa, en hann hefur áður boðið Hannesi að falla frá málsókn gegn því að Hannes biðjist afsökunar og greiði kostnað Jóns vegna málsins, auk skaðabóta sem dæmdar voru í undirrétti í Bretlandi.

Hannes vildi í gær ekki svara spurningum um málið, en vísaði á lögmann sinn.

Málið er angi af viðamiklum málaferlum í Bretlandi. Upphaf málsins má rekja til ummæla Hannesar um Jón sem féllu á ráðstefnu norrænna blaðamanna síðla árs 1999. Hannes birti útdrátt úr erindi sínu á vefsíðu sinni í kjölfarið. Þar sagði Hannes meðal annars að fullyrt hefði verið í tímaritum að Jón hafi byggt upp veldi sitt með sölu ólöglegra fíkniefna.

Jón höfðaði meiðyrðamál gegn Hannesi í Bretlandi árið 2004, enda ummælin á ensku á heimasíðu Hannesar. Hannes tók ekki til varna og var árið 2005 dæmdur til að greiða 90 þúsund pund, andvirði um fjórtán milljóna króna í skaðabætur og kostnað.

Þeim dómi fékk Hannes hnekkt á æðra dómstigi í desember 2006. Dómurinn féllst á að Hannesi hafi ekki verið birt stefna með réttum hætti. Í þeim dómi var tekið fram að Jón gæti höfðað mál aftur, án þess að stefna Hannesi að nýju. Hefði það ekki verið tekið fram hefði málið verið fyrnt og ný stefna ekki möguleg.

Þetta vildi Hannes að lávarðadeildin, æðsti dómstóll Bretlands, fjallaði um. Lávarðadeildin hefur nú hafnað því að fjalla um málið, án þess að rökstyðja það frekar. Heimir Örn segir mjög fá mál tekin til meðferðar hjá deildinni og synjanir séu ekki rökstuddar.

brjann@frettabladid.is



**SÝNDI FORSÍÐUR** Hannes Hólmsteinn hefur sagt ummæli sín um Jón Ólafsson aðeins vísun í tímaritsgreinar. Á blaðamannafundi árið 2005 sýndi hann forsíður nokkurra þeirra blaða sem hann segist hafa vísað í. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### FÉLL Í HENDUR ANDSTYGGILEGS MANNS

Ummæli Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar um Jón Ólafsson voru birt á vef Hannesar. Vefsíðunni var lokað að beiðni Hannesar í september 2004.

**Þar sagði Hannes meðal annars:**

„Ég og aðrir frjálshyggjumenn höfum okkur til skaprauna horft upp á sjálfstætt sjónvarpsfyrirtæki falla í hendur andstyggilegs manns sem heitir Jón Ólafsson. Það hefur verið fullyrt að hann hafi upphaflega byggt veldi sitt með sölu ólöglegra fíkniefna og hefur hann upp á síðkastið gerst frægur af harðsnúnum viðskiptahátttum.“

„Jón Ólafsson hefur varla borgað nokkurn tekjuskatt, hvorki á Íslandi né í Englandi, og þó hefur hann efni á því að eiga hús í Lundúnum, Reykjavík og Suður-Frakklandi ásamt glæsibifreiðum,“ sagði hann enn fremur.

Forstöðumaður greiningadeildar Kaupþings segir gengisfall meðal sem virkar:

# Gengisbreytingar of snarpar

**EFNAHAGSMÁL** „Það er ljóst að gengisfall krónunnar er meðal sem virkar þó það sé beiskt á bragðið,“ segir Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings.

Hann segir allar uppsveiflur á Íslandi hafa endað með gengisfalli og verðbólguskoti. „Það sem er nýtt núna er að aðlögunin er að eiga sér stað ofan í mikla lánsfjárkreppu erlendis og undir mjög þéttu peningalegu aðhaldi Seðlabankans.“

Í hádegisfréttum Ríkisútvarpsins á þriðjudaginn sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra íslenska hagkerfið vera að laga sig að breyttum aðstæðum. Sagði hann það sem ýmsir hafa kallað aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar, hafa haft jákvæð áhrif.



**ÁSGEIR JÓNSSON**



**HÖSKULDUR ÞÓRHALLSSON**

Ásgeir segir rétt hjá forsætisráðherra að það sé ekki hægt að búast við að ríkið geti reddað öllu. „Hins vegar hefði ríkið getað búið í haginn fyrir þessa aðlögun með ýmsum aðgerðum þannig að ekki hefði þurft að koma til svo snarpra breytinga.“

Höskuldur Þórhallsson alþingismaður gagnrýnir aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar. „Núna eru sparisjóðirnir til dæmis í gríðarlega miklum vanda,“ segir Höskuldur sem kallar eftir að ríkisstjórnin láti sig málið varða. Ef sparisjóðirnir hverfi sé hætta á fákeppni á bankamarkaði sem sé neytendum mjög í óhag. „Ef Geir H. Haarde telur að þetta sé merki um jákvæða hluti þá er hann á villigötum,“ segir Höskuldur.

- ovd


Imodium®
Við bráðum niðurgangi




Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

**Imodium® (lóperamíð)** 2 mg töflur. Imodium er fáanlegt án lyfseðils og er notað við bráðum niðurgangi (skammtímameðferð). Langvarandi alvarlegur niðurgangur, þ.m.t. niðurgangur vegna of hraðrar tæmingar. **Skammtar og lyfjagjöf:** Bráður niðurgangur: Byrja skal meðferðina með 2 töflum, en skömmtun er síðan 1 tafla eftir hverja hægðalosun með niðurgangi, þó ekki þéttar en á 2-3 klst. fresti. Sólarhringsskammtur á ekki að fara yfir 8 töflur. Langvarandi niðurgangur: Skömmtun er í upphafi 2 töflur. Skömmtun er síðan einstaklingsbundin á bilinu 1-8 töflur á sólarhring. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára. **Varnaðarorð:** Við langvinna bólgusjúkdóma í þörmum getur lyfið dulið einkenni um skyndilega versnun. Lyfið hefur einungis áhrif á sjúkdómseinkenni. Ef sjúklingur hefur háan hita eða blóð í hægðum og ef meðferð á að vera langvarandi, þarf að finna og meðhöndla undirliggjandi orsök eins og kostur er. Imodium meðferð skal stöðva við merki um hægðatregðu eða önnur merki um ófullnægjandi þarmahreyfingar. Sjáist bati ekki innan tveggja sólarhringa við bráðum niðurgangi, á að hætta gjöf Imodium og íhuga aðra meðferð. Hjá alnæmissjúklingum á meðferð með Imodium á að stöðva meðferð við fyrstu merki um þaninn kvið. Tilkynnt hefur verið um einstaka tilvik eitrunarstórristils hjá alnæmissjúklingum með ristilbólgu. Imodium á að nota með varúð hjá sjúklingum með skerta lifrarstarfsemi. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfið. **Lesið fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Handhafi markaðsleyfis: Janssen-Cilag AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabær.



Stökktu til
Rhodos
23. ágúst
frá kr. 49.990

*Allra síðustu sætin!*

Bjóðum nú frábært tilboð 23. ágúst í viku til þessa frábæra áfangastaðar. Þú bókar flug og gistingu og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Á Rhodos upplifir þú þrjú þúsund ára gamla sögu, frábært loftslag og úrval veitingastaða. Gríptu tækifærið og njóttu lífsins á perlu gríska Eyjahafsins.

Verð kr. 49.990
Netverð á mann, m.v. 2-4 saman í herbergi / stúdíó / íbúð í viku.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

# Útsölulok!

## síðasti séns

**50% auka afsláttur**

af völdum útsöluvörum

## Verðdæmi

Bolir 250-500 kr

Peysur 500-1000 kr

Buxur 500-1000 kr

Skór 500-1000 kr

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hver hætti sem forstjóri Actavis í fyrradag?*
2. *Hvers konar fornleifar fundust við Alþingisreitinn?*
3. *Við hvaða tónlistarmann er Friðriki Karlssyni líkt í síðuviðtali í Los Angeles Times?*

SVÖR Á SÍÐU 42

Laxness-fjölskyldan krefst áfram upplýsinga um herferðina gegn Halldóri:

# Ætlar að tala við njósnarana

**NJÓSNIR** „Við ætlum að finna út hverjir unnu hjá CIA í Berlín. Margir fyrrverandi starfsmenn leyniþjónustunnar telja sig nú til dags ekki bundna af trúnaðareiðum. Við ætlum að hafa beint samband við þá,“ segir Halldór Þorgeirsson, tengdasonur Halldórs heitins Laxness.

Hann var spurður hver væru næstu skref Laxness-fjölskyldunnar, í ljósi þess að „leyniskjölin“, sem bandaríska utanríkisráðuneytið sendi því íslenska, voru ekki skjölin sem fjölskyldan bað um. Sagt var frá því í blaðinu á fimmtudag.

„CIA sá um njósnir utan Bandaríkjanna og við vitum að CIA í Berlín fylgdist með Halldóri.



**MEINT LEYNISKJÖL** Þessi skjöl, sem bárust í lok júlí, koma málinu ekki við, segir fjölskylda Halldórs Laxness.

Þeir vissu líka hvenær kona mín var á lestarstöðvum í Austurríki og svo framvegis. Við viljum vita hvað þeir eru með,“ segir Halldór.

Áhugi fjölskyldunnar sé ekki sprottinn af hefnigirni eða til að afhjúpa samsæri. Fjölskyldan vilji einfaldlega vita hvernig staðið var að málum.

Utanríkisráðuneyti hefur verið sent bréf, þar sem gerð er grein fyrir því að skjölin, sem send voru til Íslands í lok júlí, séu ekki fullnægjandi. Halldór segist viss um að ráðherrann, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, beiti sér enn sem fyrr í málinu. **- kóþ**

Hópmálsókn vofir yfir Actavis:

# Lyfin hafa ekki komið hingað

**HEILBRIGÐISMÁL Lyf, framleidd í einni af verksmiðjum Actavis í Bandaríkjunum, sem fyrirtækið hefur kallað inn hafa ekki verið seld hér á landi.**

**Rannveig Gunnarsdóttir, forstjóri Lyfjastofnunar, segir að stór hluti lyfja Actavis sem seld eru hérlendis séu einnig framleidd hér. „Engin lyf framleidd í þessari tilteknu verksmiðju hafa verið seld hér,“ segir Rannveig.**

**Hópmálsókn vofir yfir Actavis í Bandaríkjunum vegna hjartalyfs sem fyrirtækið tók af markaði í vor og framleitt var í verksmiðjunni, að því er fram hefur komið í fréttum RÚV. - ht**

Smábátaeigendur:

# Sækja um umhverfisvottun

**SJÁVARÚTVEGUR** Félag íslenskra smábátaeigenda hefur sótt um vottun fyrir eina fiskvinnslu og fimm báta hjá sænska vottunarfyrirtækinu Krav. „Til að fá slíka vottun verða fyrirtæki að opinbera að nýting viðkomandi báta sé sjálfbær og að stofnarnir séu í sjálfbæru ástandi,“ segir Arthur Bogason, formaður félagsins. „Eins eru gerðar kröfur um hreinlæti og vinnsluaðferðir en síðan gerir Krav einnig kröfur varðandi ýmsa félagslega þætti eins og að fyrirtækin sinni heimabyggðinni.“

Hann segir að fjölmargir fiskkaupendur hafi gefið út þá stefnu að kaupa einungis fisk af vottuðum fyrirtækjum innan fárra ára. **- jse**

Fyrsti dómur í Guantanamo fallinn:

# Bílstjóri bin Ladens dæmdur sekur

**BANDARÍKIN, AP** Fyrsti dómurinn var kveðinn upp í gær yfir fanga í fangabúðum Bandaríkjahers við Guantanamo á Kúbu. Fanginn er Salim Hamdan, sem um hríð var bílstjóri Osamas bin Laden.

Að loknum tveggja vikna réttarhöldum tók kviðdómur, skipaður sex yfirmönnum í hernum, sér þrjá daga til að komast að þeirri niðurstöðu að Hamdan væri sekur um þátttöku í hryðjuverkastarfsemi.

Hamdan átti yfir höfði sér ævilangan fangelsisdóm og var reiknað með uppkvaðningu dóms síðar í gær.

Ekki er ljóst hvar Hamdan verður hafður í haldi það sem eftir lifir ævinnar. Enn eru hátt á þriðja hundrað fanga í búðunum, og hafa flestir dvalist þar í meira en sex ár án þess að koma fyrir dómara. **- gb**



**SALIM HAMDIN** Fyrsti fanginn í Guantanamo dæmdur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**BENSÍN** Bensínverð mun væntanlega lækka eitthvað áfram en óvíst er hvað gerist til langs tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Bensínverð lækkar áfram

**Bensínverð mun væntanlega lækka áfram. Olíufélögin hafa hækkað álagningu sína um 6 krónur segir Runólfur Ólafsson hjá FÍB. Forstjórar olíufyrirtækjanna segja hann skorta forsendur við útreikningana.**

**VIÐSKIPTI** „Leiðrétting á olíuverði er löngu tímabær eftir of hátt verð síðustu mánuðina,“ segir Gunnar Karl Guðmundsson, forstjóri Skeljungs. „Hvort verðið sé rétt núna eða eigi eftir að breytast meira verður að koma í ljós.“

Á þriðjudaginn lækkuðu öll íslensku olíufélögin verð á bensíni um tvær krónur til viðbótar við aðra eins lækkun síðastliðinn föstudag. Þessar breytingar koma í kjölfar nítján prósenta lækkana á heimsmarkaðsverði á olíu. Nú er verð á hráolíu 120 dollarar á tunnu og hefur ekki verið jafn lágt síðan í byrjun maí.

Hermann Guðmundsson, forstjóri N1, telur að olíuverð muni lækka áfram í ágúst og ná stöðugleika í lok ágúst eða september. „Svo tel ég að það hækki aðeins aftur í haust.“

Forstjórarnir gefa lítið fyrir spár um að hráolía fari niður fyrir hundrað dollara í árslok. „Ég verð alveg sáttur við að sjá tunnuna í 120 dollurum,“ segir Hermann. Ástæðuna fyrir lækkuninni telur Hermann vera minnkandi eftirspurn. „Neytendur sýndu í verki að þeim fannst verðið of hátt og drógu saman neyslu.“

Gunnar telur þó að verðið muni hækka aftur til langs tíma litið. „Ef ekki næst að auka framleiðsluna og eftirspurnin eykst áfram þá mun verðið hækka.“

Þegar heimsmarkaðsverð á olíu var síðast jafn lágt og í dag kostaði bensínlítrinn hér á landi 156,6 krónur hjá stóru olíufélögunum. Nú er verðið komið í 167,7 krónur.

Runólfur Ólafsson hjá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) segir að greinilega sé um aukna álagningu að ræða. „Eftir að búið er að taka mið af gengisbreytingum sést að álagningin hefur aukist um sex krónur.“

„Runólfur er almennt að fara með rétt mál en er með rangar forsendur og þar af leiðandi rangar niðurstöður,“ segir Hermann. „Kostnaðurinn við dreifingu eldsneytis og birgðahald hefur aukist mikið. Auk þess hefur vaxtastig á lánum til birgðahalds hækkað úr sex prósentum í átján á skömmum tíma. Þessar upplýsingar tekur Runólfur ekki með í reikninginn. Nettóálagningin hefur því ekki aukist.“

Gunnar Karl tekur í sama streng. „Rekstrarskilyrðin hafa óneitanlega versnað.“

Runólfur telur aukningu í rekstrarkostnaði ekki svo mikla að hún skýri hækkunina. „Ef taka á mark á þessu tali, þá verða þeir að leggja öll sín gögn á borðið.“

gudmundure@frettabladid.is

**BENSÍNVERÐ NÚ**

| | 95 oktana | Dísil |
|---|---|---|
| N1 | 167,7 | 185,6 |
| Olís | 167,7 | 185,6 |
| Shell | 167,7 | 185,6 |
| Atlantsolía | 166,2 | 184,1 |
| EGO | 166,2 | 184,1 |
| ÓB | 166,2 | 184,1 |
| Orkan | 166,1 | 184,0 |

Valið var algengasta verðið síðdegis í gær. Miðað er við algengasta verð í sjálfsafgreiðslu.



**GUNNAR KARL GUÐMUNDSSON**



**HERMANN GUÐMUNDSSON**



**RUNÓLFUR ÓLAFSSON**




# MacBook Air

## Þynnsta fartölva í heimi!

Aðeins 0.4cm - 1.94cm á þykkt





7.928,- á mánuði

mv 36 mánaða raðgreiðslu

0% lántökugjald

MacBook AIR 13” 1.6GHz 80GB Vörunúmer: HUZ0ER

**204.990 kr**

Intel Core 2 Duo örgjörvi / 13” Glossy WideScreen skjár / Intel GMA X3100 skjástýring / 2GB DDR2 667MHz vinnsluminni / 80GB harður diskur / Innbyggð iSight vefmyndavél / Innbyggt þráðlaust net (802.11n) / Bluetooth 2.1 / 5 klukkustunda rafhlöðuending / Íslenskt lyklaborð / 2gja ára ábyrgð



Apple komið í Office1

# Skiptu gömlu bókunum upp í MacBook

Búinn í skóla? Fáðu pening fyrir gömlu skólabækurnar og notaðu upp í nýja fartölvu hjá Office1.

 +  » 



4.999,- á mánuði

mv 36 mánaða raðgreiðslu

0% lántökugjald

MacBook 13” 2.1GHz 1GB 120GB Vörunúmer: HUZ0FJ

**129.990 kr**

Intel Core 2 Duo örgjörvi / 13” Glossy WideScreen skjár - 1280x800 upplausn / ntel GMA X3100 skjástýring / 1GB DDR2 667MHz vinnsluminni / 120GB harður diskur / Innbyggð iSight vefmyndavél / Innbyggt þráðlaust net / Íslenskt lyklaborð / 4.5 klukkustunda rafhlöðuending / 2gja ára ábyrgð



5.999,- á mánuði

mv 36 mánaða raðgreiðslu

0% lántökugjald

MacBook 13” 2.4GHZ 2GB 160GB Vörunúmer: HUZ0FK

**154.990 kr**

Intel Core 2 Duo örgjörvi / 13” Glossy WideScreen skjár - 1280x800 upplausn / Intel GMA X3100 skjástýring / 2GB DDR2 667MHz vinnsluminni / 160GB harður diskur / Innbyggð iSight vefmyndavél / Innbyggt þráðlaust net / Íslenskt lyklaborð / 4.5 klukkustunda rafhlöðuending / 2gja ára ábyrgð

Office1 Superstore

Skeifan 550-4110 , Smáralind 550-4140, Hafnarfjörður 550-4120, Selfoss 550-4190, Vestmannaeyjar 550-4180, Egillsstaðir 550-4160, Akureyri 550-4150, Ísafjörður 550-4170






Ein fjögurra górillutegunda reyndist ekki jafn fáliðuð og áður var talið:

# Áfram þó í útrýmingarhættu

**BRETLAND, AP** Djúpt í skógum Kongó hafa fundist meira en 125 þúsund górillur, nánar tiltekið af tegundinni vestur-láglendisgórillur, sem enginn vissi af. Þar með er heildarfjöldi þessara dýra kominn upp í 200 þúsund, eða svo, sem þýðir að útrýmingarhættan er ekki jafn mikil og áður var talið.

„Þetta er mjög mikilvæg uppgötvun,“ segir Emma Stokes, ein úr rannsóknarhóp á vegum bandarísku samtakanna Wildlife Conservation Society, sem vann ásamt stjórnvöldum í Lýðveldinu Kongó að talningu dýra á tveimur svæðum í norðurhluta landsins.



**VESTUR-LÁGLENDISGÓRILLUR** Ein fjögurra górillutegunda er fjölmennari en óttast var. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Þetta var ótrúleg stund þegar við áttuðum okkur á því hvaða tölur voru að berast. Þetta hafði ekki verið skráð áður vegna þess hve afskekkt og ógreiðfær þessi svæði eru og erfið til rannsókna.“

Áður var talið að vestur-láglendisgórillur í heiminum væru rétt innan við hundrað þúsund talsins, en þær tölur eru reyndar frá árinu 1980 og talið var víst að þeim hefði fækkað töluvert síðan þá, bæði vegna veiða og sjúkdóma.

Vestur-láglendisgórillur eru ein fjögurra górillutegunda, sem allar eru taldar í útrýmingarhættu. Þessi dýr eru reyndar svo hlédræg að til þess að fá upplýsingar um fjölda þeirra þurfti að telja bælin sem þau gera sér til svefns. **- gb**

# Gátu ekki haft réttmætar væntingar

**Fjarri lagi er að jafnræðisregla hafi verið brotin með úrskurði ráðherra um álver á Bakka segir ráðuneytisstjóri. Fyrirtækin sem standa að framkvæmdum tengdum álverinu hafa ekki ákveðið hvort þau fari með málið fyrir dómstóla.**

**UMHVERFISMÁL** Aðstæður vegna álvers í Helguvík og á Bakka eru afar ólíkar og fjarri lagi að telja að jafnræðisregla hafi verið brotin þegar umhverfisráðherra úrskurðaði að álver við Bakka og tengdar framkvæmdir skuli í sameiginlegt umhverfismat, segir Magnús Jóhannsson, ráðuneytisstjóri umhverfisráðuneytisins.

Í Fréttablaðinu í gær kom fram að dósent við lagadeild Háskóla Íslands telur að ákveðið misræmi sé í úrskurðum ráðherra vegna álvers í Helguvík annars vegar og álvers á Bakka hins vegar.

Magnús bendir á að þegar ráðuneytinu hafi borist kæra vegna þess að ekki hafi verið krafist sameiginlegs mats vegna álvers í Helguvík hafi Skipulagsstofnun verið búin að staðfesta mat á umhverfisáhrifum álversins. Auk þess hafi ekkert legið fyrir um tengdar framkvæmdir.

„Að sjálfsögðu verða menn að geta haft réttmætar væntingar, framkvæmdaaðilinn var búinn að vinna að umhverfismati í marga mánuði,“ segir Magnús.

Drög að mati vegna álvers á Bakka höfðu ekki verið staðfest þegar kæra barst ráðuneytinu, segir Magnús. Skipulagsstofnun staðfesti þó slík drög frá tveimur fyrirtækjum af fjórum áður en úrskurður ráðherra féll.

„Allir aðilar málsins vissu af þessari kæru, og samráð var haft við vinnslu málsins. Á þeim tíma gátu menn ekki verið með réttmætar væntingar um að málið yrði endanlega afgreitt eins og Skipulagsstofnun lagði til,“ segir Magnús.

Farið verður yfir úrskurð ráðherra og möguleg viðbrögð félagsins við honum á stjórnarfundi hjá Þeistareykjum ehf. í dag.

Franz Árnason, stjórnarformaður félagsins, segir þær ábendingar sem fram komu í Fréttablaðinu í gær góðra gjalda verðar. Það sé skoðun forsvarsmanna félagsins að Þeistareykir eigi ekki heima inni í sameiginlegu mati.

Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa Fjarðaáls, segir að ekki hafi verið tekin afstaða til þess hvort leitað verði til dómstóla. Þórður Guðmundsson, forstjóri Landsnets, segir að málið verði skoðað en ólíklegt sé að Landsnet fari dómstólaleiðina.

brjann@frettabladid.is



**BAKKI** Umhverfisráðherra úrskurðaði fyrir helgi að fyrirhugað álver á Bakka þurfi að fara í sameiginlegt umhverfismat með virkjunum og raflínum.

## GÆTI TAFIÐ VERKIÐ UM EITT ÁR

Úrskurður umhverfisráðherra um að meta skuli umhverfisáhrif af álveri, raflínum og virkjunum saman gætu tafið virkjanir Þeistareykja ehf. um heilt ár.

Franz Árnason, stjórnarformaður félagsins, segir að aðeins sé hægt að bora tilraunaholur í fjóra mánuði á ári, þar sem vegir séu ekki færir á vetrum. Áformað sé að bora tilraunaholur næsta sumar. Náist ekki að klára sameiginlegt umhverfismat fyrir þann tíma verði að fresta tilraunaborunum um heilt ár. Takist að ljúka umhverfismati fyrir sumarið er ekki víst að tafir verði fyrir Þeistareyki.

Magnús Jóhannsson, ráðuneytisstjóri umhverfisráðuneytisins, segir sameiginlegt mat ekki eiga að tefja framkvæmdina. Lögboðnir frestir séu þeir sömu og fyrirtækin fjögur sem komi að málinu séu ýmist búin að vinna drög að umhverfismati, eða séu langt komin með vinnu við drög.

Það borgar sig að fylgjast almennilega með smáa letrinu:

# Opnaðu reikningana og lestu

Margir af þeim neytendum sem hafa haft samband við Fréttablaðið segja farir sínar ekki sléttar af síma- og kreditkortaviðskiptum. Í þessum pistli verður fjallað um hvað skal varast.

Hinrik Ingi skrifaði okkur: *Ég er með sjónvarp í gegnum netið, Skjárinn. Ég komst að því að Síminn var búinn að rukka mig fyrir Allt-pakkann hjá Skjánum án þess að ég væri með hann. Alls í fjóra mánuði. Ég hringdi í þá nokkrum sinnum til þess að fá þá til þess að laga þetta. Að lokum fékk ég sendan kreditreikning upp á 17.671 krónu, sem er gott mál. Ég hélt að þetta yrði lagt inn á mig en svo var ekki. Þá hélt ég að þetta yrði dregið af mér en það gerðist ekki heldur. Að lokum hafði ég samband við vin minn hjá fyrirtækinu sem gekk í málið og ég fékk endurgreitt.*



**REIKNINGUR** Í smáa letrinu geta leynst greiðslur sem nema tugum þúsunda á ári.

Þetta er ekkert einsdæmi. Hvert sem ég fer heyri ég af álíka svindli og dónaskap. Líkamsræktarstöðvar eiga það til að halda áfram að rukka fólk eftir að áskrift þeirra rennur út, jafnvel á hærra verði en áður. Vandamálið með númerbirtingu er einnig algengt. Það lýsir sér á þann hátt að fólk sem er með áskrift hjá Símanum fyrir símalínu til þess að geta verið með nettengingu, en er ekki með símtæki heima hjá sér, er rukkað fyrir númerabirtingu. Þessu verða neytendur að fylgjast með sjálfir. Það þýðir ekki að kasta ábyrgðinni yfir á aðra.

Hinrik bendir á að Síminn hafi ekki greitt honum neina vexti þegar hann fékk endurgreitt þrátt fyrir að Síminn hiki ekki við að rukka hann um vexti, greiði hann of seint. Ég er viss um að þeir sem þurfa að borga skattinum til baka í haust skilji hann mjög vel.



**HELGA ÞÓREY** neytendur@frettabladid.is

**Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is**

Nýtt kort yfir lögsögumörk og kröfur til landgrunnsréttinda í Norður-Íshafi:

# Bitbein strandríkja kortlögð

**UTANRÍKISMÁL** Sérfræðingar við Durham-háskóla á Englandi hafa nú birt kort þar sem búið er að merkja inn á, með skýringum, allar kröfur og tillögur sem ríkin fimm sem eiga strendur að Norður-Íshafi hafa sett fram um landgrunnsréttindi og lögsögutilkall.

„Megintilgangurinn er að gera umræðuna upplýstari vegna þess, hreinskilnislega, að það hefur mörg vitleysan verið sögð um það hver geti gert tilkall til hvers,“ hefur fréttavefur BBC eftir Martin Pratt, forstöðumanni Rannsóknaseturs um alþjóðleg lögsögumörk, IBRU, við Durham-háskóla.

Við gerð kortsins var notast við sérsniðinn hugbúnað til að sýna lögsögumörk þar norður frá og afmarka þau svæði sem kann að verða bitist um á næstu árum.

Bandaríska jarðvísindastofnunin, US Geological Survey, birti á dögunum nýtt mat sitt á því hversu miklar olíu- og gaslindir kunni að vera að finna undir Norður-Íshafi. Niðurstöður stofnunarinnar benda til að olíulindir svæðisins kunni að geyma um 90 milljarða fata, en það samsvarar um 13 prósentum þess magns af olíu sem vísbendingar eru til um í heiminum en nýting er ekki hafin á. Auk olíunnar er að sögn stofnunarinnar um 30 prósent óuppgötvaðs jarðgass og fimmtung óuppgötvaðra jarðgasvökva heims að finna þarna.

Eftir því sem ísinn á Norðurskautinu bráðnar hraðar, olíuverð hækkar og tækni til vinnslu olíu og gass á norðurslóðum fleygir fram eykst áhuginn á svæðinu og aukin harka færist í togstreituna um lögsögu og nýtingarrétt. - aa



**MÖRK MERKT** Á kortinu má sjá hvaða kröfur ríki hafa sett fram um landgrunnsréttindi og lögsögutilkall í Norður-Íshafi.

Lagabreyting um EES-borgara:

# Dvalarleyfi eru ekki nauðsynleg

**INNFLYTJENDUR** **EES-borgarar þurfa ekki lengur að sækja um dvalarleyfi hjá Útlendingastofnun, komi þeir til landsins til vinnu eða náms.**

**Þess í stað skrá þeir dvöl sína hjá Þjóðskrá og sækja um leið um kennitölu. Atvinnurekendur koma ekki nálægt þeirri skráningu lengur, að sögn Ara Klængs Jónssonar, hjá Fjölmenningarsetri.**

**„Og Útlendingastofnun sér minna um EES-borgarana,“ segir Ari. EES-borgarar nálgist með þessu réttarstöðu norænna þjóða.**

**Breytingin gildir ekki um Búlgara og Rúmena ennþá. Íslendingar sóttu um undanþágu á frjálsri för þeirra.** - kóþ



**TILLAGA AÐ GATNAMÓTUNUM** Gatnamót Kringlumýrar- og Miklubrautar eru ein þau fjölförnustu á Íslandi.

Mislæg gatnamót:

# Skila af sér tillögum í haust

**SKIPULAGSMÁL** Samráðshópur um mislæg gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar hélt nýlega sinn fyrsta fund. „Við erum að vinna að útfærslu á þessum tillögum og hugsanlegum breytingum,“ segir Gísli Marteinn Baldursson, formaður umhverfis- og samgönguráðs Reykjavíkur.

Hópinn skipa fulltrúar íbúasamtaka og hverfaráða auk fulltrúa úr skipulagsráði og umhverfis- og samgönguráði.

„Við erum að reyna að finna útfærslu sem mest samstaða næst um. Við stefnum enn að því að hópurinn ljúki störfum í haust þannig að við höldum áætlun með að þetta geti farið í deiliskipulagsferli á þessu ári.“ - ovd

Mótmæli vegna Ólympíuleika:

# Mótmæla við sendiráð Kína

**MÓTMÆLI** **Félagar í Hugarafli boða til þögulla mótmæla við sendiráð Kína við Víðimel klukkan 13 á morgun, föstudag. Þar verður afstöðu kínverskra stjórnvalda mótmælt, segir Þórdís Guðmundsdóttir, félagi í Hugarafli.**

**Kínversk stjórnvöld hafa bannað fólki með geðraskanir að sækja Ólympíuleikana í Peking. Þessu munu félagar í Hugarafli og aðrir mótmæla.**

**Hugarafl eru samtök fólks sem átt hefur við geðræna erfiðleika að stríða.** - bj

ÍSLAGNIR

Löggildir rafverktakar

Rafmagnsvandamál
Talaðu þá við okkur

Uppl. síma
8604507 / 8494007
islagnir@islagnir.is
www.islagnir.is





**SIGRI FAGNAÐ** Bandaríski ökuþórinn Carl Edwards fagnar með heljarstökki ofan af bíl sínum eftir sigur í Pennsylvania 500-kappakstrinum í NASCAR-mótaröðinni vestra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Miltisbrandsfárið 2001:

## Sönnunargögn lögð fram í gær

**BANDARÍKIN, AP** Bandaríska alríkislögreglan kynnti í gær þau sönnunargögn, sem aflað hefur verið gegn Bruce E. Ivins, bandarískum vísindamanni sem talinn er hafa staðið að miltisbrandsárásum haustið 2001.

Ivins framdi sjálfsvíg í síðustu viku, aðeins fáeinum dögum áður en leggja átti fram ákærur á hendur honum. Hann var 62 ára og hafði starfað í 18 ár hjá rannsóknastöð Bandaríkjahers í Fort Dedrick í Maryland, þar sem unnið var að rannsóknum á lífefnahernaði.

Árásirnar kostuðu fimm manns lífið, lömuðu póstdreifingarkerfi Bandaríkjanna og ollu miklu uppnámi haustið 2001, skömmu eftir árásir hryðjuverkamanna á New York og Washington.

- gb

# Gífurlegar afleiðingar hlýnunar á Íslandi

**Jöklar munu minnka og sjávarborð hækka samkvæmt nýrri skýrslu um loftslagsbreytingar. Langjökull mun rýrna mest og gæti horfið. Niðurstöður skjóta styrkari stoðum undir starf stjórnvalda, segir umhverfisráðherra.**

**UMHVERFISMÁL** Loftslagsbreytingar munu hafa veruleg áhrif á náttúrufar hér á landi strax á næstu árum og áratugum, að því er fram kemur í nýrri skýrslu um loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi. Skýrslan var unnin af vísindanefnd sem umhverfisráðherra skipaði.

Hitastig á Íslandi mun að líkindum hækka um rúmar 0,2 gráður á áratug næstu áratugi. Afleiðingar þessarar hlýnunar verða miklar á Íslandi. Allir jöklar munu líklega hopa mjög ört á þessari öld og Langjökull verður með öllu horfinn um miðja næstu öld, haldi fram sem horfir. Vatnajökull og Hofsjökull munu einnig hörfa upp á hæstu tinda sína.

Talið er að sjávarborð geti hækkað um 0,2 til 0,6 metra á þessari öld. Í skýrslunni er þó tekið fram að óvissa sé um það mat og ekki sé hægt að útiloka enn meiri hækkun. Hærra sjávarborð mun auka líkurnar á sjávarflóðum og kemur fram í mati nefndarinnar að mikilvægt sé að fylgst sé vel með landsigi og sjávarstöðu. Jafnframt er búist við að úrkoma aukist og samfara því gætu flóð orðið fleiri og víðar á landinu.

Flóra fugla og fiska mun breytast með hlýnuninni. Samkvæmt spám mun vera orðið of hlýtt fyrir nokkrar norrænar fuglategundir strax í lok aldarinnar. Þá er talið að botnfiskum muni fjölga og norrænum fisktegundum muni fækka.



**NIÐURSTÖÐUR KYNNTAR** Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra og Halldór Björnsson formaður vísindanefndarinnar. Ellefu vísindamenn unnu að gerð skýrslunnar, en niðurstöður hennar gefa sterkt til kynna að hlýnun jarðar muni hafa mikil áhrif hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hlýnunin mun að líkindum hafa góð áhrif á landbúnað og gróðurfar og er áhrifa hennar strax farið að gæta.

„Hin beinu áhrif af hlýnuninni, allavega fyrst um sinn, er nokkuð sem við ráðum mjög vel við,“ segir Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra. Hún segir niðurstöður skýrslunnar skjóta styrkari stoðum undir starf stjórnmála í loftslagsmálum. „Hún sýnir að loftslagsbreytinga gætir hér eins og annars staðar í heiminum.“ Íslendingar séu þó vel í stakk búnir til að takast á við vandann „og aðlagast þeim breytingum sem við sjáum fram á á næstu árum og áratugum. Öll vinna og aðgerðir sem við munum þurfa að grípa til verða að byggja á vísindalegu mati. Hér höfum við það mat og það er mjög mikilvægur þáttur í starfi stjórnvalda í loftslagsmálum.“

thorunn@frettabladid.is



**SNÆFELLSJÖKULL** Snjórinn á jöklinum hefur minnkað til muna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Snæfellsjökull minnkar:

## Aldrei minni snjór á jöklinum

**UMHVERFISMÁL** Snæfellsjökull þykir aldrei hafa verið eins snjólítill og hann er nú. Frá þessu er sagt á Skessuhorni.is.

Fyrirtækið Snjófell, sem hefur boðið upp á snjósleðaferðir upp á jökulinn, hefur ákveðið að hætta ferðum vegna þess hversu lítill snjórinn er. Sverrir Hermannsson sem rekur Snjófell segir það vera meðal annars vegna þess að hættulegar sprungur séu margar og því varasamt að vera á ferðinni.

- þeb

Verkamenn í Japan:

## Fimm soguðust niður í holræsi

**JAPAN, AP Fimm verkamenn í Tókýó soguðust niður í holræsisbrunn þegar skólpvatnið hækkaði skyndilega vegna úrhellis fyrr í vikunni.**

**Einn mannanna fannst meðvitundarlaus í fljóti í um þriggja kílómetra fjarlægð frá brunninum. Hann lést stuttu síðar á sjúkrahúsi en fjögurra félaga hans var enn leitað.**

**Sjötti verkamaðurinn gat með naumindum bjargað sér upp úr brunninum þar sem þeir höfðu unnið að viðgerðum.**

**Þrumuveður með miklu úrhelli reið skyndilega yfir á þriðjudag í Tókýó og nágrenni og spáð var frekari úrkomu og flóðum.** - gb





SUBARU
SUBARU
GERIR BETUR
TAKMARKAÐUR
FJÖLDI BÍLA
SYMMETRICAL
AWD
SINCE
1972
SÉRSTAÐA SUBARU
Subaru er með AWD sídrif – alltaf með drif á öllum hjólum. Þetta gerir hann góðan í snjó og á erfiðum vegum en þýðir líka að hann lætur frábærlega að stjórn í venjulegum akstri. Boxer vélin er hönnunarafrek út af fyrir sig. Hún liggur lárétt í vélarrúminu og er því með lágan þyngdarpunkt sem eykur jafnvægi bílsins og margfaldar eiginleika AMD-sídrifsins.
IH
INGVAR HELGASON
Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940 - Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521

# SUBARU GE

## KYNNTU ÞÉR **ÓTRÚLEGT VERÐ** Á NÝJUM SUBARU

Margir velja SUBARU vegna þess að hann bilar svo sjaldan. Enn fleiri velja SUBARU vegna þess að hann er fjórhjóladrifinn, öruggur, með ríkulegan staðalbúnað og á hagstæðu verði en flestir velja SUBARU vegna alls þessa og þeirrar staðreyndar að SUBARU er góður í endursölu. Við bjóðum nú takmarkað magn af SUBARU bílum á sérstökum kjörum. SUBARU GERIR BETUR!

**HAFÐU SAMBAND VIÐ SÖLUMANN Í SÍMA 525 8000**




### Subaru Legacy

Subaru Legacy er sérlega vel búinn og flottur bíll á hreint ótrúlegu verði. Legacy er fjórhjóladrifinn og hlaðinn búnaði sem gerir hann að langbestu kaupunum í sínum flokki. Gerðu samanburð – það borgar sig.




### Subaru Impreza

Fjórhjóladrifinn Subaru Impreza er einn hagkvæmasti bíll sem völ er á. Hann er hlaðinn búnaði en á svipuðu verði og hefðbundnir bílar sömu stærðar. Ef þú velur Subaru Impreza færðu fjórhjóladrifið í kaupbæti.

ENNEMM / SÍA / NM34880



### SUBARU BOXER

Lárétta Subaru BOXER vélin er einstök í hönnun. Strokkarnir liggja sitthvorum megin við sveifarásinn og á milli þeirra er þráðbein lína sem minnkar titring og tryggir hnökralausa hraðaaukningu. BOXER vélin situr ennfremur lægra í vélarrúminu en gengur og gerist, sem lækkar þyngdarpunkt bifreiðarinnar og eykur stöðugleikann til muna.

Ingvar Helgason Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940 - Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521


SUBARU
ERIR BETUR
RKAÐUR
ÐI BÍLA
FRÍTT Í STÆÐI
JUSTY
Subaru Justy
Justy fékk í vor umhverfisvæna stimpilinn sem gerir eigandanum kleift að leggja frítt í stæði í miðbænum á höfuðborgarsvæðinu. Hann er lítill og nettur og mengar lítið. Framhjóladrifinn Subaru Justy er einn af fullkomnu borgarbílunum.
SYMMETRICAL AWD SINCE 1972
SÉRSTAÐA SUBARU
Subaru er með AWD sídrif – alltaf með drif á öllum hjólum. Þetta gerir hann góðan í snjó og á erfiðum vegum en þýðir líka að hann lætur frábærlega að stjórn í venjulegum akstri. Boxer vélin er hönnunarafrek út af fyrir sig. Hún liggur lárétt í vélarrúminu og er því með lágan þyngdarpunkt sem eykur jafnvægi bílsins og margfaldar eiginleika AMD-sídrifsins.
IH
INGVAR HELGASON

## „ORÐRÉTT“

### Auðvitað ekki

**„Ég veit auðvitað ekki hvað honum gekk til.“**

PÁLL HERSTEINSSON SPENDÝRAFRÆÐINGUR GETUR EKKI LESIÐ HUGSANIR DAUÐS ROSTUNGS Í ÓFEIGSFIRÐI.

**Fréttablaðið 6. ágúst**

### Fljúgandi ofurmenni

**„Þá vissi ég náttúrlega ekki að Magnús kæmi fljúgandi til mín eins og engill.“**

HANNES RAGNARSSON Á SKOÐUNARMANNINUM MAGNÚSI ÞÓR ÓSKARSSYNI LÍF AÐ LAUNA. HANN BLÉS Í HANN LÍFINU EFTIR SLYS.

**Fréttablaðið 6. ágúst.**

**tilveran**
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** JÓNAS MARGEIR INGÓLFSSON LAGANEMI

# *Starfar í banka og lærir að fljúga*



„Það bara gæti vart verið betra,“ segir Jónas Margeir Ingólfsson laganemi, spurður um hvað sé að frétta af honum. „Ég er að fara á annað ár í lögfræði við Háskóla Íslands. Ég starfa samhliða því í vetur við alþjóðamarkaðssetningu Landsbankans.“

„Ég hef nóg að gera núna. Í sumar hef ég verið að læra einkaflugmanninn. Ég er að fara í fyrsta sólóflugið mitt í kvöld. Við vonum bara að ég verði lifandi til að sjá þetta viðtal í blaðinu á morgun,“ segir hann og hlær. Námið kostar skildinginn, 1,2 milljónir, en Jónas segir það þess virði. Hann segist þó varla stefna á atvinnu í flugmennsku.

Jónas ætlar að taka sér sumarfrí í næstu viku og keyra hringinn í kringum Ísland. „Ég fór mikið til útlanda síðasta sumar. Mig langar til að skoða landið okkar, eitthvað sem maður gerir ekki nóg af.“ Hann hyggst þó ferðast til Japans í október þar sem félagi hans Bolli Thoroddsen er við MBA-nám.

Verslunarmannahelgin var með óhefðbundnu móti hjá Jónasi. „Ég ákvað, ólíkt eiginlega öllum Íslendingum, að reyna að hafa helgina eins heilsusamlega og ég gat. Ég hljóp tæpa tíu kílómetra á dag. Ætli Íslendingar séu ekki búnir að losna við þynnkuna eftir djammið, en mér er enn þá illt í hnjánum,“ segir hann. „Maður er í eilífðarátaki og baráttu við ístruna eins og flestir Íslendingar.“

## KÍNA:
### UPPRUNI FÓTBOLTANS



■ Ólympíuleikarnir í Peking í Kína hefjast í vikunni, en þar hafa margar tegundir íþrótta blómstrað í gegnum tíðina. Margir telja til að mynda fótbolta eiga uppruna sinn í Kína í kringum árið þúsund eftir Krist. Fornar íþróttagreinar eru meðal annars keppni milli drekabáta á Duan Wu hátíðinni og glíma og veðreiðar eru vinsælar í Mongólíu. Kínverjar telja mjög mikilvægt að vera í góðu formi og eldra fólk að iðka Tai Chi og quigong er algeng sjón í almenningsgörðum.

**Heimild: Wikipedia**

Áhugaljósmyndari tók mynd af Range Rover sem hent hafði verið í ruslagám:

# Heillegum bíl hent í ruslið

Athugull áhugaljósmyndari, Stefán Þóroddsson, trillukarl frá Kópaskeri, tók mynd af Range Rover-jeppa sem hent hafði verið í ruslið. Stefán var á leið til Húsavíkur þegar hann tók eftir þessu og gámurinn kom honum spánskt fyrir sjónir.

„Ég var að keyra og sá þetta og hélt bara leið minni áfram en sneri svo við til að taka mynd af þessu,“ segir Stefán. Gámurinn er í Kelduhverfinu, sem liggur inn af botni Öxarfjarðar á Norðausturlandi.

Bíllinn var lítið skemmdur að sögn Stefáns en húddið var örlítið krumpað. Hins vegar voru allar rúður heillegar á bílnum. „Þetta var ekkert illa farinn bíll en samt greinilega bíll sem hefur lokið sínu ævistarfi,“ segir Stefán sem ekki hafði hug á því að taka sér þennan bíl sjálfur til eignar.

Stefán hefur lengi haft áhuga á ljósmyndun og hefur myndavélina meðferðis hvert sem hann fer. „Mér fannst þetta bara svo fáránleg uppstilling því það er hægt að sjá svo margar skemmtilegar hugleiðingar varðandi þetta,“ segir Stefán sem segist hafa náð ágætis ljósmyndum á ferli sínum, enda tekur hann vélina alltaf með á sjóinn þar sem margt er að sjá fyrir glöggt ljósmyndaauga. **- vsp**



**RANGE ROVER Í RUSLAGÁMI** Einhver hefur ekki getað selt bílinn sem notaðan og ákveðið að henda honum bara. MYND/STEFÁN



**ÍSLENSKU KEPPENDURNIR** Fjölmargir voru með myndavélina á lofti til að skrásetja athöfnina þegar íslensku keppendurnir voru boðnir velkomnir í Ólympíuþorpið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Einn dagur í veisluna miklu

**Það er aðeins einn dagur þar til Ólympíuleikarnir hefjast í Peking. Íslenski hópurinn var formlega boðinn velkominn í Ólympíuþorpið í blíðviðri í gær.**

Það er aðeins einn dagur í að Ólympíuleikarnir hefjist hér í Peking en opnunarhátíðin fer fram klukkan 20.08 að staðartíma. Það var ekki laust við að fiðringur væri kominn í íslensku Ólympíufarana í gær þegar Fréttablaðið hitti á hópinn.



**ANDRI STEFÁNSSON**

„Það verða flest allir með á opnunarhátíðinni. Frjálsíþróttafólkið er fjarri góðu gamni enda ekki komið til landsins. Ragna stefnir á að mæta þó svo hún keppi morguninn eftir. Jakob keppir einnig á laugardaginn og það er ekki enn útséð með hvort hann gengur inn á leikvanginn,“ sagði Andri Stefánsson, aðalfararstjóri ÍSÍ, við Fréttablaðið í Peking í gær.

Það var smá upphitun fyrir stóra kvöldið sem er fram undan í gær þegar íslenski hópurinn var boðinn formlega velkominn í Ólympíuþorpið. Var það lítil en virðuleg athöfn en á sama tíma voru fjórar aðrar þjóðir boðnar velkomnar á svæðið.

„Það er allt tilbúið og rúmlega það fyrir frábæra leika,“ sagði Andri en hann hefur staðið í ströngu síðustu vikur og mánuði.

„Aðbúnaðurinn er svipaður og síðast en samt betri. Þeir vita hvað þarf að gera og ganga skrefinu lengra. Ólympíuþorpið er skemmtilegra og styttra á milli staða þannig að menn þurfa ekki að ferðast í strætisvögnum,“ sagði Andri en hvað segir hann um öryggisgæsluna?

„Mér finnst öryggisgæslan einfaldari í sniðum og ekki síðri en síðast. Það er þess utan mikil öryggisgæsla úti um alla borg og allir tiltölulega rólegir. Það eru engin stór vandamál hjá okkur og öll mál hafa verið leyst farsællega.“



HENRY BIRGIR GUNNARSSON
Skrifar frá Peking
henry@frettabladid.is

## ÍSLAND Í ÞJÓÐLEGUM HENSON-FATNAÐI

Fatnaður íslensku keppendanna í Peking kemur frá Henson að þessu sinni og er óhætt að segja að íslensku einkennisbúningarnir séu skrautlegri og þjóðlegri en oft áður en mörgum hefur oft fundist að nota mætti fánalitina meira en raunin hefur verið á síðustu leikum og hefur Henson nú bætt úr því.

Handboltalandsliðið mun engu að síður keppa í sínum hefðbundnu Kempa-búningum en verða í Henson-utanyfirgöllum.

Fatnaður íslensku keppendanna á opnunarhátíðinni er aftur á móti hannaður af Kristínu Halldórsdóttur fatahönnuði en hún hefur þrisvar áður hannað fatnað á íslenska Ólympíufara.



## Þorgerður komin til Kína

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, íþrótta- og menntamálaráðherra, var mætt til þess að fylgjast með Ólympíuhópi Íslands í gær er hann var boðinn velkominn í Ólympíuþorpið.

Eiginmaður Þorgerðar, Kristján Arason, er einnig með í för en Kristján er þess utan formaður landsliðsnefndar HSÍ og hefur því einnig skyldum að gegna.

Ólafur Rafnsson, forseti ÍSÍ, er einnig á svæðinu og þau verða öll viðstödd opnunarhátíð Ólympíuleikanna annað kvöld.

HLUTHAFAFUNDUR TEYMIS HF.
14. ágúst 2008

Stjórn Teymis hf. boðar til hluthafafundar félagsins fimmtudaginn 14. ágúst 2008 kl. 9:00 á skrifstofu félagsins að Suðurlandsbraut 18, Reykjavík.

Á dagskrá fundarins verða eftirfarandi mál;

1. Tillaga um að stjórn félagsins verði falið að óska eftir afskráningu hlutabréfa félagsins úr kauphöllinni OMX Nordic Exchange á Íslandi.
2. Tillaga um að stjórn félagsins verði falið að kaupa hluti þeirra hluthafa í félaginu er þess óska. Greitt verði fyrir hlutina með hlutum í Alfesca hf. Tilboðið standi frá kl. 9:00 föstudaginn 15. ágúst 2008 til kl. 16.00 föstudaginn 29. ágúst 2008. Gengi hlutabréfa í Teymi hf. við kaupin skal vera kr. 1,90 fyrir hvern hlut. Gengi hlutabréfa í Alfesca hf. skal vera kr. 6,96 fyrir hvern hlut. Þannig fær hver hluthafi er tekur tilboðinu 0,2729885 hluti í Alfesca hf. fyrir hvern hlut í Teymi hf.
3. Tillaga um að stjórn félagsins verði heimilað í tengslum við framangreind kaup á hlutabréfum í Teymi hf. að kaupa allt að 22% eigin hluta fyrir kr. 1,90 hvern hlut, þrátt fyrir ákvæði 2.02 í samþykktum félagsins. Heimildin skal gilda til og með 30. september 2008. Verði eigin hlutir í eigu félagsins umfram 10% af hlutafénu eftir viðskiptin skal stjórn félagsins lækka hlutafé félagsins, í samræmi við ákvæði laga um hlutafélög, þannig að eigin hlutir eftir slíka hlutafjárlækkun verði ekki umfram 10% af hlutafénu.
4. Tillaga um að stjórn félagsins verði heimilað, í því skyni að mæta framangreindum kaupum á hlutum í Teymi hf. að kaupa allt að 212.000.000 hluti í Alfesca hf. fyrir kr. 6,96 hvern hlut og greiða fyrir með lántöku.
5. Önnur mál löglega fram borin.

Fundargögn, þ.m.t. tillögur stjórnar ásamt greinargerð, liggja frammi á skrifstofu Teymis hf. frá og með fimmtudeginum 7. ágúst 2008. Gögnin eru ennfremur aðgengileg á heimasíðu félagsins, www.teymi.is. Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhentir á fundarstað frá kl. 8:00.

TEYMI

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# FERSKUR KJÚKLINGUR



40% AFSLÁTTUR

40% AFSLÁTTUR

Ferskar Holta kjúklingabringur **1679 kr./kg.**



40% AFSLÁTTUR

Holta ferskir blandaðir kjúklingabitar **359 kr./kg.**



40% AFSLÁTTUR

Holta ferskir skornir kjúklingavængir **299 kr./kg.**

# ÍSLENSKT LAMBAKJÖT





988

KS frosið lambalæri **988 kr./kg.**



50% AFSLÁTTUR

KS frosin lambasvið
**199 kr./kg.** MERKT VERÐ 398 KR./KG.



30% AFSLÁTTUR

KS frosinn lambabógur
**489 kr./kg.** MERKT VERÐ 698 KR./KG.



50% AFSLÁTTUR

SS frosin lambalifur
**154 kr./kg.** MERKT VERÐ 308 KR./KG.



40% AFSLÁTTUR

SS folaldasaltkjöt m/beini
**449 kr./kg.** MERKT VERÐ 749 KR./KG.



40% AFSLÁTTUR

Búrfells sparnaðarskinka 10 sneiðar
**138 kr.** MERKT VERÐ 230 KR.



198

Myllu speltbrauð
**500 gr 198 kr.**



98

Toppur
Sítrónu/Ávaxta
**2 ltr 98 kr**

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00-18.30

# TSALA ÚTSALA ÚTSALA

# HÚSASMIÐJ



**50%** afsláttur
**af öllum** barnaljósum



**30%** afsláttur
**af öllum** ljósum



**20%** afsláttur
**af öllum** smáraftækjum




**30%** afsláttur
**af allri** viðarvörn



**25%** afsláttur
**af öllum** garðhúsgögnum



**30%** afsláttur
**af öllum** útivistarfatnaði



**25-80%** afsláttur
**af öllum** flísum



**30%** afsláttur
**af öllum** búsáhöldum

**Útsölublaðið er komið út**




*Útsöluafsláttur gildir ekki af öðrum tilboðum eða stjörnumerktum vörum. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

# ...A ÚTSALAN HEFST Í DAG

# ...AN ÚTSALA



29.990 ~~38.990~~

**Hunter Classic**
11,8 Kw, grillflötur 60x40 sm,
þrír ryðfríir brennarar
3000237

## NÝ MÁLNING

Sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Ný endurbætt utanhússmálning frá Húsasmiðjunni á steinsteypta fleti, sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður með gott veðrunarþol.




1.999 ~~3.995~~

3 ltr
7207020-6

3.999 ~~8.995~~

10 ltr
7207040-6

**Electrolux**

**Toppvél á góðu verði. Nýting A.A.A.**



**Uppþvottavél ESF 65022W**
Hljóðlát 45 db,
5 þvottakerfi,
tekur borðbúnað
fyrir 12 manns
1805331

72.990 ~~84.990~~

3 ÁRA ÁBYRGÐ

## Skjólveggir

á frábæru verði



6.990

**Skandik**
180 x 180 sm
603205



**Orf, Texas**
Tvígengismótor,
30CC , 40 sm
sláttubreidd,
2 línur, bogið
skaft.
5085588

9.999 ~~14.999~~



**Sláttuvél, Texas**
4,75 Hp, 50 sm
sláttubreidd,
55 ltr safnari,
hæðarstillingar, **drif**.
5085227

27.995 ~~35.995~~

Án drifs
**24.995**




**15 ára ábyrgð**

Hnotulíki
146950

1.195 kr/m²

Eikarlíki
146951

**Plastparket**
**Euro Click**, 3ja stafa,
borðastærð: 7 x 192 x 1,292 mm,
Just Click krækja - ekkert lím

**Garðbekkur**
Clare, 3 sæta
3899146

FSC



9.590 ~~13.990~~

# Við berjum niður verðið!

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Vinstri eða hægri pólitík?

## Siðræn gildi

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Eftir þeim lögum sem í gildi eru um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald er hvorki heimilt að bjóða upp á nektarsýningar né með öðrum hætti að gera út á nekt starfsmanna eða annarra sem á staðnum eru. Frá þessari aðalreglu má þó gera undantekningar. Þar koma lögreglustjórar ásamt öðrum við sögu.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu hefur nú nýlega gefið út jákvæða umsögn um slíka undanþágu. Áður hafði lögreglustjórinn veitt neikvæða umsögn. Dómsmálaráðherra þótti sú niðurstaða ekki byggja á formlega gildum rökstuðningi og felldi hana því úr gildi.

Pólitísk umræða um þetta álitaefni hefur verið af fremur skornum skammti. Oddviti Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í borgarstjórn Reykjavíkur hefur þó haft uppi nokkur andmæli. Allrar athygli er vert að mótspyrna gagnvart atvinnustarfsemi af þessu tagi kemur nú helst frá þeim sem standa lengst til vinstri í pólitík.

Sú var tíð að hægri vængur stjórnmálanna hafði þá ímynd að standa eindregnast vörð um almennt siðgæði og siðræn gildi í samfélaginu. Þá var þess fremur að vænta að höggvið væri í múra borgaralegra dyggða og kristins siðgæðis frá vinstri. Þessar markalínur virðast ekki jafn skýrar og áður.

Forystumenn sjálfstæðismanna í Reykjavík hafa verið óhræddir við að gera hosur sínar grænar fyrir Vinstri grænu á sviðum orkunýtingar og skipulagsmála. Um þær hosur má deila. En vel færi á því að þessi pólitísku öfl legðu skipum sínum saman til þess að takast á við viðfangsefni af því tagi sem lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu fékk að glíma við upp á nýtt.

Ýmsir kunna að líta svo á að spurningar sem lúta að svo ómerkilegum hlutum eins og að veita undanþágu frá almennum reglum um bann við nektarsýningum sé tæknilegt úrlausnarefni utan við verkahring stjórnmálamanna. Það má vera. En hugmyndafræðin að baki lagareglunni er pólitískt viðfangsefni.

Almennt viðurkennd siðræn gildi eru forsenda lagareglna. Reynsla grannþjóðanna sýnir að tilslakanir á lagareglum á þessu sviði vegna minni almennrar umhugusunar um siðferðileg efni á liðnum áratugum hafa leitt af sér vaxandi vandamál. Þau eru ef til vill ekki öll ný af nálinni í sögulegu samhengi en hafa komið fram í nýrri og alvarlegri mynd en fyrr.

Með öðrum orðum hefur verið bent á að vændi og mansal þrífst víða í skjóli nektardansstaða ásamt ýmiss konar annarri afbrotastarfsemi. Ekkert verður sagt um að það eigi við í því einstaka máli sem lögreglustjórinn fékk til umsagnar. En þetta er almenn reynsla margra þjóða. Þeir almannahagsmunir sem um er að tefla eiga að réttu lagi að hafa nokkurt vægi við mat á hvers kyns lagareglur eru settar á þessu sviði sem öðrum.

Fjórir þingmenn Vinstri græns fluttu frumvarp á Alþingi á liðnum vetri um að afnema þá undanþágu í veitingastaðalöggjöfinni sem hér er gerð að umtalsefni. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að ætlan þeirra sé meðal annars að efla almenna siðgæðisvitund og meðvitund um siðræn gildi í samfélaginu.

Alþingi kemur saman í haust til þess að fjalla um brýn óafgreidd mál. Rétt er að mæla með því að þetta frumvarp verði þar á forgangslista. Þeir sem á móti kunna að vera þurfa að skýra þá siðferðilegu afstöðu sem að baki því býr.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Árni í eldlínunni

Það kemur mörgum spánskt fyrir sjónir, og er síst til að styrkja tiltrú manna á ríkisstjórnina, að risinn sé ágreiningur á milli fjármálaráðherra annars vegar, og formanns og varaformanns fjárlaganefndar hins vegar. Deilt er um hvort sveitarfélögin eigi rétt á hlut í fjármagnstekjuskatti, og það ekki í fyrsta sinn. Árni er á móti - forysta fjárlaganefndar með. Formaðurinn Gunnar Svavarsson og varaformaðurinn Kristján Þór Júlíusson, samflokksmaður Árna, hafa enda æði sterk tengsl við sveitarstjórnir. Gunnar er bæjarfulltrúi í Hafnarfirði og Kristján var bæjarstjóri á Akureyri í átta ár, og þar áður á Dalvík og Ísafirði.



### Hvað segir Bjarni?

Og Árni deilir einnig um álögur á olíuverð við forstjóra N1. Árni segir álögur olíufélaganna of háar og að ríkið beri skarðan hlut frá borði. Þessu vísar forstjóri N1 á bug og segir fjármálaráðherrann kasta steinum úr glerhúsi. Það væri fróðlegt að vita hvað annar samflokksmaður Árna, þingmaðurinn Bjarni Benediktsson, hefur um málið að segja. Bjarni er, jú, stjórnarformaður N1 og á stóran hlut í félaginu.



### Enn beðið eftir umba

Þá er skemmst að minnast þess þegar Árni deildi við umboðsmann Alþingis, og sakaði hann um að hafa myndað sér skoðun fyrirfram á ráðningu Þorsteins Davíðssonar í embætti héraðsdómara. Hafi umboðsmaður myndað sér skoðun fyrirfram dylur hann það vel, því álits er enn beðið eftir ríflega fjögurra mánaða yfirlegu. Hugsanlega verður fljótlega framhald á vandræðum Árna.

stigur@frettabladid.is

# Lokun Þjóðhagsstofnunar



ÞORVALDUR GYLFASON

**Í DAG** | Veik hagstjórn

Efnahagsvandinn nú er að miklu leyti heimatilbúinn, þótt upphafið megi rekja til erfiðleika á erlendum fjármálamörkuðum. Ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks 1995-2007 ber þunga ábyrgð. Hún gróf undan góðri hagstjórn og lét ítrekaðar viðvaranir um óheyrilega skuldasöfnun og aðsteðjandi gengisfall sem vind um eyru þjóta. Hún gróf undan góðri hagstjórn með því að tvístra og loka Þjóðhagsstofnun og veikja jafnframt Seðlabankann með því að setja öðru sinni óhæfan mann úr eigin röðum yfir bankann.

Tökum Þjóðhagsstofnun fyrst. Hún vann gott og gagnlegt starf um langt árabil undir hverri forustu Jóns Sigurðssonar, Þórðar Friðjónssonar og Friðriks Más Baldurssonar. Stofnunin hafði á að skipa harðsnúinni sveit hagfræðinga og annarra, sem lögðu stjórnvöldum og stjórnarandstöðu til rækilegar upplýsingar um ástand og horfur í efnahagsmálum og gáfu góð ráð, þegar eftir þeim var leitað. Þegar hagstjórnarárangur undangenginna ára, verðbólga, atvinnutjón og yfirvofandi eignamissir blasa nú við augum landsmanna, hlýtur sú spurning að vakna, hvers vegna ríkisstjórnin kaus að loka helztu efnahagsstofnun ríkisins. Til þeirrar ákvörðunar lágu þrjár höfuðástæður, allar misráðnar.

**Sjálfstæð ráðgjöf**

Í fyrsta lagi virtist Þjóðhagsstofnun síðustu árin trufla ráðríka stjórnmálamenn og embættismenn, því að hún fór þá sínar eigin leiðir og lét ekki segja sér fyrir verkum. Einmitt þannig eiga ráðgjafarstofnanir að vera. Þjóðhagsstofnun var ekki ætlað að vera jábræðraband. Nú er mikill hluti skýrslugerðar um gang efnahagsmála í höndum Hagstofu Íslands og fjármálaráðuneytisins. Pólitísk fjármálaráðuneyti getur ekki notið trausts til jafns við sjálfstæða ráðgjafarstofnun, þótt hún heyri að forminu til undir forsætisráðuneytið. Stjórnmálaflokkar, aðrir en þeir, sem hafa fjármálaráðuneytið á sinni könnu, eiga ekki gott með að leita þangað eftir upplýsingum og ráðgjöf. Sama á við um verkalýðsfélög, vinnuveitendur og önnur samtök. Þjóðhagsstofnun veitti heilbrigt aðhald að hagstjórninni. Þess vegna var henni lokað.

Í annan stað var sagt, að greiningardeildum viðskiptabankanna hefði vaxið svo fiskur um hrygg, að þær gætu að einhverju marki leyst Þjóðhagsstofnun af hólmi. Þessi skoðun er varhugaverð vegna þess, að höfuðhlutverk greiningardeildanna er að flytja góðar fréttir af afkomu bankanna og og verðbréfaviðskiptum til hagsbóta fyrir hluthafa. Hlutverk greiningardeildanna stangast á við hlutverk Þjóðhagsstofnunar, sem var að flytja réttar fréttir af þjóðarbúskapnum, góðar eða slæmar eftir atvikum, og leggja út af þeim. Stjórnmálastéttin hefði trúlega áttað sig fyrr á eðli og umfangi efnahagsvandans nú, ef Þjóðhagsstofnunar hefði notið við og síbylja gleðifrétta greiningardeildanna hefði ekki ruglað grunlausa stjórnmálamenn og aðra í ríminu.

Í þriðja lagi var því haldið fram, að Hagfræðistofnun Háskóla Íslands gæti sinnt hluta þeirra verkefna, sem Þjóðhagsstofnun hafði með höndum. Háskólastofnanir mega gjarnan eiga gott samstarf við stjórnvöld, en þær mega ekki ganga erinda þeirra eða annarra, því að fólkið í landinu þarf að geta treyst því, að háskólar séu hafnir yfir ágreining milli stjórnmálaflokka og hagsmunahópa. Einstakir háskólamenn mega vitaskuld lýsa skoðunum sínum opinberlega á eigin ábyrgð, ég er að því núna, en háskólarnir sjálfir og stofnanir þeirra mega það helzt ekki, nema mikið liggi við. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur á liðnum árum gert ýmislegt gagn, en hún hefur einnig birt skýrslur, sem báru þess skýr merki, að þeim virtist ætlað að þóknast stjórnvöldum eða öðrum verkbeiðendum.

**Rangar forsendur**

Lokun Þjóðhagsstofnunar var reist á röngum forsendum. Ríkisstjórnin skynjaði ekki hættuna, sem stafaði af stríðu innstreymi erlends fjár til landsins. Seðlabankinn gerði illt verra með því að lækka bindiskyldu bankanna að ósk þeirra eins og aðalhagfræðingur Seðlabankans lýsti á opnum fundi í Háskóla Íslands 2. júní síðastliðinn. Seðlabankinn viðurkenndi ekki heldur fyrr en eftir dúk og disk, að gengi krónunnar væri of hátt skráð og þyrfti því að falla. Hefði Þjóðhagsstofnun verið að störfum, hefði hún ásamt öðrum getað bent á nauðsyn þess að beita bindiskyldunni ásamt stýrivöxtum til að halda útlánaþenslu bankanna í skefjum og reka ríkisbúskapinn með myndarlegum afgangi í uppsveiflunni. Þá hefði Seðlabankinn ekki þurft að hækka stýrivextina upp úr öllu valdi og stefna eignum og atvinnu fjölda fólks í voða. Aðhalds að hagstjórninni af hálfu Þjóðhagsstofnunar var þörf, úr því að stjórnmálamenn hafa heljartök á Seðlabankanum og ráðgjöf hennar fæst ekki annars staðar. Þess vegna var rödd hennar kæfð. Hún þarf að heyrast aftur.

# Lögbundin stjórnsýsla og nektardans

**UMRÆÐAN**

Björn Bjarnason



BJÖRN BJARNASON

Svandís Svavarsdóttir, borgarfulltrúi Vintri grænna, lætur að því liggja í grein í Fréttablaðinu 6. ágúst, að það hafi ráðist af geðþótta mínum og þvingunum gagnvart lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, að dóms- og kirkjumálaráðuneytið komst að þeirri rökstuddu niðurstöðu hinn 15. maí sl., að umsagnir embættis lögreglustjórans um rekstrarleyfi vegna veitingastaðarins Goldfingers í Kópavogi væru haldnar þeim efnisannmörkum að ógilda bæri ákvörðun sýslumannsins í Kópavogi frá október 2007 um rekstrarleyfið og sýslumanni bæri að leita eftir nýrri umsögn lögreglustjórans áður en hann tæki veitingu umræddsleyfis til meðferðar á ný.

Úrskurð ráðuneytisins um þetta efni má lesa á vefsíðu þess, en þar var hann birtur með fréttatilkynningu 23. maí, 2008. Ráðuneytið tók málið til úrskurðar á grundvelli stjórnsýslukæru frá lögmanni Goldfingers. Að kenna málsmeðferð ráðuneytisins og niðurstöðu þess við þvingun á lögreglustjórann, lýsir bæði vanþekkingu og óvild.

Samkvæmt lögunum skal sá, sem veitir leyfi til að reka veitingastað, í þessu tilviki sýslumaðurinn í Kópavogi, leita umsagna sveitarstjórnar, heilbrigðisnefndar, slökkviliðs, vinnueftirlits, byggingarfulltrúa og lögreglu sem m.a. kveður á um nauðsyn til dyravörslu.

Óheimilt er að gefa út rekstrarleyfi ef einhver framangreindra aðila leggst gegn útgáfu leyfisins og skal rekstrarleyfi jafnframt bundið þeim skilyrðum sem fram kunna að koma í umsögnunum.

Ef banna ber veitingastöðum alfarið að bjóða gestum sínum nektardans, þarf að taka af skarið um slíkt bann í lögum. Það hefur ekki verið gert. Núgildandi lög um þetta efni voru sett vorið 2007. Af umræðum um lagafrumvarpið má ráða að þingmenn gerðu sér vel ljóst að í lögunum segði, að sá, sem veitti rekstrarleyfi gæti heimilað að fram færi nektardans í atvinnuskyni á veitingastað, að fengnum jákvæðum umsögnum umsagnaraðila. Á slíkum stöðum væri sýnendum hins vegar óheimilt að fara um á meðal áhorfenda og jafnframt væru hvers konar einkasýningar bannaðar.

Svandís Svavarsdóttir situr í borgarstjórn Reykjavíkur og kemur því að umsögn um það, hvort heimila skuli nektardans í atvinnuskyni. Umsögnin verður um vera jákvæð til að leyfið sé veitt. Svandís verður eins og allir opinberir sýslunarmenn að fara að lögum við ákvörðun sína.

*Höfundur er dóms- og kirkjumálaráðherra.*

# Flott í skóla




**64.989 kr.**

**Acer Extensa 5220-201G08Mi**
2.0GHz intel Celeron M 550 örgjörvir með 1MB flýtiminni • 1GB DDR 667MHz minni stækkanlegt í 2GB • 80GB SATA harðdiskur • 15,4" skjár • DVD skrifari • Intel GMA X3100 PCI-Express skjákort með allt að 384MB skjáminni • Innbyggð vefmyndavél í skjá • Windows Vista Home Basic stýrikerfi



## Klár í námið

**Asus A8E4P008E**
14" TFT WXGA breiðskjár (1280x800) með innb. vefmyndavél • Intel Core 2 Duo T7100 1.8GHz örgjörvi • Innb. GMA X1300 skjákort • 1GB DDRII 667MHz vinnsluminni (mest 2GB) • 120GB 5400rpm SATA harður diskur • Intel High Definition samhæft hljóðkort • 10/100 Ethernet og WLAN 802.11 a/g/n netkort • SD/MMC/MS/MS PRO kortalesari • DVD Dual Layer brennari • 5 USB 2.0, FireWire, Express og VGA út tengi • Line in, Mic og heyrnartólstengi • Infrared • Windows Vista Business stýrikerfi • Flott taska og lasermús fylgja • Lithium Ion 6 Cells rafhlaða

**89.989 kr.**



## Létt og nett

**Acer Aspire 5920G-5A4G32Mi**
1.83GHz Intel Core 2 Duo T5550 • 4GB DDR2 667MHz 200pin • 320GB SATA • DVD±RW skrifari • 15.4" WideScreen WXGA með 1280x800 og 16,7 m. liti • 256MB ATI Mobility Radeon HD 3470 PCI-Express skjákort • Gigabit 10/100/1000 netkort og 56K mótald • Þráðlaust 802.11abgn netkort með Acer InviLink og SignalUp • Windows Vista Home Premium • 4xUSB 2.0, S-video, FireWire, VGA, S/PDIF, ExpressCard/34 slot o.fl. • Innb. 5 í 1 kortalesari

**119.989 kr.**



## MSI fartölva

**119.989 kr.**

**MSI PR200**
1.66GHz Intel Core 2 Duo T5450 - með 2MB flýtiminni • 2GB DDR2 667MHz 200pin • 160GB SATA hljóðlátur diskur 5400RPM • 8xDVD±RW Dual Layer skrifari sem einnig skrifar CD-RW • 12,1" WXGA WideScreen með 1280x800 og 16.7 milljón liti • Intel GMA X3100 PCI Express með allt að 384MB minni • Gigabit 10/100/1000 netkort og 56K mótald • Innb. þráðlaust 54Mbps 802.11g netkort og Bluetooth • 3x USB 2.0 , HDMI, ExpressCard o.fl. • Þyngd 1.95kg, W 303 x D 225 x H 28-30mm • Fingrafaraskanni og vefmyndavél • Taska og mús fylgir



## Kröftug smátölva

**39.989 kr.**

**Asus EEPC4G-BK001**
Fartölva með 7" TFT LCD skjá • Innbyggð 0.3MP vefmyndavél • 900 MHz Intel Celeron Mobile ULV 353 Örgörvi • 512MB DDR 400MHz Vinnsluminni - Stækkanlegt í 2GB • 4GB solid-state harður diskur • Intel GMA900 Skjákort með allt að 128MB DVMT3 minni • innbyggt 10/100 base netkort og þráðlaust 54Mbps 802.11b/g • Sérhannað Linux Stýrikerfi (Xandrox) • Yfir 40 uppsett forrit • 3x USB2.0, 10/100 Ethernet og VGA tengi • Aðeins 0.9 KG að þyngd • Kortalesari sem tekur SD og MMC kort • Li-ion rafhlaða, ending allt að 2.5 tímar

**OPNUNARTÍMI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-19 | Föstudaga | kl. 11-19 |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 | Laugardaga | kl. 11-18 |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 | Sunnudaga | kl. 12-18 |
| Fimmtudaga | kl. 11-19 | | |

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

MAX RAFTÆKI



## 1400 snúninga þvottavél

**Whirlpool AWOD6740**
1400 snúninga og 6kg þvottavél • Með stafrænu kerfisvali • Tekur 6kg í þvott • 6th Sense - Skynja óhreinindi í vatni sem flýtir þvottatíma • Rafeindastýrður kerfisveljari og hitastillir • Hámarksvinda 1400 snúningar • Stafræn niðurtalning á þvottatíma • Ullarkerfi

**69.989 kr.**
Fullt verð ~~83.989~~



## Sjö kerfa blástursofn

**Teka HA835**
Vandaður 7 kerfa blástursofn • 56 lítrar • Stafræn klukka • Auðvelt að þrífa • Heitur blástur • Köld hurð með þreföldu gleri

**49.989 kr.**
Fullt verð ~~79.989~~

## Spansuðu helluborð



**Xper IKF161**
60sm spansuðu helluborð • 4 hellur • Snertirofar • Tímarofi • Ein Booster hella • Slípaður kantur • 1x16cm 2000w hella • 2x18cm 2800w hella • 1x21cm 3100w hella

**69.989 kr.**
Fullt verð ~~79.989~~



## 1200sn þvottavél

**Indesit WIN122**
1200 snúninga og 5kg þvottavél • Rafeinda/mekanískur kerfisveljari • Hitastillir 0-90° • Hámarksvinda 1200 snúningar • Tekur 5kg af þurrum þvotti • Ullarvagga/handþvottur • Time4You, 4 hraðkerfi • Sport, kerfi fyrir skó og íþróttafatnað • Þvotthæfni A • Orkunýting • Vinduhæfni B • Stærð (bxhxd): 85x59.5x52.5sm

**54.989 kr.**
Fullt verð ~~64.989~~



## 327 lítra frystikista

**Whirlpool AFG6323B**
327 lítra frystikista • Frystigeta 24kg á sólarhring • 1 karfa fylgir • Orkunýting B • Mál (hxbxd): 88,5x112x66

**54.989 kr.**
Fullt verð ~~59.989~~



## 144sm með frysti

**Bauknecht KDA2455**
144sm kæliskápur með frysti • Glerhillur • 235 lítrar brúttó • Kælir 178 lítrar og frystir 50 lítrar • 2 Hurðir og frystir fyrir ofan kæli • Orkunýting A • 4 hillur í kæli • Mál (hxbxd): 144x55x61.4sm

**49.989 kr.**
Fullt verð ~~59.989~~



## 188sm með frysti

**Whirlpool ARC5554**
188cm Kæliskápur með Frysti • 319 lítrar brúttó • Kælir 210 lítrar • Frystir 91 lítrar • 2 hurðir • 4 glerhillur í kæli • Frystir fyrir neðan kæli • Orkunýting A

**69.989 kr.**
Fullt verð ~~99.989~~



## 175sm með frysti

**Indesit BAN12HV**
175sm kæliskápur með frysti • 270 lítrar • Kælir 180 lítrar • Frystir 90 lítrar • 2 hurðir • Frystir fyrir neðan kæli • Orkunýting A • 3 hillur og 2 skúffur í kæli • 3 Skúffur í frysti • Mál (hxbxd): 175x60x63

**79.989 kr.**
Fullt verð ~~84.989~~



## Evrópsk dýpt - Stál

**Whirlpool 20RID3**
Tvöfaldur 178sm ísskápur • 490 lítra-335L kælir, 155L frystir • Total No Frost • Orkunýting A+ • 4 glerhillur • 3 skúffur í kæli • Kalt vatn, klakar og ískurl úr hurð • Rafeindastýring - sjálfv. afþ. • Filter eyðir bakteríum og lykt • Frystigeta: 12kg á dag • Mál (hxbxd): 178x90,2x70,9

**199.989 kr.**
Fullt verð ~~249.989~~

MAX RAFTÆKI

# Dæmið er einfalt - Hlutirnir eru ódýrari í Max!

Tilboðin gilda til 13. 08. eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

**LJÓS Í RÖKKRINU**
Fallegar luktir til að lýsa upp palla og garða geta skapað notalega stemningu þegar setið er úti við eftir að húmið fellur á.
HEIMILI 4



**MAGINN PASSAÐUR**
Margur ferðalangurinn fær í magann á ferðum sínum og því mikilvægt að kynna sér hvað veldur magakveisum og hvað er til ráða.
HEILSA 6



**Tilboð.**



Til sölu þrjú vönduð nýleg 21 fm hús tilbúin til flutnings.
Tilvalin sem gestahús, veiðihús eða til ferðaþjónustu. Fulleinangruð og panelklædd að innan.

Húsin eru í Skorradal Nánari upplýsingar gefur Ævar í síma 840 0470

KVERKUS
Kverkus ehf. Síðumúli 31
Símar 581 2220, 858 0200 eða 840 0470.
kverkus@kverkus.is www.kverkus.is

**2000 kr**
dagur

- Kjólar
- Peysur
- Gallabuxur
- Pils
- Toppar

og margt fleira.



FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201



Halla ákvað fyrir löngu að þróa með sér kvenlegan stíl til að vinna á móti strákastelpunni í sér. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Strákastelpa í kjól

***Íslenskuneminn Halla Ólafsdóttir heldur mikið upp á kjól sem móðir hennar heklaði á unglingsárum sínum.***

„Mamma heklaði kjólinn þegar hún var um það bil fimmtán ára og gekk í Kvennaskólann. Þar var hún alltaf að hekla og þá aðallega inn í sængurver og annað sem lítið sást. Það var svo fjölskylduvinkona sem hafði orð á því við hana að hún gæti allt eins verið búin að hekla heilan kjól miðað við framleiðsluna. Mamma tók hana á orðinu og úr varð þessi skokkur sem hún og við systurnar, sem erum þrjár, höfum allar notað,“ segir Halla.

Hún segist þó hafa tekið hvað mestu ástfóstri við kjólinn og segir ákveðna skýringu á því. „Ég ákvað fyrir löngu að þróa með mér fremur kvenlegan stíl en ég hef alltaf verið mikil strákastelpa. Ég spila á trompet, var í fótbolta og frjálsum og alltaf að klifra. Sem mótvægi þá geng ég nær eingöngu í kjólum og skokkum og lengi vel átti ég engar gallabuxur,“ útskýrir Halla.

Hún segir það hafa komið í ljós að kjóllinn þekkist langar leiðir. „Védís systir mín fór eitt sinn í honum í munnlegt enskupróf í MH. Kennarinn rak þá upp stór augu og sagðist hafa séð þennan kjól áður. Þær komust síðan að því að hún hafði verið með mömmu í bekk.“

Halla er ein af þeim sem hefur alltaf nóg fyrir stafni og í sumar hefur hún unnið í þjónustumiðstöðinni Skarfabakka þar sem tekið er á móti skemmtiferðaskipum, ásamt því að afgreiða í Nýlenduvöruverslun Hemma og Valda. Í vetur heldur hún svo aftur í háskólann og í trompetnám í FÍH en auk þess verður hún í stjórn Stúdentaleikhússins.

*vera@frettabladid.is*




Eplaedik
m/krómi

**Eykur** brennslu
Jafnar **blóðsykur**
Dregur úr **hungurtilfinningu**
**Örvar** losun úrgangsefna
**Öflug hjálp** í baráttunni við aukakílóin
Fæst í apótekum

icepharma Lynghálsi 13 · 110 Reykjavík · Sími 540 8000 · Fax 540 8001 · www.icepharma.is



**Olía** og edik virka vel til að láta húsgögn fá fallegan gljáa. Olíunni og edikinu er blandað saman og borið á húsgögnin.

# Stærri og viðhaldsminni

***Sumarhús hafa breyst mikið síðustu árin. Húsin sem og lóðirnar hafa stækkað og vill fólk helst hafa sem minnst viðhald.***

Mikil aukning hefur verið í sumarbústaðakaupum síðstu ár. Áhugavert er að vita hvort krepputalið á þessu ári hafi haft áhrif á þessa kaupgleði Íslendinga.

Anders Hansen framkvæmdastjóri Leirubakka kveðst ekki finna fyrir neinni kreppu í viðskiptum sínum en hann selur lóðir í Fjallalandshverfi á Leirubakka. „Við höfum selt meira af sumarbústaðalóðum í ár heldur en undanfarin ár. Mér heyrist á fólki að því finnist öruggara að geyma fjármuni í landi en verðbréfum enda hefur reynslan verið sú að land hefur ekki lækkað í verði.“

Fólk vill fremur stórar lóðir, allt upp í rúmlega einn hektara, og eru rífleg hús byggð á lóðunum. „Stærstu húsin eru 200 fermetrar auk gestahúss. Þessi hús eru yfirleitt hugsuð sem heilsárshús, fólk notar þau mikið að vetri til líka,“ segir Anders.

Fyrirtækið Kverkus sem byggir einingahús eftir pöntun hefur heldur ekki fundið mikið fyrir samdrætti í sumarbústaðakaupum Íslendinga. „Fólk frestar kannski aðeins að ganga frá samningi en fyrirspurnir eru ekki færri í ár,“ segir Ævar Gíslason, framkvæmdastjóri Kverkus.



Sumarhús í Fjallalandi við Leirubakka sem Hin húsin eru að selja. Fyrirtækið býður upp á sumarhús með öllu tilbúnu innanstokks. MYND ÚR SAFNI HIN HÚSIN



Fólk vill þurfa að standa í sem minnstu viðhaldi. Því eru margir að láta flísaleggja húsin að utan eins og sjá má á þessu 185 fermetra húsi sem Kverkus er að byggja í Skorradal. MYND/ ÚR SAFNI KVERKUS

Sumarhúsin hafa farið áberandi stækkandi síðustu ár, áður þóttu 50 til 60 fermetra hús stór, en í dag er algengt að fólk fái sér 100 til 150 fermetra hús. „Húsin fara allt upp í 270 fermetrana,“ segir Ævar og bætir því við að fólk vilji hús með sem minnstu viðhaldi. Það spáir mikið í glugga og klæðningu og algengara er orðið að húsin séu klædd með flísum eða harðviði sem endist betur.

Ekki er það bara viðhaldið sem fólk vill eyða sem minnstum tíma í heldur vill það losna við hönnun og kaup á innanstokksmunum. Því er orðið algengt að fólk kaupi bústaðinn fullbúinn. „Það er orðið algengt í dag að menn fái bara lyklana beint í hendur,“ segir Ævar.

*mariathora@frettabladid.is*

White-Westinghouse



ÞVOTTAVÉL
· Topphlaðin
· 11 kg af þurrum þvotti.
· Vindur vel.
· Fljót að þvo.
· Sparneytin.
· Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

MOSFELL
KERTO LÍMTRÉ
Byggingarefni framtíðarinnar

Engar kraftsperrur, notaðu lofthæðina
Losnaðu við óþarfa burðasúlur
Vegna mikils styrkleika og léttleika, hentar það einnig vel við krefjandi endurbætur

Kerto límtré kemur í stöðluðum þykktum
27, 33, 39, 45, 51, 57, 63, 75mm og uppúr

3 tegundir með sama brotþol samkv. evr. stöðlum: 160mm 120mm 75mm



Gegnheill viður C-24 · Hefðbundið límtré G-L32 · KERTO

Finnsk gæðavara
Létt og meðfærileg
Hátt brunaþol
Hæð eftir óskum
Lengd allt að 23 m.
Alltaf til á lager
16% meira eldþol
20% meira brotþol

E modull fellur ekki eins og í hefðbundu límtré þótt bitar fari undir 90 mm þykkt

TM MOSFELL EHF · HOLTSBÚÐ 93 · SÍMI 566 6606 · FAX 566 6619 · MOSFELL@MOSFELL.IS · WWW.MOSFELL.IS



# GÓÐ RÁÐ
fyrir þig og umhverfið

## Eldhúsið - Uppþvottavél

Uppþvottavélin notar mest af orkunni til þess að hita upp vatn. Umhverfisvænstu uppþvottavélarnar nota helmingi minna af vatni en þær vélar sem nota mest af vatni. Þrátt fyrir orkueyðslu uppþvottavélarinnar er í flestum tilfellum umhverfisvænna að nota uppþvottavél en að þvo upp. Þú eyðir miklu meira magni af heitu og köldu vatni ef þú vaskar upp handvirkt. Auðvitað má þó segja að ef að sparlega er farið með vatn við handuppvask þurfi ekki að koma til mikillar vatnssóunar auk þess sem að orkan kemur alveg frá uppvaskaranum sjálfum. Með öll rafmagnstæki gildir að það margborgar sig að kaupa tæki sem er á skala A, A+ eða A++ evrópska orkumerkisins eða er merkt orkunotkun á annan sambærilegan hátt t.d. Energy Star eða GEEA .

- Best þykir að nota stóra uppþvottavél og þvo eins mikið í einu og hægt er.
- Hægt er að þvo potta og stóra hluti í höndunum til að spara pláss í uppþvottavélinni.
- Nota skal stysta þvottakerfið og ekki hita upp vatnið meira en nauðsyn krefur.
- Best er að kaupa vatnssparandi uppþvottavélar. Þá er minna vatn hitað upp sem krefst minni orkunotkunar.
- Það sem þarf að þvo upp í höndum á ekki að þvo undir rennandi vatni. Betra er að fylla vaskinn að vatni og þvo þannig upp.
- Munið að nota umhverfisvænt þvottaduft, þvottalög eða töflur.

*Meira um allt í eldhúsinu á: http://www.natturan.is/husid/1286/*



**Náttúran.is - vefur með umhverfisvitund**



Mottan marglita er partur af hönnunarlínu Remy og VeenHuizen. MYND/REMY&VEENHUIZEN

## Stóll og motta úr gömlum teppum

Hringrás lífsins á einnig sinn sess innan tískustrauma heimilisins. Hollensku hönnuðurnir Tejo Remy og Rene VeenHuizen hafa hannað mottu og stól úr, jú, mikið rétt, gömlum teppum. Mottan breiðir úr sér líkt og um lífveru væri að ræða enda endurunnin og umhverfisvæn, svo ekki sé minnst á hve mjúk hún er undir fæti. Sömu sögu er að segja um stólinn en hönnuðir lofa ekki að auðvelt verði að komast upp úr stólnum vegna ofaukinna þæginda.
Hægt er að skoða fleiri uppátæki Hollendinganna á heimasíðu þeirra, www.remyveenhuizen.nl.

- tg



ÞAKSPRAUTUN ehf
Þarf að vinna í þakinu í sumar en hefur ekki tíma ?
Því ekki að láta það í hendur fagmanns ?
Sérhæfi mig í sprautun á öllu bárujárni sem gefur einstaka áferð
Uppl. í síma 8975787

STIGAR OG HANDRIÐ ÚR GLERI OG STÁLI



ÚTI SEM INNI
ATLANTSKAUP Upplýsingar á www.atlantskaup.is
Atlantskaup ehf. Bæjarflöt 6,112 Reykjavík S: 533 3700

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Viðhaldsfríar
ÞAKRENNUR
*Þegar hús eru klædd með „viðhaldsfrírri" klæðningu er nauðsynlegt að nota „viðhaldsfríar" þakrennur.*
*Rennurnar frá Grövík Verk í Noregi eru gerðar úr 0,9 mm áli og tærast ekki, ryðga, né brotna.*
*Fyrsta rennan var framleidd árið 1956 og er enn í notkun.*
*Litir til á lager: Svartar, hvítar, rauðbrúnar og ólitaðar.*

Hágæða
Varmaskiptasamstæður
loftræstistokkar og tengistykki





HAGBLIKK ehf.
*Smiðjuvegi 4C*
*Box 281 202 Kópavogur*
*Sími 587 2202 Fax 587 2203*
*hagblikk@hagblikk.is www.hagblikk.is*
Augl. Þórhildar 1460.24

## TILBOÐ Á FRÍSTUNDAHÚSUM



Möguleiki á 100% láni

Uppsett hús eru í Skorradal til sýningar. Hafið samband í síma 840 0470 Ævar.

Erum með sértilboð á tveimur frístundahúsum sem komin eru til landsins og eru óuppsett. Húsin eru tilbúin að utan með einangruðum veggjum. Efni í rafmagnsgrind og milliveggjaefni fylgir. Gerum föst tilboð í sökklavinnu, uppsetningu og annan frágang.

Stærð 118.7 fm. Hús klætt með jatoba og stáli, gluggar og hurðir eru úr furu.
Verð kr. 11.600.000,- staðgreiðsluverð.
**TILBOÐ KR. 9.800.000,-**

Stærð 118.7 fm. hús klætt með jatoba og stáli, gluggar og hurðir eru úr mahogany.
Verð kr. 12.000.000,- staðgreiðsluverð.
**TILBOÐ KR. 10.200.000,-**

KVERKUS

Kverkus ehf. Síðumúli 31
Símar 581 2220, 858 0200 eða 840 0470.
kverkus@kverkus.is www.kverkus.is



STIGAR OG HANDRIÐ ÚR GLERI OG STÁLI



ÚTI SEM INNI

ATLANTSKAUP Upplýsingar á www.atlantskaup.is
Atlantskaup ehf. Bæjarflöt 6,112 Reykjavík S: 533 3700



Auglýsingasími

512 50 50



– Mest lesið


# Rómantík í rökkrinu

***Þegar húmið fellur á er fyrirtak að sitja úti við og leyfa litlum kertaluktum lýsa upp tilveruna.***

Fallegar luktir til að lýsa upp palla og garða eru fáanlegar víða. Þær njóta sín vel nú þegar kvöldin eru tekin að lengjast en hitastigið býður samt upp á að setið sé úti á kvöldin. Sumar luktirnar henta einungis til upphengingar í tré eða sólhlífar, aðrar geta líka staðið á stéttum og borðum. Allar eiga það sameiginlegt að skapa rómantíska stemningu við hvaða tilefni sem er og hleypa ljósi og hlýju inn í lífið.

*gun@frettabladid.is*



Silfurlit og lítil lukt til að hengja upp. Fæst í versluninni Unika í Fákafeni 9. Kostar 2.240 kr.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Rauðbrún með viðarmynstri og hengjum fyrir tvö teljós eða önnur smákerti. Fæst í versluninni Glugginn í Fákafeni 11 og kostar 2.300 kr.



Stæðileg með fínlegu útflúri. Fæst í Uniku og kostar 5.800 kr.



Svört, lítil og tilbúin til upphengingar. Fæst í Uniku á 390 kr.



Lítil og ljósgræn úr versluninni Glugginn. Verðið er 1.390 kr.



Skrauti búin og skemmtileg lukt í versluninni Glugganum í Fákafeni 11. Kostar 5.900 krónur.

# Kína heim í stofu

***Kína er svo sannarlega móðins nú um mundir og enginn svikinn af kínversku yfirbragði heima.***



Kínverskt postulín er augnayndi sem setur fallegan svip á heimilið. Með því að prýða heimilið með kínverskum vasa bera híbýlin vott um heimsborgara, enda staðreynd að fágætir, kínverskir listmunir eru eftirsóttir af söfnurum víða um heim og oftar en ekki í öndvegi á heimilum þeirra ríku og frægu. Postulínshefð Kínverja á sér sögu frá því árið 5000 fyrir Krist, en í Kína er mismunandi keramík kölluð postulín. Í nútíma njóta mestra vinsælda gripir með útliti Ming- og Qing-ættarveldanna, sem samanlagt framleiddu postulín allt frá fjórtándu öld til 20. aldar. Þaðan er upprunnið hið fræga, hvíta og bláa litaívaf, sem og litríkari útgáfur með gyllingu, en munstur sýna gjarnan blóm, tré, dreka, dýr, hetjur og fólk.

*- þlg*




galleríbrautir



trönur

MABEF

Maimeri

málning
penslar
spaðar
íblöndunarefni
og margt fleira





strigarúllur, blindrammar og ástrekktir blindrammar



LISTALAGERINN JÁRN&GLER Skútuvogur 1h - Barkarvogsmegin
sími: 5858900 - egill@jarngler.is

**Giftingarhringar** geta verið margs konar. Á Laugaveginum má finna margar skartgripabúðir með mikið úrval fallegra hringa.





## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

### Prinsessur í kreppukjólum

Fátt er franskara en hátískan (haute couture) en fyrsta reglugerðin um hana er frá 1945. Þá voru hundrað og sex hátískuhús í París en eitt af skilyrðunum til þess að nota orðið hátíska var að vinna og sýna í París og vinna og sníða í höndunum. Smám saman hefur þessum tískuhúsum fækkað og þess vegna hafa reglur breyst síðustu áratugi.

Fyrst var hönnuðum frá öðrum tískuborgum boðið að vera með, t.d. Elie Saab og Giorgio Armani. Frá 1996 hefur svo ungum og efnilegum hönnuðum verið boðið að taka þátt í sýningunum og í ár sýndi kínverskur hönnuður í fyrsta skiptið á hátískusýningunum.

Á kreppuárunum í kringum 1930 lét Hollywood almenning sig dreyma með glamúrmyndum. Þannig átti almenningur að gleyma stað og stund. Stundum er sagt að hátískan setji á svið draumaheim en viðbrögð hennar við kreppunni í dag eru þveröfug við það sem gerðist á kreppuárunum í Hollywood.

Hátískusýningunum fyrir komandi vetur lauk á dögunum í París. Heldur þótti minna um stórsýningar og flugelda að þessu sinni. Tískuhús Diors svo dæmi sé tekið var langt frá sextíu ára afmælissýningunni í Versala-höll fyrir ári síðan með sextíu fyrirsætum og kjólum, hver öðrum stórfenglegri, og stórstjörnum á hverju strái. Í ár voru kjólarnir miklu „þægari“ og nær því að vera dagklæðnaður. Skyldi það vera tilviljun að bæði Christian Lacroix og John Galliano hjá Dior bjóða miklu meira af hálfsíðum kjólum fyrir komandi vetur? Líklegar að hér sé einfaldlega þeirra svar við kreppunni því vissulega eru hálfsíðu kjólarnir auðveldari í sölu en dragsíðir kjólar sem passa við rauða dregla Cannes eða Hollywood eða þá í brúðkaup arabískra prinsessna. Hátískuhönnuðir virðast hafa valið auðveldu leiðina og reyna að vera praktískir og hagsýnir. Þess vegna bjóða þeir framleiðslu þar sem notagildi virðist bera glæsileikann ofurliði. Auðvitað má ekki einfalda um of því vissulega liggja tugir vinnustunda að baki hverri flík sem unnin er að öllu leyti í höndunum og ótrúlegt smáatriði er enn að finna en minni sídd fylgir vissulega minna efni og vinna og stíllinn er látlausari en áður.

Alessandra Facchinetti sem sýndi hátísku í fyrsta skiptið eftir að hún tók við af meistara Valentino fyrr á árinu notaðist við höfuðstöðvar tískuhússins eins og Gaultier og því ekki verið að leigja einhverja stórhöllina. En Richard René, aðstoðarmaður Jean-Paul Gaultier til sjö ára, gekk enn lengra og átti sjálfsagt ódýrustu hugmyndina en hann sýndi hreinlega úti á götu í Mýrarhverfi Parísar.

*bergb75@free.fr*

# Dubai orðin tískuborg

***London, París, New York, Róm og Mílanó eru stærstu tískuborgir heims. Sydney og Dubai eru einnig að koma sterkar inn samkvæmt árlegri könnun á topp tískuborgum heims.***

Könnunin var framkvæmd af The Global Language Monitor, samtökum sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni. Þau könnuðu tíðni orða í tískugreinum í fjölmiðlum og á netinu og gerðu úr því lista yfir 25 helstu tískuborgir heims.

New York var nefnd oftast í tískugreinum, fimmta árið í röð, og fylgdi Róm fast á eftir. Þá kom París næst í röðinni, síðan Mílanó og London rak lestina.

Það sem kom á óvart var ris smærri tískuborga og stökk Sydney úr tólfta upp í sjöunda sæti og Dubai færðist upp um tólf sæti og er nú í því tólfta.

Fjórir nýliðar voru á listanum þetta árið, það voru Nýja-Delí, Madríd, Stokkhólmur og Höfðaborg.

*- mþþ*



Fyrirsæta sýnir kjól eftir Zocky á áströlsku tískuvikunni í maí. Sydney er nú sjöunda stærsta tískuborg í heimi.
NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES





NÝTT
Fáðu fæturna mjúka og fína á 2 vikum með Flextiol
Flexitol

Útsölustaðir: Fótaaðgerðastofurnar og Snyrtistofurnar Eygló, Paradís, Líf, Jóna og Aníta Vestmannaeyjum, Ásdísar í GB. Spar, Þín verslun Kópavogi, Fjarðarkaup HFJ og Lipurtá, Lyfja, Fótaaðgerðastofa Reykjavíkur.

Frábærar vörur pompea betra verð




Apótek, verslanir, Fjarðarkaup, Þín Verslun Spar
Dreifingaraðili: S. Gunnbjörnsson ehf.



Útsölulok í Hólagarði
Tökum upp nýjar vörur í hverri viku.
Vefta
Tískuföt
Hólagarði & Mjódd
www.vefta.is
Sími. 5572010; 5782051

Algjört verðhrun
Síðustu dagar útsölunnar
Ríta
Bæjarlind 6 • s. 554 7030 • Eddufelli 2 • s. 557 1730
Opið virka daga 10 - 18
Opið laugard. í Bæjarlind 10 - 15

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




Zúúber snýr aftur!
www.fm957.is
Vaknaðu kl. sjö!






# Bakteríusýking algengust

***Niðurgangssýkingar herja á margan ferðalanginn og því mikilvægt að kynna sér þær.***



Sólbjörg Guðný Sólversdóttir veitir tilvonandi ferðamönnum ráðgjöf og bólusetningu á Heilsuverndarstöðinni.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Magaveiki á ferðalögum kallast einu heiti ferðamannaniðurgangur og getur stafað af ýmsum ástæðum. „Hann tengist yfirleitt smiti frá menguðum matvælum eða vatni; kemur oftast fljótlega eftir upphaf ferðar og getur komið upp oftar en einu sinni á ferðalaginu sjálfu þar sem fólk myndar ekki ónæmi gegn honum," segir Sólbjörg Guðný Sólversdóttir hjúkrunarfræðingur hjá Heilsuverndarstöðinni. Niðurgangurinn herjar yfirleitt á fólk sem ferðast til þróunarríkja, en er einnig algengur annars staðar í heiminum.

Sólbjörg segir niðurganginn yfirleitt greindan eftir einkennum og staðháttum fremur en orsakavaldinum sjálfum og því sé einkennameðferð oftast veitt. „Svörun við sýklalyfjameðferð gefur þó til kynna að megin-smitvaldar séu af bakteríustofni eða í um 85 prósentum tilfella, tíu prósent smita eru sníkjudýr og fimm prósent eru veirusýkingar."

Algengasti orsakavaldur ferðamannaniðurgangs er bakterían ETEC. „Einkenni hennar eru vatnskenndur niðurgangur og magakrampar en ekki endilega hiti. Hægt er að fá bóluefnið Dukoral við ETEC sem fæst hjá viðurkenndum aðilum svo sem Heilsuverndarstöðinni." Sólbjörg undirstrikar þó að lyfið komi aðeins í veg fyrir ETEC-bakteríuna.

Ýmislegt er hægt að gera til að fyrirbyggja sýkingu. „Vanunnin hráefni eru hættuleg. Mikilvægt er að maturinn sé vel soðinn eða steiktur og fólk verður að vara sig á skornu, fersku grænmeti og ávöxtum. Best er að kaupa ávexti sem maður getur afhýtt sjálfur."

Fólk verður einnig að passa sig á vatninu nema það þekki til staðhátta og viti að óhætt sé að drekka af krana. „Nóg er að sjóða vatnið í þrjár til fimm mínútur. Fólk á helst að drekka af innsigluðum flöskum og nota ekki klaka út í drykki," segir Sólbjörg og minnir á að fólk megi ekki heldur bursta tennurnar með vatninu eða hafa opinn munninn í sturtunni.

Eigið hreinlæti er mikilvægt á ferðalagi. Fólk á að þvo hendur sínar mjög reglulega og ekki bera fingur upp að munninum. Sólbjörg mælir með sótthreinsandi blautþurrkum í veskið.

Sólbjörg ráðleggur ferðalöngum að hafa lítið apótek meðferðis. „Gott er að taka með sér sýklalyf, verkjalyf og stemmandi hægðarlyf." Ef fólk veikist úti þrátt fyrir allar varúðarráðstafanir getur það nýtt sér apótekið en auk þess er mikilvægt að drekka nóg af vökva sem inniheldur salt og kalíum. „Hægt er að setja eina teskeið af salti út í lítra af vatni."

*mariathora@frettabladid.is*

## Vörn í vítamíni

STÓRIR SKAMMTAR C-VÍTAMÍNS SAGÐIR GETA DREGIÐ ÚR VEXTI KRABBAMEINS.

Bandarískir vísindamenn halda því fram að stórir skammtar af C-vítamíni geti dregið úr krabbameinsvexti, samkvæmt fréttavef BBC. Rannsókn var gerð á krabbameinssýktum músum sem sprautaðar voru með stórum skammti C-vítamíns. Æxli þeirra allra minnkuðu um rúmlega helming. Vegna þessa vilja vísindamennirnir meina að það sama gæti gerst í mannfólkinu. Krabbameinsrannsóknarstöðin í Bretlandi er ekki sammála þessu og segir aðrar rannsóknir benda til þess að stórir skammtar C-vítamíns geti truflað krabbameinsmeðferðir. Ekkert bendi til þess að stórir skammtar af C-vítamíni hafi sömu áhrif á krabbamein í fólki. *- kka*














Morgunstund gefur gull í mund

Hvernig væri að taka daginn snemma, njóta þess að fara út á morgnana og hreyfa sig í klukkutíma á launum?

Pósthúsið leitar að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 virka daga, eða um helgar.

Nánari upplýsingar gefur dreifingardeild í síma 585 8330. Einnig er hægt að fylla út umsókn á **www.posthusid.is**

Pósthúsið

Pósthúsið ehf, Suðurhraun 1, 210 Garðabær, s: 585 8300










# miðborgin okkar

FIMMTUDAGUR 7. ÁGÚST 2008



FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN


**Opið allar helgar kl. 11-17**



Pantaðu bás í Kolaportinu

á netinu: www.kolaportid.is

Besti sölutíminn er framundan

**KOLAPORTIÐ**

# Sagan er mikilvæg

Hverfisráð starfa í öllum hverfum borgarinnar sem í eiga sæti sjö fulltrúar kosnir af borgarstjórn og jafn margir til vara.

„Tilgangur allra hverfisráða er að vera tengiliður á milli íbúa og íbúasamtaka inn í borgarstjórnina,“ segir Einar Eiríksson, formaður hverfisráðs miðborgar.

„Íbúar geta sent erindi til hverfisráðsins, þá í gegnum þjónustumiðstöðina að Skúlagötu 20. Hverfisráðið hefur síðan frumkvæði að því að benda borgarstjórn á það sem mætti betur fara í hverfinu,“ segir hann og bætir við að hverfisráðum berist töluvert af erindum um hvað megi bæta og einnig beiðnir um stuðning við menningaruppákomur.

Inntur eftir brýnustu verkefnum hverfisráðs miðborgar segir Einar það mikilvægt að vekja fólk til umhugsunar um mikilvægi miðborgarinnar. „Verkefni hverfisráðs miðborgarinnar eru af allt öðrum toga en verkefni hverfisráðs afmarkaðs íbúðahverfis því hagsmunirnir og áherslurnar eru aðrar. Í hverfisráði miðborgar er ein af aðaláherslunum að lyfta undir hið menningarlega og sögulega hlutverk miðborgarinnar. Við viljum ýta undir það.“

Einar telur söguna afskipta í miðborginni og vill koma henni á hærra plan. „Það rísa landnámssetur og menningarsetur um allt land en ekki í miðborginni, þó að hér sé í raun öll sagan. Þetta þarf að laga.



**Einar Eiríksson, formaður hverfisráðs miðborgarinnar, segir brýnt að ýta undir menningarlegt og sögulegt hlutverk miðborgarinnar.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fólk þarf einnig að ganga vel um í miðborginni og hefur það heldur betur gerst með hreinsunar- og fegrunarátakinu í miðborginni sem staðið hefur yfir.

Hverfisráðið hefur komið mikið að því og hefur ásýnd miðborgarinnar gjörbreyst eftir að átakið hófst. Þær neikvæðu raddir sem algengar voru um miðborgina áður fyrr, þegar sagt var að þar væri einungis gamlir útkrotaðir kofar og sukk, hafa þagnað með átakinu,“ segir Einar, spenntur að takast á við þau krefjandi verkefni sem bíða.

*- stp*

Útsalan heldur áfram

Allt að 70% afsláttur

Guðrún Tískuhús

Rauðarárstíg 1, sími 561-5077



# Almenningssamg verði ókeypis fyrir

**Útilaug og líkamsræktaraðstaða við Sundhöllina, veitinga- og hljómleikahús í Hljómskálagarðinum og blómleg starfsemi við Laugaveginn. Þetta er meðal hugmynda sem Ólafur F. Magnússon borgarstjóri vill gera að veruleika. En sú veigamesta snýst um að halda í gömlu götumyndina í miðbænum og vernda þá menningarsögu sem í henni felst.**

„Reynslan víða í Evrópu sýnir að þær borgir sem hafa fallega og upprunalega miðbæi blómstra best. Því borgar það sig, ekki bara menningarlega heldur líka efnahagslega, að við höldum sem mestu eftir af okkar gömlu byggingum,“ segir Ólafur festulega þegar skipulagið í miðborginni ber á góma. Sú umræða spinnst raunar út frá spjalli um sumarfrísferð sem hann er nýkominn úr um Austurland, bæði byggð og óbyggð, meðal annars Seyðisfjörð sem hann er stórhrifinn af. „Mér finnst Seyðisfjörður einn fallegasti bær landsins og skemmtilegt að sjá hvernig tekst að sameina blómlegt starf í bæjarfélaginu og verndun gömlu götumyndarinnar. Þar er virt sú menningarstefna sem ég vildi svo sannarlega sjá í Reykjavík,“ segir hann.

Þetta leiðir samtalið beint að uppbyggingu Listaháskólans sem Ólafur segir þurfa að vanda vel. „Ég tel að skólanum hafi verið skammtað naumt pláss í tillögunni sem fyrir liggur,“ segir hann og á við svokallaðan Frakkastígsreit. Segir hugsanlegt að hægt væri að útvega Listaháskólanum stærri reit án þess að raska götumyndinni.

En af hverju má ekki byggja við skólann í Laugarnesinu þar sem nóg pláss er?

„Ef óskað er eftir að koma með svona starfsemi í miðborgina viljum við koma til móts við það, enda sækjumst við eftir auknu lífi þar. Við viljum byggja hratt og ákveðið upp þjónusturými á baklóðunum og flytja þannig öflugt atvinnulíf inn í miðborgina. Þessu er ég að reyna að vinna að með hagsmuni borgaranna fyrir augum án þess að það kosti okkur miklar fórnir í menningarsögulegum verðmætum eins og að rústa götumyndinni við



HANDRITIN – saga handrita og hlutverk um aldir



SURTSEY – jörð úr ægi




SÍÐBÚIN SÝN – ljósmyndir Halldórs Laxness

ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ

SÝNINGAR Á ÖLLUM HÆÐUM

Þjóðmenningarhúsið – The Culture House
*National Centre for Cultural Heritage*
Hverfisgötu 15 • 101 Reykjavík
Sími 545 1400 • www.thjodmenning.is
Sýningar - leiðsögn - verslun

Opið daglega kl. 11.00 – 17.00
Leiðsögn án endurgjalds í boði fyrir skólahópa.
Leiðsögn á ensku um handritasýninguna kl. 15.30 alla virka daga nema miðvikudaga.
Veitingar á virkum dögum.




# öngur alla

neðanverðan Laugaveginn þar sem hún er hvað heildstæðust. Maður bætir ekki gömlu miðborgina með því að fórna henni.“

Ólafur er ánægður með að tekist hafi á síðustu stundu að bjarga húsunum við Laugaveg 4 og 6 frá niðurrifi og segir þau nú ganga í gegnum endurreisn við hæfi. „Þarna átti að rísa stórt hótel út í götuna sem hefði tekið sig mjög illa út innan um gömlu byggðina. Laugavegur 6 er danskt/íslenskt hús í sama stíl og elsta hús borgarinnar í Aðalstræti, eitt þeirra húsa sem voru til staðar þegar máluð var fræg mynd af Reykjavík árið 1876. Þau eru ekki mörg húsin eftir frá þeim tíma. Ég hef verið einn eindregnasti talsmaður þess að standa vörð um þau í borgarstjórn.“

Talið berst að lóðunum á horni Lækjargötu og Austurstrætis. Þar segir Ólafur að borgin hafi keypt byggingarréttinn á viðunandi verði og brátt muni rísa tvö hús í anda þeirra sem áður stóðu þar. Einnig eigi að rífa Iðnaðarbankahúsið í Lækjargötunni og reisa þar glæsilega hótelbyggingu í gömlum stíl. Ólafur nefnir hugmyndir um að efla þjónustu í Hljómskálagarðinum og sér þar fyrir sér veitingarekstur og aðstöðu til hljómleikahalds.

Fleira er á framkvæmdalista borgarstjórans til að bæta þjónustu við íbúa og gesti borgarinnar. Þar má nefna útisundlaug og líkamsræktarstöð við hlið Sundhallarinnar við Barónsstíg. „Sú bygging yrði í samræmi við Sundhöllina og mundi kallast fallega á við hana, Heilsuverndarstöðina og Austurbæjarskólann,“ segir Ólafur.

En telur hann einhvern núlifandi arkitekt geta teiknað eins og Guðjón Samúelsson? „Byggði ekki Laxness Gerplu á Fóstbræðrasögu? Eru ekki tónskáldin sífellt að semja ný tilbrigði við klassísk stef? Arkitektar geta auðvitað unnið út frá eldri hugmyndum og ég held að vaxandi skilningur sé á því að virða söguna,“ svarar hann.

Ólafur minnist á þá auðlind sem hitinn í jörðinni er og það forskot sem hann gefur Reykjavík til vistvænnar orku og yls, umfram margar borgir. Kveðst líka vilja efla almenningssamgöngur og bæta göngu- og hjólreiðastíga í borginni til að draga úr mengun. „Ég vil helst gera almenningssamgöngur ókeypis fyrir alla,“ segir hann og telur að olíukreppan ætti að vera hvati til að draga úr notkun einkabílsins og þar með úr sliti á götum og mengun í borginni sem sé stórt umhverfismál.

Eitt af því sem Ólaf dreymir um er að stórbæta umgengnina í miðborginni, fegra hana og hreinsa ásamt því að bæta öryggi og eftirlit til að þar geti þrifist blómlegt mannlíf.

„Miðborgin er sterk miðstöð mannlífs, verslunar og þjónustu, og þýðingarmikið að allir sem eru á ferðinni þar finni sig örugga. Því eru embættismenn borgarinnar að vinna að í samráði við íbúa, veitingahúsaeigendur, kaupmenn, lögreglu og slökkvilið. Þetta er ekki bara átaksverkefni heldur viðvarandi því við viljum að fólki líði vel í fallegri og hreinni miðborg og að sjálfsögðu viljum við tryggja velferð og öryggi allra íbúa borgarinnar í öllum hverfum hennar.“

-gun



„Miðborgin er sterk miðstöð mannlífs, verslunar og þjónustu og þýðingarmikið að allir sem eru á ferðinni þar finni sig örugga,“ segir Ólafur borgarstjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Verjum gömlu miðborg-

Íbúasamtök miðborgar voru stofnuð 11. mars á þessu ári og var Eva María Jónsdóttir dagskrárgerðarmaður kjörin formaður bráðabirgðastjórnar fram á haust. „Á stofnfundinn mættu yfir hundrað manns en það þykir alveg ótrúlega gott,“ segir Eva María og bætir við að fyrsti aðalfundurinn verði haldinn í haust og þá verði kosin stjórn samtakanna.

Eva María segist hafa brennandi áhuga á miðborgarmálum en ætlar þó ekki að gefa kost á sér í stjórn íbúasamtakanna. „Ég er búin að skuldbinda mig í annað, til dæmis börn, nám og vinnu. Ég held að ég verði bara að vera raunsæ, en ég vil auðvitað starfa að þessum málum áfram. Mér finnst þetta svo göfugt,“ útskýrir hún brosandi.

Eva María segir íbúasamtök miðborgar vinna að því að koma á samstarfi við íbúasamtök Vesturbæjar. „Við höfum samstarf við Vesturbæinn því okkur finnst stóra málið felast í því að vernda eðli hverfanna. Þá erum við að tala um að hamla gegn þeirri þróun að fjársterkir aðilar kaupi upp hús á nokkrum, samliggjandi lóðum, rífi þau öll og byggi eitt stórt í staðinn,“ útskýrir hún og segir að nóg pláss sé fyrir risabyggingar í öðrum hverfum.

„Við höfum líka verið í samstafi við Hlíðarnar. Við viljum knýja á um að útisundlaug við gömlu Sundhöllina verði sett á fjárhagsáætlun,“ upplýsir Eva María og segir að góðar teikningar hafa legið fyrir árum saman. „Okkur finnst þetta mjög brýnt mál vegna þess að miðborgin og Hlíðarnar eru hverfi sem eru miðsvæðis en fólk þarf samt sem áður að fara í önnur hverfi til að komast í útisundlaug. Í öðrum hverfum eru sundlaugar yfirleitt í göngufæri.“

Eva María segir fleira á döfinni hjá samtökunum. Meginhlutverk þeirra sé að hjálpa íbúum að koma sínum málum á framfæri, stuðla að öryggi barna innan hverfisins, fjölga vistgötum og stuðla að menningarlegra skemmtanalífi í miðborginni.

-mmf



Eva María formaður íbúasamtaka miðborgar segir samtökin meðal annars berjast fyrir því að vernda hús miðborgarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




BORGARBÓKASAFN REYKJAVÍKUR

Borgarbókasafn - Aðalsafn
Tryggvagötu 15
sími: 563 1717
www.borgarbokasafn.is

Viltu lesa, horfa eða hlusta á eitthvað ...
spennandi, sorglegt, skemmtilegt, fróðlegt, fyndið ...

...kíktu þá í bókasafnið!



**Opið**
mánud. til fimmtud.: 10 - 19
föstud.: 11 - 19
laugard. til sunnud.: 13 - 17



Græn skref í Reykjavík:

Ókeypis í stæði fyrir visthæfa bíla

VERÐLAUNUM VISTHÆFA BÍLA

Ökumenn visthæfra bíla eru verðlaunaðir með ókeypis stæðum í miðborginni. Þannig stuðlar Reykjavíkurborg að bættri borgarmynd og dregur úr mengun.

Bílastæðaskífur má nálgast hjá bílaumboðum og býðst ökumönnum að leggja í 90 mínútur í senn.

*Tökum græn skref í miðborginni!*

Visthæfir bílar eru skilgreindir eftir eldsneytiseyðslu og útblæstri koltvísýrings.




Nánari upplýsingar á reykjavik.is

BÍLGREINASAMBANDIÐ

Reykjavíkurborg

# Ástandið mun betra

Mikið hefur verið rætt um ástand miðbæjarins um helgar upp á síðkastið. Nokkurrar svartsýni hefur gætt í umræðunni en ekki deila allir þeirri svartsýni.

„Ég held að málefni miðborgarinnar séu í góðum farvegi og að ástandið um helgar hafi batnað mikið á skömmum tíma,“ segir Kristján Jónsson, betur þekktur sem Kiddi Bigfoot, meðlimur í Félagi kráareigenda. „Félag kráareigenda hefur unnið náið með Reykjavíkurborg, lögreglunni, miðbæjarþjónum og fleirum og þetta samstarf hefur virkað rosalega vel.“

Þar á Kiddi við vikulega fundi borgarstjóra, lögreglu og fleiri opinberra aðila þar sem farið er yfir málin og bent á hvað megi betur fara. „Þar er farið yfir helgina og farið strax í hvað má laga, án þess að það þurfi að bíða eftir því að málin séu sett í nefnd eða eitthvað slíkt,“ segir Kiddi. „Þegar við fáum ábendingar um hvað betur mætti fara þá getum við farið strax og talað við staðina og þeir fara að vinna í sínum málum.“

Kiddi væntir þess að áframhaldandi náið samstarf skili sér í enn betri miðborg allan sólarhringinn. „Fólk virðist oft halda að veitingamaðurinn sé á móti öllum og sé að henda flöskum og sé með hávaða og læti en það er að sjálfsögðu ekki málið,“ segir Kiddi. „Við viljum auðvitað hafa hreint og öruggt í kringum okkur og lifa í sátt og samlyndi við umhverfið og nágrannana.“ *-tg*



Kiddi Bigfoot vonast eftir áframhaldandi samstarfi við yfirvöld til að stuðla að betri borg. FRÉTTABLAÐIÐ/MYND ÚR SAFNI




# Bein samskipti við þá sem að borginni standa

**Jakob Frímann Magnússon segir mikilvægt fyrir framtíð miðborgarinnar að eiga í opnum og hreinum samskiptum við þá lykilaðila sem að henni standa og í henni starfa. Með slíkum hætti hafi meðal annars verið tekið á svefntruflunum íbúa af völdum hávaða, veggjakroti og almennri umgengni, og þannig muni sátt nást um Listaháskóla Íslands.**



Jakob Frímann segir erlenda gesti ávallt undrast hversu fjölskrúðugt og öflugt menningar- og tónlistarlíf sé í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Jakob Frímann Magnússon, miðborgarstjóri Reykjavíkurborgar, hefur ekki setið auðum höndum síðan hann tók við starfi sínu. Enginn þarf að undrast annir hans, enda nóg af verkefnum sem biðu og bíða enn í miðborginni.

„Í upphafi valdatíðar Ólafs F. Magnússonar var það gert að forgangsmáli að endurreisa miðborgina með markvissu átaki á öllum meginsviðum,“ segir Jakob. „Flestir voru sammála um að umgengni og árásir á einkaeigur fólks, þar með talið húseignir og veggi, hefðu lækkað virðingarstig borgarinnar, svo baráttan gegn þessu var sett í forgang.“

Með árásum á Jakob Frímann við veggjakrot og -list sem mörgum þótti orðin plága í miðborginni. Þar er hart tekið til orða en Jakob Frímann segist engu síður bera mikla virðingu fyrir góðum veggjalistamönnum. „Allir listamenn verða hins vegar að skapa list sína í sátt við umhverfið,“ segir hann og bætir við að þar hafi nokkuð skort á og því hafi þurft að bregðast harðar við en ella. „Með því að eiga í opnum og hreinskiptum samskiptum við þá sem starfa á þessum vettvangi höfum við náð góðum árangri og veggir sem hafa verið hreinsaðir hafa nú að mestu verið látnir afskiptalausir.“

Jakob Frímann segir útkomu átaksins vera nýtt og betra yfirbragð borgarinnar. „Til þess þurfti áþreifanlegt átak og reglubundið, bein samskipti við helstu sviðsstjóra borgarinnar auk fulltrúa íbúasamtaka, veitingamanna, lögreglu, leigubílstjóra, slökkviliðs og fleiri. Þetta leggur borgarstjórinn höfuðáherslu á og fyrir mig sem er nýr hérna er afar ánægjulegt að vinna í svona andrúmslofti.

Til að koma til móts við þá veggjalistamenn sem erfitt eiga með að finna sköpunarþörf sinni farveg hef ég lagt fram hugmyndir um að reisa einn tiltekinn vegg sérstaklega fyrir veggjalist. Eðli málsins samkvæmt yrðu verk á slíkum vegg síbreytileg en hugmyndir eru uppi um að velja listaverk mánaðarins, ljósmynda þau og færa til bókar fyrirtaks veggjalistar í höfuðborginni. Það er enginn vafi á því að margir góðir listamenn spretta upp í gegnum veggjalistina. Listamenn sem færa sig svo yfir á önnur svið, eins og grafíska hönnun, með góðum árangri. Við viljum endilega styðja við bakið á þeim.“

Nokkur styr hefur staðið um hönnun, umfang og staðsetningu nýs Listaháskóla og takast þar á þeir sem vilja halda í upprunalega götumynd og þeir sem leggja áherslu á að miðbærinn þróist í takt við tímann. Mitt á milli standa svo yfirvöld sem verða að reyna að gera öllum til hæfis. Þá sögu segja fjölmiðlar að minnsta kosti, þótt Jakob Frímann sé ekki jafn sannfærður.



Nokkur styr hefur staðið um hönnun, umfang og staðsetningu Listaháskóla. Jakob Frímann segist ekki vera í nokkrum vafa um að sátt muni nást á milli borgaryfirvalda og aðstandenda byggingarinnar.

„Þarna er á ferð afar glæsileg bygging sem ber hönnuðunum fagurt vitni,“ segir hann. „Ég er ekki í nokkrum vafa um að sátt muni nást á milli borgaryfirvalda og aðstandenda byggingarinnar. Fyrir lágu skýr tilmæli um varðveislu götumyndar og þær hugmyndir sem nú eru til umræðu munu án efa stuðla að farsælli sátt í málinu. Annars virðist mikil gúrkutíð vera í fjölmiðlum þessa stundina og þess vegna hefur þessi háværa umræða skapast.“

Jakob Frímann er mikill aðdáandi gamalla götumynda miðbæjarins og vill síst af öllu fórna gömlum fallegum húsum fyrir gler- og stálkassa. „Glæstar kringlur og steinhallir eiga fullan rétt á sér og við í miðborginni fögnum samkeppninni við þær,“ segir hann og hlær. „En það er ekki endilega slíkt sem fólk leitar eftir í miðbænum. Götumyndina ber að varðveita og viðhalda enda virðist það mannskepnunni eðlislægt að leita í kósí huggulegheit eldri bygginga, ef til vill til að rækta tengslin við fortíðina. Nægir þar að benda á eina eftirsóttustu verslunargötu austurstrandar Bandaríkjanna, M-street í Georgetownhverfi Washingtonborgar. Laugavegurinn er okkar M-stræti.“

*- tg*

NORDICASPA

Hilton Reykjavík Nordica Hotel
Suðurlandsbraut 2
Sími 444 5090
nordicaspa@nordicaspa.is
www.nordicaspa.is

# Fjögurra vikna lúxusnámskeið

## fyrir konur og karla





**Rannveig I. Marelsdóttir** 48 ára
bókari hjá Mannviti

**Björk Baldvinsdóttir** 29 ára
sérfræðingur hjá Kaupþingi

*Markviss leiðsögn, frábær aðstaða og mesta aðhald sem hægt er að fá. Hér eru engar öfgar á ferð. Farið er vel ofan í mataræðið á skynsaman hátt og bætt við skemmtilegri hreyfingu – útkoman er aukinn orka, úthald og vellíðan í daglegu lífi. Getum mælt með þessu námskeiði við hvern sem er – 100% árangur.*

**Styrmir Þór Bragason** 37 ára
forstjóri MP Fjárfestingarbanka

*Skemmtilegt og fjölbreytt námskeið og besta aðhald sem ég hef fengið og það er það sem skiptir öllu máli þegar maður er að koma sér í form með breyttu mataræði og meiri hreyfingu. Ég var farinn að hlakka til að komast á æfingar og ég fann að orkan jókst mikið á skömmum tíma sem skipir miklu máli í minni vinnu.*



**Lúxusnámskeið NordicaSpa er hannað til að koma þér af stað á mjög árangursríkan og einfaldan hátt. Tilgangur námskeiðisins er að koma þér á æðra stig hvað varðar líkamlega og andlega heilsu.**

- Fimm tímar í viku – Brennsla og styrkur
- 3 öflugir brennslutímar
- 2 styrktartímar í sal undir handleiðslu þjálfara
- Vikulegar mælingar
- Ítarleg næringarráðgjöf
- Fyrirlestur – Borðaðu til að léttast og auka orkuna
- Slökun og herðanudd eftir hverja æfingu
- Hollustudrykkur eftir hverja æfingu
- Takmarkaður fjöldi
- Tímar eru: **6:30, 7:30, 10:00, 12:00, 16:30** og **18:30** fimm sinnum í viku
- Þjálfari er Gunnar Már Sigfússon

### 1. vika – Orkuhleðsla

Í fyrstu vikunni byggir þú upp orku og kemur líkamanum í jafnvægi.

### 2. vika – Öflug melting – Aukin brennsla

Í viku tvö er verið að efla og bæta meltinguna til að þú fáir sem mest út úr holla matnum sem þú ert að borða.

### 3. vika – Hormóna jafnvægi – Hreinsun

10 DVD myndir fylgja frítt með* þessu tæki

## LCD breiðtjald

**Toshiba 37C3000PG**
37" LCD breiðtjald • HD Ready 1366x768p • ActiveVision • Active Backlight • 9000:1 Dyn. Contrast • 8 ms svartími • 10 Bit Processing • DCDi Faroudja Prog. Scan • 3D Color System • 2 HDMI v1.3, 2 Scart, 1 VGA, 1 Component • Textav. ofl.




10 DVD myndir fylgja frítt með* þessu tæki

## Pixel Plus HD

**Philips 37PFL5522D**
37" LCD Pixel Plus HD breiðtjald • Uppl.: 1366x768 punktar • Pixel Plus HD myndtækni - Eykur línufjölda og skerpu • Progressive Scan • HD Ready • Skerpa: 7.500:1 • Active Control • Innb. digital DVB-T mótt. • 2 x 20w Nicam Stereó með Incredible Surround • 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartt. • Textavarp ofl.




## Perfect Pixel Plus 3 HD

10 DVD myndir fylgja frítt með* þessu tæki

**Philips 32PFL7403D**
32" LCD Pixel Plus 3 HD breiðtjald • Uppl.: 1366x768 p. • Perfect Pixel Plus 3 HD • HD Natural Motion og Progressive Scan • HD Ready • Skerpa: 40.000:1 • 100Hz Clear LCD • Ljósskynjari og Active Control • Innb. digital DVB-T mótt. • 30w Nicam Stereó • 2 Scart, 4 HDMI v1.3, Component, SVHS, CVBS og heyrnartt. • Coax út og USB tengi • Textavarp ofl.




10 DVD myndir fylgja frítt með* þessu tæki

*Super Slim*

## Ofurþunnt LCD



**JVC LT42DS9**
42" DynaPix Full HD LCD breiðtjald • Super-Slim (þykkt: 7,4 sm) • 1920x1080 punkta uppl. • HD Ready • Skerpa 7.500:1 og svartími: 6.5ms • Innb. digital DVB-T mótt. • 20w RMS MaxxBass Nicam Stereó • 2 Scart (með RGB), 3 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartt. • Textavarp ofl.

**OPNUNARTÍMI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-19 | Föstudaga | kl. 11-19 |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 | Laugardaga | kl. 11-18 |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 | Sunnudaga | kl. 12-18 |
| Fimmtudaga | kl. 11-19 | | |

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA
Við hliðina á BÓNUS

MAX RAFTÆKI


PLATINUM
RATCHET & CLANK
TOOLS OF DESTRUCTION
PLATINUM
RESISTANCE
FALL OF MAN
PLAYSTATION 3
Beijing 2008
SEGA
6.989 kr.
PLATINUM
UNCHARTED
DRAKE'S FORTUNE
PLATINUM
MOTORSTORM
HEAVENLY SWORD
4.489 kr.
Verð á einu stk.
4.489 kr.
Hundruðir DVD titla í boði!
DVD myndir 989 kr.
Kauptu tvær
... og fáðu þriðju fría
MAX
RAFTÆKI
Dæmið er einfalt - Hlutirnir eru ódýrari í Max!
Tilboðin gilda til 13. 08. eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
4.140 **+0,17%**

**Fjöldi viðskipta:** 151
**Velta:** 2.823 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **EIK BANKI** | 1,44% | **ÖSSUR** | -0,93% |
| **SPRON** | 0,99% | **ATORKA** | -0,91% |
| **GLITNIR** | 0,33% | **BAKKAVÖR** | -0,39% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 6,79 +0,00 ... Atorka 5,43 -0,91% ... Bakkavör 25,60 -0,39% ... Eimskipafélagið 14,30 +0,00% ... Exista 6,75 +0,75% ... Glitnir 15,15 +0,33% ... Icelandair Group 17,20 +0,00% ... Kaupþing 707,00 +0,28% ... Landsbankinn 23,10 +0,22% ... Marel 83,50 +0,00% ... SPRON 3,06 +0,99% ... Straumur-Burðarás 9,24 +0,11% ... Teymi 1,80 +0,00% ... Össur 85,20 -0,93%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Ekki einhliða tollalækkun

Geir Haarde forsætisráðherra sagði í tíufréttum Sjónvarps í byrjun vikunnar að óskynsamlegt væri að gera einhliða breytingar á innflutningi og tollum vegna landbúnaðarvara, þó svo Doha-viðræðurnar hefðu farið út um þúfur. Þá niðurstöðu sagði hann reyndar „gríðarleg vonbrigði fyrir alla þá sem viljað hafa koma á auknu viðskiptafrelsi í heiminum“. Um leið sagði hann óskynsamlegt að ætla að kasta frá landinu ávinningi varðandi útflutning með því að lækka einhliða gjöld eða hömlur á innflutningi. Eitthvað hnykkti nú langminnugum við þessi orð því afstaðan virðist í mótsögn við þá sem efnahagsráðgjafi ráðuneytisins er talinn hafa.



### Ekki hlustað á ráðgjafann?

Tryggvi Þór Herbertsson, sem hóf störf í forsætisráðuneytinu núna um mánaðamótin, komst (með fleirum) í skýrslu Rannsóknarmiðstövar um samfélags- og efnahagsmál (RSE) um Ísland og alþjóðaviðskipti sem út kom í árslok 2005, að annarri niðursöðu. „Það er löngu ljóst að landbúnaður er óverulegt hagsmunamál fyrir Íslendinga og í raun er óskiljanlegt að Ísland skuli vera í hópi þeirra ríkja sem reka harðasta verndarstefnu í landbúnaðarmálum í heiminum,“ segir þar og er hvatt til einhliða niðurfellingar hafta sem bæði myndi efla hér viðskipti og hagvöxt, auk þess að sýna gott fordæmi og rjúfa samstöðu „afturhaldsríkjanna“ í G-10 hópnum.



## Þrír milljarðar í hagnað hjá Stork

Hollenska iðnsamstæðan Stork, sem er að fjórðungshlut í eigu Eyris Invest og Landsbankans, hagnaðist um 24 milljónir evra (tæpa 3 milljarða króna) á fyrri helmingi ársins, samkvæmt nýbirtu uppgjöri. Þar af eru 9 milljónir evra (rúmlega 1,1 milljarður króna) af áframhaldandi starfsemi. Marel keypti í maí Stork Food Systems.

Velta jókst um 11 prósent milli ára og rekstrarhagnaður fyrir afskriftir var 76 milljónir evra. Sjoerd Vollebregt forstjóri segir vöxt félagsins standast væntingar. Markmið tæknihlutans um vöxt á olíu-, gas- og orkumarkaði sé langt umfram væntingar. Hjá Stork starfa um 16.000 manns. **- as/óká**

# Kaupþingsstjórar nýta kauprétti

Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings og Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings, nýttu sér í gær kauprétt að 812.000 hlutum í bankanum á genginu 303 krónur á hlut í samræmi við kaupréttaráætlun sem samþykkt var á aðalfundi bankans 27. mars 2004.

Gengi Kaupþings var í gær við lokun markaða 707 krónur á hlut.

Hreiðar Már framseldi jafnframt hlutinn til eignarhaldsfélags síns. Samkvæmt hlutahafaskrá Kaupþings var eignarhaldsfélag Hreiðars Más fyrir viðskiptin skráð fyrir 6.235.240 hlutum í Kaupþingi. Markaðsverðmæti þess hlutar er nú 4,4 milljarðar króna.

Sigurður Einarsson var skráður fyrir 7.180.420 hlutum að markaðsverðmæti 5 milljarðar króna.



**SIGURÐUR OG HREIÐAR MÁR** Stjórnarformaður og forstjóri Kaupþings nýttu sér báðir kauprétt að 812 þúsund hlutum í Kaupþingi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ef þeir myndu selja þá kauprétti sem þeir nýttu sér nú á gengi gærdagsins sem var 707 myndi hvor um sig innleysa 328 milljóna króna hagnað af þessum kaupréttum. **- as**

# Føroya Banki hagnast minna

**Hagnaður Føroya Banka dregst verulega saman milli ára og er undir væntingum.**

Hagnaður á öðrum ársfjórðungi nam tæpum 148 milljónum íslenskra króna eftir skatta en var á sama tímabili í fyrra 660 milljónir. Afkoma af kjarnastarfsemi var í takt við væntingar. Spár höfðu gert ráð fyrir meiri hagnaði en mikið tap var af skuldabréfasafni, eða tæpar 345 milljónir auk þess sem framlag í afskriftareikning var hátt eða 246 milljónir íslenskra króna. Ástæða þessa stóra framlags er auknir erfiðleikar í sjávarútvegi í Færeyjum en 10 prósent af lánabók bankans er í þeirri atvinnugrein. Þá var einnig tap af hlutabréfaeign bankans í fjármálafyrirtækjum og af gangvirðisbreytingu.

Eiginfjárhlutfall bankans er 18,3 prósent og arðsemi eiginfjár nam 2,7 prósentum á fjórðungnum. Innlánahlutfall bankans er 71 prósent en innlán hafa aukist um tæpa 12 milljarða milli samanburðartímabilanna.

Hagnaður fyrri hluta þessa árs er 341 milljón íslenskra króna eftir skatta. Þetta er töluverð lækkun frá sama tímabili í fyrra en þá var hagnaður bankans tæplega 1,4 milljarður. Aðalástæðuna er að finna í neikvæðri ávöxtun hlutabréfa. Þrátt fyrir þetta heldur bankinn fyrra takmarki sínu um 2,7 til 3 milljarða króna hagnað á þessu ári. Í tilkynningu til Kauphallarinnar segir að lausafjárstaðan sé góð og að framtíð bankans sé björt. **- ghh**



**FÖROYA BANKI** kynnti uppgjör fyrri helmings þessa árs í gær. Myndin er frá kynningarfundi hlutafjárútboðs bankans.

**AFKOMA FØROYJA BANKA**

| Tímabil | Hagnaður í krónum |
|---|---|
| Jan/jún 2008 | 341 milljónir |
| Jan/jún 2007 | 1.400 milljónir |
| **Hagnaður á hlut eftir skatta** | |
| Jan/jún 2008 | 170,8 krónur |
| Jan/jún 2007 | 691,6 krónur |



**BRUCE DICKINSON SÖNGVARI ER 50 ÁRA Í DAG.**

*„Rokktónlist á að vera gróf. Það er fjörið við hana. Hún stendur upp og lætur buxurnar falla.“*

***Dickinson er söngvari rokkbandsins Iron Maiden. Hann hefur komið nokkrum sinnum til Íslands sem flugmaður.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 7. ÁGÚST ÁRIÐ 1960**

## Fílabeinsströndin hlýtur sjálfstæði



Þennan dag, 7. ágúst árið 1960, hlaut Fílabeinsströndin sjálfstæði frá Frakklandi. Landið hafði verið undir stjórn Frakka frá síðari hluta 19. aldar og voru þar framleiddar kakó- og kaffibaunir í miklu magni.

Félix Houphouët-Boigny leiddi Fílabeinsstrendinga til sjálfstæðis eftir diplómatískum leiðum. Hann var leiðtogi innlendra kaffibaunaræktenda og kosinn á franska þingið 1945. Hann varð fyrstur Afríkubúa að komast í evrópska ríkisstjórn og ítök hans í frönskum stjórnmálum höfðu mikið að segja er Fílabeinsströndin fékk fullveldi 1958 og varð loks sjálfstætt ríki árið 1960.

Þegar Fílabeinsströndin fékk sjálfstæði var ríkið eitt best stönduga ríki Vestur-Afríku. Ríkið var, og er enn í dag, einn af stærstu kaffibaunaframleiðendum í heimi, ásamt því að eiga stóra markaðshlutdeild á heimsmarkaði kakós og pálmolíu.

Síðasti áratugur hefur einkennst af borgarastríði og grimmdarverkum á Fílabeinsströndinni. Barátta um demantanámur, frekar en pólitískur ágreiningur, þar sem barnahermönnum var miskunnarlaust beitt hefur skilið landið eftir í sárum. Skrifað var undir friðarsamninga árið 2007 sem halda að nafninu til þótt lítið megi út af bera.

**MERKISATBURÐIR**

1727 Öræfajökull gýs. Gosið stóð í eitt ár og á fyrstu dögum þess sást ekki munur á degi og nótt, svo mikið var gjóskufallið.

1772 Útilegumennirnir Fjalla-Eyvindur Jónsson og Halla Jónsdóttir eru handsömuð. Eyvindur sleppur síðar úr varðhaldi og frelsar loks Höllu. Þau lágu úti í tæpa tvo áratugi.

1944 IBM setur á markað fyrstu reiknivélina sem stýrð er af tölvuforriti. Hann var almennt kallaður Harvard Mark I.

1955 Fyrirtækið Tokyo Telecommunications Engineering setur á markað fyrsta útvarp sitt. Fyrirtækið breytir síðar nafni sínu í Sony.



✝

*Heittelskuð eiginkona mín, dóttir, móðir, tengdamóðir, amma og systir,*

**Aðalbjörg Kristjánsdóttir**

Stapaseli 15, Reykjavík,

lést á líknardeild LSH Kópavogi að kvöldi sunnudagsins 3. ágúst. Hún verður jarðsungin frá Seljakirkju mánudaginn 11. ágúst kl. 13.00.

**Sigurjón Norberg Ólafsson**
**Steinunn Guðmundsdóttir**
**Steinunn Björg Sigurjónsdóttir** **Guðmundur Kjærnested**
**Guðmundur Fertram Sigurjónsson** **Fanney Hermannsdóttir**
**barnabörn, systkini og aðrir ástvinir.**



✝

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Hjartar Hjartarsonar**

Skólabraut 5, Seltjarnarnesi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks heimahlynningar Karitasar, líknardeildar í Kópavogi og deildar 13D á Landspítalanum við Hringbraut. Guð blessi ykkur öll.

**Jensína Guðmundsdóttir**
**Drífa Hjartardóttir** **Skúli Lýðsson**
**Ingibjörg Hjartardóttir** **Sigurður Ólafsson**
**Vilborg Arinbjarnar**
**Anna Ásta Khan Hjartardóttir** **Hrafn Sabir Khan**
**Björn Grétar Hjartarson**
**Guðmundur Ingi Hjartarson** **Sigríður Sigmarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**LISTAMAÐUR Í KARTÖFLUGARÐINUM** Hildur Hákonardóttir ferðaðist heimsbyggðina á enda til að feta í fótspor kartöflunnar. MYND/SUNNLENSKA

HILDUR HÁKONARDÓTTIR: SKRIFAÐI BÓK UM KARTÖFLURÆKT Á ÍSLANDI

## Bláar kartöflur

„Nafngiftin á bókinni er í raun flókin og mögnuð,“ útskýrir Hildur Hákonardóttir, listakona og höfundur bókarinnar Blálandsdrottningin og fólkið sem ræktaði kartöflurnar, sem Salka gefur út í tilefni 250 ára afmælis kartöfluræktar á Íslandi og árs kartöflunnar hjá Sameinuðu þjóðunum. Í bókinni er rakin saga ræktunar á Íslandi, með sérstakri áherslu á upphafið, mismunandi tegundir og hverjar duga best í ólíku umhverfi.

„Mér finnst Blálandsdrottning með fallegri nöfnum á kartöflutegundum, en bláar kartöflur eru eitt af þremur íslenskum afbrigðum í norræna genabankanum. Blálandsdrottning á einnig við um fyrstu konuna sem hafði tekjur af kartöflurækt á Íslandi, Vilhelmínu Lever, kaupmannsdóttur á Akureyri, en hún var mikil drottning og svo hugrökk og hjartastór að hún kaus fyrst kvenna þótt ekki hefðu konur kosningarétt þá,“ segir Hildur sem við gerð bókarinnar ferðaðist allt frá Suður-Ameríku til Eyrarbakka.

„Bláar kartöflur eru seinsprottnar, geymast vel og voru vinsæll kostur á skipum fyrr á öldum, en Blálandsdrottningin hefur líklega borist hingað með frönskum skútum,“ segir Hildur og staðfestir að góðar bláar jafnist á við þær bestu rauðar.

„Íslensk afbrigði kartaflna eru þrjú; bláar, rauðar og gular. Í heiminum öllum eru til þúsundir afbrigða, en í dag fæst einna helst útsæði premier, gullauga, rauðra og Helgu á Íslandi. Það sem er merkilegt við íslensku kartöfluna er að við ræktum fyrst og fremst til að njóta við matborðið en ekki til iðnaðar, og þá skipta bragðgæði mestu. Þeir sem rækta eru afar kresnir og Íslendingar hafa frábæran kartöflusmekk,“ segir Hildur brosmild úti í kartöflugarði.

„Kartaflan breytti miklu í samfélagi manna, bæði hér heima og í útlöndum. Hún var auðveld í ræktun, gaf tækifæri til starfa í iðnaði og stuðlaði að borgarmyndun erlendis. Á Íslandi virðist hún hafa skipt þurrabúðarmenn mestu, en þurrabúð var á vissan hátt forveri þéttbýlis hér á landi, þegar fólk þurfti ekki að búa í sveitum og reyndi að afla sér viðurværis með sjómennsku. Enda varð soðningin með kartöflum þjóðarréttur Íslendinga næstu hundrað ár þegar þótti sjálfsagt að borða fisk og kartöflur fimm sinnum í viku, og ég fullyrði að enn er ekkert betra með fiski en kartöflur,“ segir Hildur sem þykir góðar kartöflur alls matar best.

**thordis@frettabladid.is**



✝

*Elskulegur faðir okkar og bróðir,*

**Páll Jóhann Einarsson**

flugmaður,

andaðist aðfaranótt laugardagsins 2. ágúst sl. á líknardeild Landakots. Útför hans verður gerð frá Fríkirkjunni í Reykjavík, þriðjudaginn 12. ágúst nk. kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er vinsamlegast bent á PEACE-útgáfuna s. 893 3361, kt. 200137-3419. Reikningur 0513 -26-077770.

**Carolin Einarsson Pálsdóttir** **Kristín Einarsson Pálsdóttir**
**Birgir Davidsen Pálsson**
**Páll Ástþór Jónsson Pálsson**
**Stefán (Norman) Mink Pálsson**
**Systkini og afkomendur.**



✝

*Eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Halldóra Brynjólfsdóttir**

frá Þykkvabæjarklaustri, síðast til heimilis að Fögrubrekku 34, Kópavogi,

lést þann 2. ágúst á Vífilsstaðaspítala. Útför hennar fer fram frá Kópavogskirkju á morgun, föstudaginn 8. ágúst kl. 13.00.

**Jón Hannesson**
**Brynjólfur Jónsson** **Kristín Siggeirsdóttir**
**Hannes R. Jónsson** **Beatriz Ramirez Martinez**
**Guðrún Jónsdóttir** **Eiríkur Ingi Eiríksson**
**Soffía Jónsdóttir** **Björn L. Bergsson**
**barna- og barnabarnabörn.**



✝

*Ástkær eiginkona mín, dóttir og systir okkar,*

**Hjördís Kristjánsdóttir**

Furulundi 6c, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar föstudaginn 25. júlí. Útför hennar fer fram frá Glerárkirkju föstudaginn 8. ágúst kl.14.00.

**Héðinn Ósmann Skjaldarson**
**Kristján Hjörtur Oddgeirsson**
**Oddgeir Kristjánsson** **Ingibjörg Haraldsdóttir**
**Baldvin Kristjánsson**
**Guðfinna Jóna Kristjánsdóttir** **Gunnþór Oddgeirsson**
**Halldóra Kristjánsdóttir** **Hannes C. Pétursson**
**Helga Hólmfríðardóttir** **Anton Gunnarsson**
**Óskdís Kristjánsdóttir**
**og systkinabörn.**



✝

*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Helga Eyjólfssonar**

frá Árbæ, Borgarfirði eystra.

Sérstakar þakkir til starfsfólks sjúkrahúss Seyðisfjarðar.

**Ágústa Sveinsdóttir**
**Jóhann Frímann Helgason**
**Þorkell Helgason** **Lukka S. Gissurardóttir**
**Magnús Bjarni Helgason**
**Ósk Helgadóttir** **Stefán Tryggvason**
**Anna Helgadóttir** **Guðni Sigmundsson**
**afa og langafabörn.**


**LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR**

**Mikið úrval**
**Yfir 40 ára reynsla**

Sendum myndalista



*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 - www.mosaik.is


## 90 ára afmæli

Ég færi fjölskyldu minni, vinum mínum og kunningjum er hafa verið mér samferða í leik og starfi, mínar innilegustu þakkir fyrir margvíslegan heiður og sóma er mér var sýndur á 90 ára afmæli mínu þann 30. júlí sl.

Guð blessi ykkur öll.

**Kristinn Óskarsson**
fyrrv. lögreglumaður,
Hæðargarði 35, Rvk.



## 50 ára afmæli

Í dag, 7. ágúst, er

**Theodóra Þorsteinsdóttir**

skólastjóri Tónlistarskóla Borgarfjarðar fimmtug. Hún býður upp á grillveitingar úti í garði á heimili sínu Kveldúlfsgötu 23 í Borgarnesi í kvöld kl. 18-21. Ættingjar og vinir hjartanlega velkomnir að gleðjast með afmælisbarninu.


Opið í dag frá kl. 9 til 18
Nú áttu 200.000 kr. útborgun upp í betri bíl
Smelltu á www.notadir.brimborg.is og veldu þann nýja.
100% fjármögnun.
selja gamla
kaupa nýjan notaðan
Komdu í kaffi og kleinur og seldu okkur drusluna fyrir betri notaðan
Nýr notaður
Breyttu druslunni í djásn í dag
100% fjármögnun á betri bíl frá Brimborg
Við kaupum hvaða druslu sem er á heilar 200.000 krónur, kaupir þú betri notaðan bíl hjá Brimborg í dag. Komdu bíldruslunni í verð.
Nú áttu útborgun upp í betri bíl
Komdu bíldruslunni í verð. Nú áttu útborgun upp í betri bíl. Það skiptir ekki máli hvaða bíl þú átt - við kaupum hann. Komdu bara með bíldrusluna og settu 200 þúsundkallinn upp í betri notaðan bíl hjá Brimborg. Bara ein bíldrusla upp í hvern betri bíl. 100% fjármögnun.
Nýttu nú tækifærið. Komdu í Brimborg í dag.
Druslan öðlast nýtt líf í dag
Komdu druslunni í verð í dag
Kaupum hvaða druslu sem er
200.000 krónur fyrir drusluna
visthæf skref með Brimborg
Farðu á brimborg.is og þú ert kominn af stað
Alveg satt. Við kaupum hvaða bíldruslu sem er á heilar 200.000 kr. kaupir þú betri notaðan í Brimborg. Líka þá sem eru á sérstöku tilboði í dag. Um leið og þú breytir druslunni í djásn tekurðu nokkur visthæf skref. Þú hreinsar til í borg og bæjum og dregur úr mengun. Sparar eldsneyti. Og ekki síst þú eykur öryggi þitt í umferðinni á nýrri bíl.
GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL
brimborg
Öruggur staður til að vera á
Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.notadir.brimborg.is

# EGG ÚT

## HEFST Í DAG KL. 10



Púðar og teppi í miklu úrvali



Lín Design - valdar vörur



Flísar



Veggfóður



Krups raftæki



Ljós



Safretti eldstæði



Baumatic raftæki

Eldhúsinnréttingar Baðinnréttingar Skápar Húsgögn Hreinlætistæki Parket Flísar

EGG ER MEÐ ALLT TIL AÐ
INNRÉTTA OG FEGRA HEIMILIÐ ÞITT

EGG Smáratorgi Sími 525 3400 www.egg.is

# SALAN

ALLT AÐ
80%
AFSLÁTTUR



Maggpie - búsáhöld



Dania, 2ja sæta sófi
L 2m, stillanlegir armar
69.900 ~~99.900~~



Tungusófi, leður
L 320 sm, tunga 180 sm, beinhvítt
199.900 ~~349.900~~



Sófi, leður
2ja sæta, svart/beinhvítt/brúnt
84.900 ~~169.900~~



Stóll, leður
Beinhvítt/svart/brúnt
49.900 ~~86.900~~



Borðstofustóll
svartur/hvítur
6.900 ~~10.900~~



Sjónvarpsskenkur
120x50x50, eik
44.900 ~~60.990~~



Tungusófi, leður
L 320 sm, tunga 180 sm, svart
199.900 ~~349.900~~



Gjafavara - frábært úrval / frábær verð

Ljós | Raftæki | Gjafavara | Heimilistæki | Búsáhöld | Hurðir | Veggfóður | Hönnunarsetur

EGG
SMÁRATORGI

egg@egg.is | Opið virka daga 10 - 18 | Laugardaga 11 - 18 | Sunnudaga 12 - 17




# Montreal

## 15. og 22. ágúst

## frá kr. 29.990



### Allra síðustu sætin!

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á síðustu sætunum til Montreal 15. og 22. ágúst. Þetta er einstakt tækifæri til að njóta lífsins í þessari stórkostlega spennandi borg sem er önnur stærsta borg Kanada. Í borginni mætast gamli og nýi tíminn, rík sagan og iðandi nýbreytnin á einstaklega skemmtilegan hátt. Það er frábært að skoða sig um, versla og njóta lífsins í Montreal; fallegar byggingar, endalaust úrval verslana og veitingastaða og mjög hagstætt verðlag. Gríptu tækifærið og smelltu þér til Montreal og njóttu þess besta sem þessi spennandi heimsborg hefur að bjóða.

**Mjög takmarkað framboð flugsæta og gistingar í boði á þessu verði.**

Verð kr. 29.990
Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum. Sértilboð 15. og 22. ágúst.

Verð kr. 49.990
flug og gisting í viku.
Netverð á mann, m.v. 2 saman í herbergi á Travelodge með morgunverði í viku. Sértilboð 15. og 22. ágúst.

Verð kr. 54.200
flug og gisting í viku.
Netverð á mann, m.v. 2 saman í herbergi á Les Suites Labelle með morgunverði í viku. Sértilboð 15. og 22. ágúst.

Verð kr. 76.600
glæsileg gisting ****
Netverð á mann, m.v. 2 saman í tvíbýli á Hyatt Hotel **** með morgunverði í viku. Sértilboð 15. og 22. ágúst.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



NOKKUR ORÐ
Mikael Marinó Rivera

# Gagnárás geitunganna

Hér í þessu blaði en á öðrum stað greindi ég frá því hvernig hægt væri að farga geitungabúum á einfaldan og fljótlegan hátt. Ég notaðist við ryksugu og réðst til atlögu gegn búinu. Svo nýlega var hringt í mig og það var góður vinur sem tjáði mér það að eitt stykki geitungabú væri fyrir utan svefnherbergisgluggann sinn.

Ég var fullviss um að þetta yrði barnaleikur, en annað kom á daginn. Búið var í stærri kantinum og mér leist ekkert á blikuna en ég verð að vera maður orða minna og gekk í verkið með kjarki. Á þessum tímapunkti gat ég hreinlega ekki gefist upp og setti því ryksuguna í gang.

Ég réðst á búið en það haggaðist ekki og íbúar þess voru allt annað en sáttir þannig að ég flúði fyrir horn og ákvað að bíða aðeins. Við félagarnir ræddum málið, gerðum nýja áætlun. Ég gekk af stað og leit fyrir hornið en varð fyrir gagnáras íbúa búsins og fékk högg á neðri vörina og lét mig falla með tilþrifum í grasið öskrandi „maður særður, maður særður!“.



Ég flúði særður með neðri vör á stærð við hamborgara. Ég klíndi á mig sótthreinsandi kremi og gleypti íbúfen til þess að slá á bólguna. Gott fólk, ekki fara eftir ráðum mínum og ég bið ykkur að hringja á meindýraeyði til þess að eyða geitungabúum í garðinum heima hjá ykkur. Í guðanna bænum ekki nota ryksuguna gegn þeim nema þið viljið verða fyrir árás geitunganna.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



# ÁGÚSTTILBOÐ

## ESPRESSÓ KAFFIVÉLADAGAR

**ILMANDI KAUPAUKI**
*1kg af ítölskum Kimbo Crema Espresso baunum fylgir öllum vélum í ágúst!*



**20%**
**AFSLÁTTUR**

FULLT VERÐ **67.400**

TILBOÐSVERÐ
**53.900**

AFSL. KR. 13.500

**Saeco Odea Go**

- Ketill úr ryðfríu stáli
- Kvörn úr ceramic
- Panarello flóunarstútur
- 1500 W
- Baunahólf: 180 gr
- Vatnstankur: 1,5 lítrar
- Korgskúffa: 15 bollar
- Þrýstingur: 15 bör
- Á snúningsfæti

# Saeco kaffivélar

– mest seldu sjálfvirku kaffivélarnar á Íslandi um árabil



**Saeco Odea Giro Plus**

- 2 katlar úr ryðfríu stáli
- Keramík kvörn
- Panarello flóunarstútur
- 1500 W
- Baunahólf: 180 gr
- Vatnstankur: 1,5 lítrar
- Korgskúffa: 15 bollar

**20%**
**AFSLÁTTUR**

FULLT VERÐ **75.200**

TILBOÐSVERÐ
**59.900**

AFSL. KR. 15.300



**Saeco Incanto Deluxe**

- Digital skjár og SBS kerfi
- 2 katlar úr ryðfríu stáli
- Keramík kvörn
- Tekur einnig malað kaffi
- Panarello flóunarstútur
- Hitaplata fyrir bolla
- Baunahólf: 300g
- Vatnstankur: 1,7 lítrar
- Korgskúffa: 15 bollar
- Þrýstingur: 15 bör
- 1200 wött
- Á snúningsfæti

**20%**
**AFSLÁTTUR**

FULLT VERÐ **106.900**

TILBOÐSVERÐ
**84.900**

AFSL. KR. 22.000

*Kaffi, Americano, Espresso, Espresso Macchiato, Cappuccino, Latte Macchiato*



**Saeco Talea Touch**

- Stór skjár og snertiflötur
- Snúningsfótur
- Forritar skammt, styrk ofl.
- SBS kerfi
- 2 katlar úr ryðfríu stáli
- Þrýstingur: 15 bör
- 1300 wött
- Baunahólf: 250g
- Vatnstankur: 1,7 lítrar
- Keramík kvörn
- Sjálfvirk flóun á mjólk
- Tekur einnig malað kaffi

**26%**
**AFSLÁTTUR**

FULLT VERÐ **122.900**

TILBOÐSVERÐ
**89.900**

AFSL. KR. 33.000

Saeco

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

## > Viltu vatn?

Við vitum öll að vatnsdrykkja er holl og góð. Gerðu sötrið skemmtilegra með því að bæta ferskri myntu út í vatnskönnuna, það er sérlega frískandi. Svo má líka nota sítrusávexti, gúrkusneiðar, vatnsmelónu eða jafnvel rósmarín til að stríða bragðlaukunum aðeins.



# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN MARÍA MAGNÚSDÓTTIR SÖNGKONA

# *Gæti ekki verið án kaffis latte með hrísmjólk*

**Hvaða matar gætirðu síst verið án?** Má kaffi vera matur? Ég gæti ekki verið án lattesins míns með hrísgrjónamjólkinni. Sama hvort það er heimagert eða frá Kaffitári.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?** Á gamlárskvöldi á hverju ári er kalkúnn á boðstólum hjá mömmu og pabba. Hann er alveg í uppáhaldi. Svo var mér boðið í heimagert sushi um daginn, sem kemur líka sterkt inn.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?** Mér finnst vont að borða allan mat sem er seigur undir tönn.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum:** Að eiga alltaf til Thai Pride Curry í dós. Þá er lítið mál að búa til dýrindis máltíð úr því sem er til í ísskápnum. Það er samt best ef maður býr svo vel að eiga hrísgrjón, kjúkling og mannsæmandi grænmeti.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?** Dökkt súkkulaði, eða bara súkkulaði yfirhöfuð.

**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?** Ég á alltaf til hrísgrjónamjólk, kotasælu, engifer og hvítlauk.

**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?** Ef ég festist á eyðieyju og það yrði jafn planað og spurningin gæfi til kynna þá tæki ég klárlega með mér álfabrauð eins og í Hringadróttinssögu.

**Hvað er það skrýtnasta sem þú hefur borðað?**
Slátur. Hverjum datt í hug að hakka niður kindaafganga og sjóða þá svo í vömbum? Það er engu síður ágætt svona öðru hverju.



# Matarblogg vinsæl



**FÁÐU INNBLÁSTUR** Einföld leit á foodblogsearch.com leiðir í ljós margvíslega möguleika á notkun kókoshneta í matseld. NORDICPHOTOS/GETTY

Á internetinu er aragrúi af alls kyns uppskriftasíðum, matarumfjöllunum og bloggi um mat, sem eru geysivinsæl víða um heim. Á síðunni foodblogsearch.com er að finna stórsniðuga leitarvél, sem skannar yfir tvö þúsund matarblogg í leit að uppskrift fyrir þig. Sláðu inn það hráefni sem þig langar að nota og fáðu tugi uppástungna að notkun þess í matseldinni.

Sé til dæmis leitað að kókoshnetu má finna uppskriftir að öllu frá kókoshnetu- og bláberjamúffum til kókosrækja með sætri apríkósu- og chili-ídýfu. Njótið vel.

# Öðruvísi samlokur

Pestó hefur verið gríðarlega vinsælt síðustu ár og gerði samlokur svo sannarlega áhugaverðari með innreið sinni í ísskápa landsmanna. Ef þú vilt breyta til er hins vegar um að gera að prófa að búa til ætiþistlamauk. Það er einstaklega bragðmikið og gott og hentar sérlega vel á samlokuna. Verði eitthvað afgangs, sem hlýtur að teljast nokkuð hæpið, má geyma maukið í ísskáp í allt að viku.

**1 krukka ætiþistlar í olíu**
**1 msk. ólífuolía**
**5 sardínur úr dós**
**1 hvítlauksgeiri, ef vill**
**½ dl basilikublöð**

Látið renna vel af ætiþistlunum. Setjið allt hráefnið í matvinnsluvél eða blandara – passið að þjappa basilikublöðunum vel í desílítramálið. Hrærið þar til hráefnið er orðið að grófu mauki og njótið.



**GÓMSÆTIR ÞISTLAR** Prófaðu að gera þitt eigið ætiþistlamauk. Notist á samlokur, með pasta, fiski eða hverju sem er.

NORDICPHOTOS/GETTY






**LÍTIÐ FYRIR UPPSKRIFTIR** Gróa Ásgeirsdóttir einbeitir sér að hollu mataræði.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Kjúklingur á allra vörum

**Gróa Ásgeirsdóttir stendur fyrir átakinu Á allra vörum sem lýkur í ágúst. Hún er nemi í viðskiptafræði auk þess að vera verkefnastjóri Flugfélags Íslands. Hún býður lesendum upp á uppskrift að kjúklingi og spínatsalati.**

„Ég er ekki uppskriftakona, ég vil frekar hafa þetta einfalt og bý bara til úr því sem er til í ísskápnum,“ segir Gróa Ásgeirsdóttir. „Ég vil hafa matinn frekar hollan og góðan. Ég nota kjúkling mjög mikið og finnst það rosalega góður matur. Ég geri þessa uppskrift svolítið oft og hún er vinsæl heimafyrir.“

Gróa stendur fyrir átakinu Á allra vörum. „Ég greindist sjálf með brjóstakrabbamein síðasta vetur. Við fórum af stað með þetta átak í framhaldi af því. Við höfum verið að selja gloss um borð í Icelandair-vélunum frá í lok maí. Svo vorum við með söfnunarþátt á Skjá einum 20. júní. Samtals áætlum við að safnast hafi um 50-55 milljónir. Við munum afhenda þær í lok ágúst með stolti.“

Glossin eru enn til sölu um borð og hjá Krabbameinsfélaginu. Safnað var fyrir tækjabúnaði. „Við lokum átakinu um leið og þessi tæki verða tekin í notkun þannig að það passar mjög vel saman.“

Sjálf er Gróa á batavegi. „Ég er búin í öllum meðferðum og hef verið að byggja mig upp. Haustið fer í að halda áfram að koma mér í samt form á ný og klára skólann um áramótin. Þá er gott að vera með heilsusamlegan mat. Maður verður að hugsa um það í þessu öllu saman.“

Gróa segir hreyfingu hafa hjálpað sér mest. „Og bara að vera úti. Það er náttúrlega búið að vera yndislegt veður til þess í sumar. Þannig að ég hef náð að geta verið úti og slaka á. Nota góða veðrið í göngutúra og svona.“

**kolbruns@frettabladid.is**

**Kjúklingur í pestó og rjóma með spínatsalati**

Kjúklingabringur
Salt og pipar
Rautt pestó
Rjómi
Spínatsalat
Spínat
Ristaðar furuhnetur
Fetaostur og olía
Smákramið nachos

**Aðferð:**
Kryddið kjúklingabringurnar vel með pipar og smá salti. Penslið rauðu pestói á bringurnar og setjið þær í eldfast mót. Smá rjóma hellt yfir bringurnar og þær settar inn í ofn. Bætið svo rjóma við eftir því sem líður á og kryddið kannski aðeins meira.

Berið fram með salatinu og heitu brauði, ef vill.

# Ljúffengt og nýstárlegt konfekt

Í Sandholtsbakaríi er boðið upp á gott úrval af ljúffengum handgerðum konfektmolum sem kitla bragðlaukana. Bakarameistarinn Ásgeir Sandholt segir að hér á landi hafi verið mikil vakning þegar kemur að konfektgerð og séu menn nú óhræddari við að nota hráefni sem ekki hafa verið notuð áður, líkt og timían og basiliku.

„Ég lærði meðal annars í Frakklandi og Ítalíu þar sem konfekt- og súkkulaðimenningin er mun meiri en hér heima. Hér er meira um sælgætisgerð heldur en klassíska konfektgerð,“ segir Ásgeir en hann segir Íslendinga vera óhræddari við að smakka nýjar konfekttegundir en áður. „Ég keppi með kokkalandsliðinu þar sem ég hef mikið unnið að þróun eftirrétta og hef eytt upp í tveimur árum við að þróa einn konfektmola.“

Ásgeir segist nú vera að sanka að sér íslenskum jurtum, líkt og hvönn og blóðbergi, til þess að nota í konfektgerð. Vinsælasti molinn þessa dagana er hins vegar fersksultað og súkkulaðihjúpað engifer, „Flestum finnst hann mjög góður en það er eins með hann og margt annað, fólk annað hvort elskar hann eða hatar. Svo er einnig hægt að fá mjólkursúkkulaði-ganache með ástaraldinum og Bombay gini.“ Þeir sem vilja dekra við sig geta valið sér nokkra dásamlega mola til þess að narta í yfir góðu rauðvínsglasi.

**- sm**



**KLASSÍSKT KONFEKT** Hægt er að kaupa alvöru konfekt í Sandholtsbakarí til að hafa með kaffinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

GALLERÝ KJÖT

Fiskisaga

# ...TVÆR GÓÐAR ÁSTÆÐUR TIL AÐ KOMA ELSKUNNI SINNI Á ÓVART



## Lamba rib-eye

2.990 kr. kg

Fullt verð 3.780 kr. kg



## Laxaréttur

1.390 kr. kg

Fullt verð 1.890 kr. kg

## Meðlæti...

Það er um að gera að notfæra sér úrvalið af meðlæti í verslunum Gallerý kjöt og Fiskisögu.  Á boðstólum eru m.a. ljúffengar sósur, heitar sem kaldar. Ýmsar kryddblöndur sem og salatsósur ásamt dýrindis olíum. Það er því ástæða til að velja einnig gott meðlæti þegar á að koma elskunni sinni á óvart.

**Á HÖFUÐB.SVÆÐINU:** GRENSÁSVEGI • BÚÐARKÓR • DALVEGI HAMRABORG • HÖFÐABAKKA • SUNDLAUGARVEGI • NESVEGI HÁALEITISBRAUT • TJARNARVÖLLUM • BITRUHÁLSI

(Gildir í dag fimmtudag, föstudag og laugardag.)

**Á AKRANESI:** ÆGISBRAUT 29

**Í REYKJANESBÆ:** VERSLUNARMIÐSTÖÐINNI FITJUM

Verslanir Gallerý kjöt og Fiskisögu eru opnar
– **virka daga** 11:00 – 18:30
– **laugardaga** 11:00 – 17:00

**50% afsláttur**

Vnr. 51033641
**Kastari**
HONSEL kastari 50W.



## LJÓS
## 30% TIL 50%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM LJÓSUM

**40% afsláttur**

Vnr. 74802250
**Stingsög**
EINHELL stingsög, 600W.
Sagar allt að 65 mm.




## VERKFÆRI
## 10% TIL 50%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VERKFÆRUM

# LAGERH

## FRÁBÆR AFSLÁTTUR AF FJÖLMÖRGUM VÖ

## RAFTÆKI
## 20% TIL 50%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM RAFTÆKJUM



Vnr. 65753084
**Örbylgjuofn**
GALANZ örbylgjuofn
stál, 23 l, 900W.

**50% afsláttur**

## BÚSÁHÖLD
## 30% TIL 50%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BÚSÁHÖLDUM





## TEPPI OG MOTTUR
## 30%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM TEPPUM OG MOTTUM

**50% afsláttur**

Vnr. 41348360
**Matarsett**
Matar- og kaffisett,
hnífaparasett og glasasett.
4- matardiskar, djúpdiskar,
brauðdiskar, bollar, rauðvíns-
glös og hnífapör.





50% afsláttur

Vnr. 17510801
**Flísar**
UNIT TWO hvítar glans flísar, 15x15 cm

# BLÖNDUNARTÆKI

30% TIL 50%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BLÖNDUNARTÆKJUM

50% afsláttur

Vnr. 15334232
**Sturtutæki**
PRECISION sturtutæki

# FLÍSAR

30% TIL 50%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FLÍSUM

# ALLT Á AÐ SELJAST!

# REINSUN

RUFLOKKUM, ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR*

MESTA ÚRVALIÐ Í BREIDD OG KAUPTÚNI

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.




# MÁLNING

20% TIL 50%

AFSLÁTTUR AF VALDRI MÁLNINGU

50% afsláttur

Vnr. 89090250
**Málning**
SADOLIN VERDENS 5 l.



40% afsláttur

Vnr. 10620199
**Baðkar**
KALDEWEI baðkar 170x70/2,3 MM.

# HREINLÆTISTÆKI

20% TIL 50%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HREINLÆTISTÆKJUM



# FÖT

25% TIL 50%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FATNAÐI

40% afsláttur

Vnr. 93454471-6
**Flísjakki**
TRANEMO flísjakki grár, fæst í S, M, L, XL, XXL, 3XL.

BYKO

Nýtt í bíó
LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| MÚMÍAN 3 - DIGITAL | kl. 4.30, 5.45, 8 og 10.15-P | 12 |
| THE LOVE GURU | kl. 4, 8 og 10 | 12 |
| WALL–E – ÍSLENSKT TAL | kl. 3.50 og 6 | L |
| THE DARK KNIGHT | kl. 7 og 10 | 12 |

SAMbio.is SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE MUMMY 3 | kl. 1:30 - 3:40 - 6 - 8D - 10:30D | 12 |
| THE MUMMY 3 | kl. 8 - 10:30 | VIP |
| DARK KNIGHT | kl. 2 - 5 - 8 - 8:20 - 11:10 | 12 |
| DARK KNIGHT | kl. 2 - 5 | VIP |
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| WALL-E m/ensku tali | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| MAMMA MÍA | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 | L |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 1:30 - 3:40 | L |
| WANTED síðustu sýn. | kl. 10:30 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE MUMMY 3 | kl. 5:50D - 8D - 10:30D | 12 |
| LOVE GURU | kl. 8 - 10 | 12 |
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 3:40D - 6 | L |
| DARK KNIGHT | kl. 5 - 8 - ( 11:10 Powersýn.) | 12 |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 4 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| THE MUMMY 3 | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| DARK KNIGHT | kl. 8 - 10:50 | 12 |
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 5:50 | L |
| MAMMA MÍA síð. sýn. | kl. 5:40 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE MUMMY 3 | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| DARK KNIGHT | kl. 8 - 10:50 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| THE MUMMY 3 | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 5:45 | L |
| DARK KNIGHT | kl. 8 - 10:50 | 12 |
| LOVE GURU | kl. 6 | 12 |

SAMbio.is

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| THE MUMMY 3 | kl. 5.30D - 8D - 10.30D | 12 |
| THE MUMMY 3 LÚXUS | kl. 5.30D - 8D - 10.30D | 12 |
| THE LOVE GURU | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 12 |
| WALL-E ÍSL. TAL | kl. 3.30D - 5.45D | L |
| THE STRANGERS | kl. 8 - 10 | 16 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 - 8D - 10.30D | L |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. SUMARTILBOÐ

| | | |
|---|---|---|
| THE STRANGERS | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| HELLBOY 2 | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| MEET DAVE | kl. 5.50 - 8 | 7 |
| THE INCREDIBLE HULK | kl. 10.10 | 12 |

allar myndir - allar sýningar - alla daga í allt sumar

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE DARK KNIGHT | kl. 6 - 9 | 12 |
| HELLBOY 2 | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 - 10.30 | L |
| MAMMA MIA SING-A-LONG SÝNING | kl. 8 | L |
| SEX AND THE CITY | kl. 6 - 9 | 14 |

AUKAKRÓNUR 5%

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| THE LOVE GURU | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE STRANGERS | kl. 10.10 SÍÐASTA SÝNING | 16 |
| MAMMA MIA | kl. 6 - 8 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

# Kerti fyrir Tíbeta

Vinir Tíbets standa fyrir ljósahátíð á Lækjartorgi í kvöld. „Þetta eru alþjóðlegar aðgerðir sem munu eiga sér stað um allan heim og byrja klukkan níu á staðartíma,“ segir Birgitta Jónsdóttir, formaður Vina Tíbets.

„Það verður kveikt á kertum, bæði á svona ljósahátíðum eins og við erum með, en svo getur fólk líka tekið þátt með því að skrá sig á netinu og kveikja á kerti úti í glugga. Þetta er mjög falleg aðgerð þar sem fleiri milljónir manna beina huganum að Tíbetum og vekja athygli á að það er kominn tími til þess að eitthvað gerist varðandi þeirra mannréttindi og frelsi.“

„Við ætlum að skrifa með kertum Save Tibet og beina því að stjórnarráðinu. Okkur finnst íslenska ríkisstjórnin ekki hafa brugðist við kalli okkar á að tala við kínverska ráðamenn. Þessi aðgerð er ekki gegn Ólympíleikunum eða kínversku þjóðinni sem slíkri. Allir Tíbetar sem ég hef lesið eftir eða talað við líta á Kínverja sem þjáningarbræður og systur undir þessari ægistjórn.“

„Ég finn það meðal almennings að þegar fólk fær upplýsingar um hvernig ástandið er verður það mjög jákvætt og vill gera það sem það getur til að styðja þetta málefni,“ segir Birgitta. Hægt verður að kaupa kerti á staðnum. **-kbs**



**FALLEG ÁMINNING** Birgitta Jónsdóttir hvetur fólk til að minnast ástandsins í Tíbet með kerti. MYND/BIRGITTA

# London Airwaves í loftið

**Tugir hljómsveita koma fram á tónlistarhátíðinni London Airwaves sem verður haldin á átta tónleikastöðum í austurhluta London föstudaginn nítjánda september.**



**STEED LORD** Hljómsveitin Steed Lord spilar bæði á London Airwaves og Iceland Airwaves í ár.

Þótt tilefnið sé tíu ára afmæli Iceland Airwaves-hátíðarinnar er stefnan sett á að gera hátíðina að árlegum viðburði. „Við ákváðum að kýla á þetta og gera þetta Airwaves-vörumerki aðeins stærra. Það er reyndar orðið stórt í Bretlandi en okkur fannst tilvalið að halda þetta í tilefni af tíu ára afmælinu,“ segir Róbert Aron Magnússon, starfsmaður Hr. Örlygs í London.

Aðeins hluti hljómsveitanna sem kemur fram á hátíðinni spilar líka á Iceland Airwaves. Má þar nefna hinar bresku These New Puritans og Florence and the Machine auk hinnar íslensku Steed Lord. Einnig koma fram í London sveitir á borð við Metronomy, The Whip, Teenagers frá Frakklandi og Dead Kids.

## Svipað og 101 Reykjavík

„Hérna erum við að stíla inn á hópinn sem er hér og þemað er að bjóða upp á eitthvað nýtt, ferskt og kúl,“ segir Róbert, sem hefur verið búsettur í London í tvö ár. Hann segir að London Airwaves-uppátækið hafi fengið góð viðbrögð. „Það er vonandi að við getum byggt áfram þetta festival hér og gert þetta stærra. Þetta Shoreditch-hverfi er svolítið eins og 101 Reykjavík. Þarna eru fimmtán til tuttugu barir á einhverjum smápunkti og þeir búa örugglega til svipaða stemningu og á Iceland Airwaves.“



**RÓBERT ARON MAGNÚSSON** Róbert Aron starfar við London Airwaves enda búsettur í stórborginni.

Einn tónleikastaðurinn verður bílastæðahús sem verður breytt í lítinn klúbb þar sem funheitir plötusnúðar þeyta skífum fram eftir nóttu.

## Sjö hundruð sóttu um

Á meðan Róbert og félagar sitja sveittir við undirbúning London Airwaves er allt á suðupunkti hér heima við skipulagningu Iceland Airwaves. Yfir sjö hundruð listamenn alls staðar að úr heiminum sóttu um þátttöku á hátíðinni í gegnum síðuna SonicBids.com og verða einhver nöfn valin úr þeim hópi. Umsóknarfrestur fyrir íslenska listamenn rennur út fimmtánda ágúst en þegar hafa yfir hundrað flytjendur sótt um á síðunni Icelandairwaves.com.

## Megas í fyrsta sinn

Á meðal hljómsveita sem þegar hafa verið staðfestar á hátíðina eru hin brasilíska CSS, The Young Knives, Robots in Disguise, Junior Boys, Sprengjuhöllin, GusGus Bloodgroup og Jeff Who? auk þess sem Megas tekur í fyrsta sinn þátt ásamt hljómsveit sinni Senuþjófunum. Einnig ætla Hjálmar að spila á Airwaves í fyrsta sinn í tvö ár en þeir hyggja á útgáfu á sinni fjórðu plötu á fjórum árum í haust.

freyr@frettabladid.is

Viltu skjól á veröndina?




www.markisur.com og www.markisur.is
Veðrið verður ekkert vandamál
Hrein fjárfesting ehf, Dalbraut 3, 105 Reykjavík
Upplýsingar í síma 567 7773 og 893 6337 um kvöld og helgar


ÚTSALAN ER HAFIN
15-50 %
afsláttur
ALVÖRU FJALLAHJÓL
MONGOOSE
VARIST
EFTIRLÍKINGAR
WWW.GAP.IS
GAP
FJALLAHJÓLABÚÐIN FAXAFENI 7
S: 5200 200• MÁN - FÖS. KL. 9-18.• LAU. KL. 10-16

### > Rakel Hönnudóttir valin best

Landsliðskonan Rakel Hönnudóttir hjá Þór/KA var valin besti leikmaður umferða 7 til 12 í Landsbankadeild kvenna en valið var tilkynnt í höfuðstöðvum KSÍ í gær. Vanda Sigurgeirsdóttir, þjálfari Breiðabliks, hlaut viðurkenningu sem besti þjálfari umræddra umferða og stuðningsmenn KR hlutu stuðningsmannaverðlaunin. Lið umferðanna var annars þannig skipað: María B. Ágústsdóttir (KR), Ásta Árnadóttir (Valur), Erna B. Sigurðardóttir (Breiðablik), Guðrún Sóley Gunnarsdóttir (KR), Katrín Jónsdóttir (Valur), Dóra María Lárusdóttir (Valur), Edda Garðarsdóttir (KR), Hólmfríður Magnúsdóttir (KR), Rakel Hönnudóttir (Þór/KA), Margrét Lára Viðarsdóttir (Valur), Ruth Þórðar Þórðardóttir (Fylkir).



**sport**
sport@frettabladid.is

LANDSBANKADEILD KARLA: TVENNA MATTHÍASAR VILHJÁLMSSONAR SÁ UM BARÁTTUGLAÐA ÞRÓTTARA

# Matti greip tækifærið eftir brotthvarf tvíburanna

FH hélt eins stigs forystu sinni á toppi Landsbankadeildarinnar þegar liðið lagði Þrótt, 2-0, á heimavelli sínum í gærkvöld.

Þrátt fyrir mikla yfirburði FH í fyrri hálfleik og urmul af góðum marktækifærum tók það FH 45 mínútur að brjóta ísinn og komast yfir. Þar var að verki Bolvíkingurinn Matthías Vilhjálmsson með góðu skoti úr vítateignum eftir að hafa tekið boltann niður og leikið á hálfa vörn Þróttar með góðum snúningi.

Síðari hálfleikur var gjörólíkur þeim fyrri. Þróttarar létu hafa mun meira fyrir sér og áttu nokkur fín færi en FH voru þó enn sterkari aðilinn í leiknum.

Líkt og í fyrri hálfleik skoraði Matthías Vilhjálmsson og sanngjarn, 2-0, sigur toppliðs FH staðreynd á baráttglöðu og undirmönnuðu liði Þróttar sem saknaði fjögurra lykilmanna.

Þótt sigur FH hafi verið næsta öruggur þurftu heimamenn að hafa mikið fyrir hlutunum. „Eins og við vissum er Þróttur með mjög vel skipulagt lið og berjast til síðasta manns," sagði Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, eftir leik.



Þróttarar fengu gott tækifæri til að jafna metin snemma í síðari hálfleik þegar Jesper Sneholm komst einn inn á móti Gunnari Sigurðssyni markverði sem varði vel. „Við fengum góð tækifæri til að koma okkur í þægilega stöðu í þessum leik en á meðan það er 1-0 þá þarf ekki nema eitthvað eitt að detta fyrir andstæðinginn og þá er mark en sem betur fer náum við að skora annað og þá er þetta komið."

Matthías Vilhjálmsson fór mikinn í liði FH í leiknum en hann hefur leikið frábærlega eftir að hafa tekið stöðu Arnars Gunnlaugssonar í liðinu eftir að Arnar tók við liði ÍA ásamt Bjarka bróður sínum. „Matti Vil gerði þetta frábærlega. Einstaklingsframtak í fyrra markinu og svo var seinna markið flott sókn sem hann kláraði vel. Þegar tvíburarnir fóru sáu leikmenn að þeir gætu fengið tækifæri og Matti hefur nýtt sér það," sagði þjálfari FH í leikslok. **- gmi**

**FH 2-0 ÞRÓTTUR**

*1-0 Matthías Vilhjálmsson (45.),*
*2-0 Matthías Vilhjálmsson (76.).*
Kaplakrikavöllur, áhorf.: 1.132
Valgeir Valgeirsson (6)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 15-5 (10-2) |
| Varin skot | Gunnar 2 – Bjarki Freyr 7 |
| Horn | 8-5 |
| Aukaspyrnur fengnar | 11-14 |
| Rangstöður | 0-1 |

**FH 4-3-3** Gunnar Sigurðs. 6 - Höskuldur Eiríksson 6, Ásgeir G. Ásgeirsson 7, Dennis Siim 7, Hjörtur Logi Valgarðs. 6, Björn D. Sverris. 7, Davíð Þ. Viðarsson 8, ***Matthías Vilhjálms. 8**, Atli Guðnason 5 (68., Jónas Grani Garðars. 6), Atli Viðar Björns. - (16., Matthías Guðm. 6), Tryggvi Guðm. 8

**Þróttur 4-5-1** Bjarki F. Guðmunds. 6, Jón Ragnar Jóns. 6, Eysteinn Lárusson 6, Michael Jackson 4, Kristján Ó. Björns. 5, Andrés Vilhjálms. 5, Magnús M. Lúðvíks. 4, Rafn A. Haralds. 6 (46., Kristinn Steinar Kristins. 5), Sigmundur Kristjáns. 6, Carlos Bernal 3 (87., Haukur P. Sigurðs. -), Jesper Sneholm 6.

Hörður Sveinsson tryggði Keflavík sigur á ögurstundu:

# „Þetta var frelsun"

**FÓTBOLTI** Hörður Sveinsson skoraði sigurmark Keflvíkinga á lokamínútunni þegar liðið tók á móti HK í gær. HK-liðið leit ansi vel út í þessum leik og réði ferðinni stærstan hluta fyrri hálfleiks. Samt voru Keflvíkingar tveimur mörkum yfir í leikhléi en þeir refsuðu tvívegis fyrir arfadapran varnarleik Kópavogsliðsins.

HK-ingar sýndu karakter með því láta ekki slá sig út af laginu og náðu að jafna en héldu ekki einbeitingu og eftir skyndisókn kom sigurmark Keflavíkur.

„Þetta þriðja mark okkar var mikil frelsun," sagði Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflavíkur, eftir leik.

„Það var alveg hrikalegt að fá á sig þessi tvö mörk. Það var mjög sætt að ná að vinna leikinn eftir að staðan var orðin þessi en við erum orðnir ansi þreyttir á því að fá á okkur svona mörg mörk."

HK lék virkilega vel í fyrra en nokkur slæm varnarmistök urðu þeim að falli. Keflvíkingar voru aðeins skugginn af sjálfum sér en heilladísirnar voru á þeirra bandi og sáu til þess að þeir halda sér einu stigi á eftir FH-ingum.

„Við töluðum um það fyrir leikinn að við þyrftum að vera ákveðnir því það hefur verið ákveðin vinna í gangi með HK-liðið. Leikur okkar þannig séð var bara lélegur. Það voru of fáir hlutir sem voru góðir," sagði Kristján Guðmundsson. **- egm**



**SÁTTUR** Þjálfara Keflvíkinga var létt í leikslok.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Bæði lið sátt við stigið

**Breiðablik og KR gerðu 1-1 jafntefli á Kópavogsvellinum í gær og virtust sátt með sinn hlut. Þjálfari Blika hefur ekki áhyggjur af því að missa af lestinni.**

**FÓTBOLTI** „Þegar öllu er á botninn hvolft held ég að þetta séu úrslit sem við verðum að sætta okkur við," sagði Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks, eftir leikinn gegn KR sem lyktaði með 1-1 jafntefli.

Blikar komust snemma yfir með marki Jóhanns Bergs Guðmundssonar en Grétar Sigfinnur Sigurðarson jafnaði metin undir lok fyrri hálfleiks með skallamarki eftir horn.

„Við höfðum möguleikann að skora annað mark skömmu eftir að við komumst yfir en gerðum það ekki," bætti Ólafur við. „Þeir settu svo töluverða pressu á okkur í föstum leikatriðum í fyrri hálfleik en mér fannst við ná að leiðrétta það í seinni hálfleik og koma okkur betur inn í leikinn. Við sköpuðum svo sem ekki mikið af færum og þetta var einfaldlega leikur tveggja jafnra liða."

Grétari fannst að KR hefði átt að vinna leikinn. „Þeir sóttu að vísu mikið á okkur síðustu tíu mínúturnar en mér fannst frábært hvernig við náðum að svara fyrir okkur eftir að okkur var refsað í upphafi leiksins. Annars fannst mér þeir ekki fá mörg færi og við héldum vel aftur af þeim. Við hefðum átt að skora tvö, kannski þrjú, mörk í leiknum en heilt yfir er ég samt sáttur við þessi úrslit."

Margir KR-ingar vildu meina að Grétar hefði komið boltanum yfir línuna öðru sinni en Blikar björguðu þá á línu.

„Boltinn fór ekki yfir línuna," sagði Grétar. „Verst var bara að það voru komnir tveir miðverðir í hlaupið, annars hefði þetta kannski farið betur," bætti hann við og glotti.

Breiðablik er nú átta stigum á eftir toppliði FH. „Ég hef ekki áhyggjur af því að við misstum af einhverri lest með því að vinna ekki í kvöld," sagði Ólafur um toppbaráttuna. „Við erum nú taplausir í átta leikjum í röð og ekki tapað síðan í júní. Ég er mjög ánægður með þá þróun en veit að við getum betur." **- esá**



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**INNI?** KR-ingar vildu meina að þeir hefðu skorað en Finnur Orri sparkaði boltanum burtu þar sem hann dansaði á marklínunni.

**BREIÐABLIK 1-1 KR**

*1-0 Jóhann Berg Guðmundsson (4.),*
*1-1 Grétar Sigfinnur Sigurðarson (44.).*
Kópavogsvöllur, áhorf.: 1.806
Garðar Örn Hinriksson (7)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 9-11 (4-4) |
| Varin skot | Casper 2 – Stefán Logi 3 |
| Horn | 2-10 |
| Aukaspyrnur fengnar | 11-17 |
| Rangstöður | 1-2 |

**Breiðablik 4–4–2** Casper Jacobsen 7 - Arnór Aðalsteins. 6, Finnur O. Margeirs. 7, Srdjan Gasic 5, Kristinn Jóns. 6, Nenad Petrovic 7 (77., Magnús P. Gunnars. -), Guðmundur Kristjáns. 6, Arnar Grétars. 6, Nenad Zivanovic 7 (59., Prince Rajcomar 5), Jóhann B. Guðmunds. 7, Marel Baldvins. 6.

**KR 4–4–2** Stefán L. Magnús. 7 - Bjarni Guðjóns. 7, ***Grétar Sigurðarson 8**, Pétur Marteins. 6, Jordao Diogo 7, Gunnar Ö. Jóns. 7 (74., Atli Jóhanns. -), Viktor B. Arnarsson 6, Jónas G. Sævars. 7, Óskar Ö. Hauks. 6 (90., Ásgeir Örn Ólafs. -), Guðjón Baldvins. 7, Björgólfur Takefusa 7 (84., Guðmundur Péturs. -).

**Keflavík 3-2 HK**

Sparisjóðsvöllur, áhorf.: 960 — Þorvaldur Árnason (7)

*1-0 Guðm. Steinars. (15.), 2-0 Kenneth Gustafs.(42.), 2-1, 2-2 Mitja Brulc (73., 87.), 3-2 Hörð. Sveins. (90)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 10-11 (7-2) |
| Varin skot | Ómar 0 – Gunnleifur 4 |
| Horn | 8-3 |
| Aukaspyrnur fengnar | 13-12 |
| Rangstöður | 8-3 |

| KEFLAVÍK 4-4-2 | | HK 4-4-2 | |
|---|---|---|---|
| Ómar Jóhannsson | 5 | Gunnleifur Gunnleifs. | 7 |
| Guðjón Á. Antoníus. | 6 | Damir Muminovic | 6 |
| Kenneth Gustafsson | 7 | Ásgrímur Albertsson | 5 |
| Guðmundur Mete | 6 | Erdzan Beciri | 5 |
| Hallgrímur Jónasson | 6 | Hörður Árnason | 6 |
| Simun Samuelsen | 7 | ***Mitja Brulc** | **8** |
| Hans Mathiesen | 6 | Goran Brajkovic | 7 |
| Hólmar Ö. Rúnars. | 7 | Finnur Ólafsson | 5 |
| Jóhann B. Guðmund. | 5 | (79., Amir Cosic | -) |
| (70., Magnús Þorst. | 5) | Hörður M. Magnús. | 5 |
| Guðmundur Steinars. | 7 | (70., Hörður Magn. | 6) |
| (83., Patrik Redo | -) | Sinisa Kekic | 8 |
| Þórarinn Kristjáns. | 5 | Iddi Alkhag | 5 |
| (62., Hörður Sveins. | 7) | (70., Aaron Palom. | 7) |

*Maður leiksins

Enn syrtir í álinn hjá ÍA sem tapaði fimmta leiknum í röð í Landsbankadeild:

# Framarar komnir í þriðja sæti

**FÓTBOLTI** ÍA tapaði fimmta leik sínum í röð fyrir skynsömum Frömurum sem eru komnir í þriðja sæti deildarinnar. Þeir hafa unnið þrjá leiki í röð.

Fyrri hálfleikurinn var afar rólegur framan af ef frá er talið fallegt skallamark Ívars Björnssonar þar sem vörn ÍA steinsvaf á verðinum. Liðunum gekk illa að skapa sér færi, það besta fyrir ÍA fékk Arnar Gunnlaugsson sem skaut í slá en Framarinn Hjálmar Þórarinsson fór ótrúlega illa með tvö færi þar sem hann var sloppinn einn í gegn.

Hjálmar gerði betur í upphafi seinni hálfleiks þegar hann tvöfaldaði forystu Fram með góðu skoti eftir skemmtilegan þríhyrning við Heiðar Geir. Skagamenn færðu sig framar á völlinn en sköpuðu sér afar fá færi. Þeim gekk ekkert á síðasta þriðjungi vallarins þar sem sendingar þeirra voru sérstaklega slakar.



**VONBRIGÐI** Tvíburarnir Arnar og Bjarki þurfa enn að bíða eftir fyrsta sigrinum í deildinni en þeir voru báðir í byrjunarliði ÍA í gærkvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Það verður framhald á þessu, svona verður dagskráin í sumar. „Spilamennskan var fín, við vissum að þeir myndu sækja stíft á okkur enda hafa þeir engu að tapa. Við beittum skyndisóknum á móti og það gekk upp, eins og það hefur gert í sumar," sagði Ívar eftir leikinn, hverju orði sannara. Það hefur verið aðalsmerki Fram ásamt þéttum og skipulögðum varnarleik sem skilaði þeim áttunda sigurleiknum í sumar. **- hþh**

**Fram 2-0 ÍA**

Laugardalsvöllur, áhorf.: 1.201 — Þóroddur Hjaltalín (7)

*1-0 Ívar Björnsson (13.),*
*2-0 Hjálmar Þórarinsson (52.).*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 12-14 (6-2) |
| Varin skot | Hannes Þór 1 – Esben 3 |
| Horn | 6-11 |
| Aukaspyrnur fengnar | 14-13 |
| Rangstöður | 5-0 |

| FRAM 4–3–3 | | ÍA 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Hannes Þ. Halldórs. | 7 | Esben Madsen | 4 |
| Jón O. Ólafsson | 6 | Árni Thor Guðm. | 5 |
| Auðun Helgason | 7 | Helgi P. Magnús. | 4 |
| Reynir Leósson | 6 | Dario Cingel | 5 |
| Sam Tillen | 7 | Igor Bilokapic | 4 |
| Halldór H. Jónsson | 5 | (60., Guðjón Sveins. | 6) |
| Ingvar Ólason | 5 | Guðmund. B. Guðj. | 5 |
| Heiðar G. Júlíusson | 6 | Bjarki Gunnlaugs. | 6 |
| (73., Viðar Guðjóns | -) | Jón Vilhelm Ákason | 6 |
| ***Ívar Björnsson** | **7** | Þórður Guðjónsson | 4 |
| (88., Grímur Gríms. | -) | (68., Aron Péturs. | 6) |
| Joseph Tillen | 6 | Stefán Þórðarson | 5 |
| (77., Almarr Ormars | -) | Arnar Gunnlaugs. | 5 |
| Hjálmar Þórarinsson | 6 | (65., Vjekoslav Svad. | 5) |

*Maður leiksins


Dánartími: 03:26
Ástæða: Ölvunarakstur
LÖGREGL N
FÉLAG SJÚKRAFLUTNINGAMANNA ÁRNESSÝSLU
Heilbrigðisstofnun Suðurlands
SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

## > Nigella Lawson

„Ég kem miklu í verk af því ég er með svo margt í gangi í einu. Ef ég hef lítið að gera fer ég að eyða of miklum tíma í smáatriði sem skipta jafnvel engu máli. Annríki kemur í veg fyrir óþarfa smámunasemi.“ Skyndiréttir Nigellu eru sýndir í sjónvarpinu í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON HORFIR ALLTAF Á TAGGART

# Skoski hreimurinn betri en sá ameríski

Skoski hreimurinn í Taggart-þáttunum hefur alltaf heillað mig og það er ekki síst hans vegna sem ég reyni að missa ekki af þeim í Ríkissjónvarpinu. Vissulega eru þættirnir sjálfir vel úr garði gerðir og oftast með góðu plotti en hreimurinn gerir samt gæfumuninn.

Það hvernig persónurnar bera fram errin, rétt eins og við Íslendingar, er til dæmis sérlega skemmtilegt og gefur upplifuninni aukið gildi. Taggart er þannig góð tilbreyting frá hinum fjölmörgu bandarísku þáttum þar sem amerískan er vitaskuld allsráðandi. Miðað við offramboð þeirra mætti ætla að amerískan væri eina útgáfan af enska tungumálinu sem til er en sem betur fer er raunin önnur. Enskan sem er töluð á Englandi er síðan önnur hlið á teningnum. Það er einnig gaman að henni en þó þykir mér skoskan meira heillandi, líklega vegna tengsla hennar við íslenskuna.



**TAGGART** Sjónvarpsþættirnir Taggart eru vel úr garði gerðir og ekki skemmir skoski hreimurinn fyrir.

Annars var síðasti Taggart-þáttur á mánudagskvöld fyrirtak. Ágætur söguþráðurinn hélt manni vel við efnið þó svo að gaman hefði verið að sjá rótgrónar aðalpersónurnar fá meira vægi, enda flestar hverjar ansi áhugaverðar. Sprautandi vondi kallinn var líka góð tilbreyting frá byssubófunum í vestrinu auk þess sem afskornir líkamspartar í kössum hitta alltaf jafn vel í mark.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.00** **Valur - Fylkir Beint** STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.30** **Talk Show With Spike Ferensten** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.35** **The IT Crowd** SKJÁREINN



▶ **21.20** **Las Vegas** STÖÐ 2



▶ **22.25** **Sex hlekkir (Six Degrees)** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Dáðadrengurinn** (1:3) (e)

**17.57 Lísa** (4:13) (e)

**18.05 Krakkar á ferð og flugi** (9:10) (e)

**18.25 Andlit jarðar** (3:6) (e)

**18.30 Nýgræðingar** (Scrubs) (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.00 Skyndiréttir Nigellu** (Nigella Express) (11:13) Nigella Lawson sýnir hvernig matreiða má girnilega rétti.

**20.30 Hvað um Brian?** (What About Brian?) (15:24) Bandarísk þáttaröð um Brian O'Hara og vini hans. Brian er eini einhleypingurinn í hópnum en hann heldur enn í vonina um að hann verði ástfanginn.

**21.15 Svipmyndir af myndlistarmönnum** (Portraits of Carnegie Art Award 2008) Í stuttum þáttum er brugðið upp svipmyndum af myndlistarmönnum sem taka þátt í Carnegie Art Award samsýningunni 2008.

**21.25 Omid fer á kostum** (The Omid Djalili Show) (6:6) Breskir gamanþættir með grínaranum Omid Djalili sem er af írönskum ættum.

**22.00 Tíufréttir**

▶**22.25 Sex hlekkir** (Six Degrees) (3:13) Bandarísk þáttaröð. Þræðirnir í lífi sex New York-búa tvinnast saman þótt fólkið þekkist ekki neitt.

**23.10 Lífsháski** (Lost) (78:86) (e)

**23.55 Kastljós** (e)

**00.15 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.25 The Blue Butterfly**

**10.00 Fjölskyldubíó. Inspector Gadget**

**12.00 Everyday People**

**14.00 The Blue Butterfly**

**16.00 Fjölskyldubíó. Inspector Gadget**

**18.00 Everyday People**

**20.00 The Da Vinci Code** Tom Hanks leikur dulmálsfræðinginn Robert Langdon sem tekur að sér að rannsaka dularfullt morð á safnverði á Louvre-safninu.

**22.25 The Descent**

**00.05 The Passion of the Christ**

**02.10 Movern Callar**

**04.00 The Descent**

**06.00 Fallen. The Beginning**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Firehouse Tales, Smá skrítnir foreldrar og Kalli kanína og félagar.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 La Fea Más Bella**

**10.15 Notes From the Underbelly**

**10.40 Sisters** (5:24)

**11.25 Logi í beinni**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Neighbours**

**13.10 Forboðin fegurð**

**13.55 Forboðin fegurð**

**14.40 How I Met Your Mother** (4:22)

**15.10 Ally McBeal** (6:23)

**15.55 Sabrina - Unglingsnornin**

**16.18 Tutenstein**

**16.43 A.T.O.M.**

**17.08 Hlaupin**

**17.18 Doddi litli og Eyrnastór**

**17.28 Bold and the Beautiful**

**17.53 Neighbours**

**18.18 Markaðurinn og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.17 Veður**

**19.30 The Simpsons** (4:25)

**19.55 Friends** (23:23)

**20.45 The Moment of Truth** (9:25) Spurningaþáttur þar sem þáttakendur leggja heiðarleika sinn að veði og svara persónulegum spurningum um sjálfa sig til þess að vinna háar peningaupphæðir. Það getur verið hægara sagt en gert þegar maður er bundinn við lygamæli.

▶**21.20 Las Vegas** (5:19) Við fylgjumst með lífi og starfi öryggisvarða í Montecito-spilavítinu þar sem freistingarnar eru óheyrilega margar fyrir spilafíkla, glæpahyski, fjárglæpamenn og aðrar veikgeðja sálir.

**22.05 The Kill Point** (2:8)

**22.50 ReGenesis** (9:13)

**23.40 Zatoichi**

**01.35 Wire** (7:13)

**02.35 Fulltime Killer**

**04.15 The Moment of Truth** (9:25)

**05.00 The Simpsons** (4:25)

**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Landsbankadeildin 2008** Útsending frá leik Breiðabliks og KR í Landsbankadeild karla.

**14.50 PGA Tour 2008 - Wyndham Championship** Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.

**15.45 Inside the PGA** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og tímabilið framundan skoðað.

**16.10 Landsbankadeildin 2008** Útsending frá leik Breiðabliks og KR í Landsbankadeild karla.

**18.00 Landsbankamörkin 2008** Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilþrifin í umferðinni skoðuð.

▶**19.00 Landsbankadeildin 2008** Bein útsending frá leik Vals og Fylkis í Landsbankadeild karla.

**21.15 10 Bestu - Pétur Pétursson** Fyrsti þátturinn af tíu í þáttaröð um 10 bestu knattspyrnumenn íslandssögunnar.

**00.00 Landsbankadeildin 2008** Útsending frá leik Vals og Fylkis í Landsbankadeild karla.

## STÖÐ 2 SPORT 2

**17.50 Bestu leikirnir** Liverpool - Middlesbrough

**19.30 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**20.00 Coca Cola mörkin** Hitað upp fyrir keppni í Coca Cola deildinni.

**20.30 Community Shield 2008 - Upphitun** Hitað upp fyrir Góðgerðarskjöldinn þar sem mætast Manchester Utd. og Portsmouth.

**21.00 PL Classic Matches** Chelsea - Arsenal, 00/01. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**21.30 PL Classic Matches** Liverpool - Newcastle, 00/01.

**22.00 Bestu leikirnir** Man. Utd. - Liverpool

**23.40 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

## SKJÁREINN

**07.15 Rachael Ray** (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Vörutorg**

**09.45 Óstöðvandi tónlist**

**16.45 Vörutorg**

**17.45 Dr. Phil**

**18.30 Rachael Ray** Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**19.20 Life is Wild** (e) Það er brúðkaupsveisla á gistiheimilinu og Katie ætlar að hjálpa Jo við undirbúninginn. Danny fær Tumelo til að hjálpa sér í að sinna veikum fíl en kemst að því að að það er eitthvað undarlegt á seiði hjá fílnum og gíraffanum Hamley.

**20.10 Family Guy** (3:20) Teikinmyndasería fyrir fullorðna með kolsvörtum húmor og drepfyndnum atriðum.

▶**20.35 The IT Crowd** (8:12) Bresk gamansería um tölvunörda sem eru best geymdir í kjallaranum. Moss finnur vefsíðu sem reiknar út hvenær fólk deyr en þegar hann notar Roy sem tilraunadýr fá þeir báðir óvæntar fréttir.

**21.00 The King of Queens** (9:13) Doug hittir gamla skólafélaga 20 árum eftir útskriftina og hundleiðist þar til hann hittir gamlan vin sem er ákafur í að hrekkja skólastjórann.

**21.25 Criss Angel** (7:17) Sjónhverfingameistarinn Criss Angel er engum líkur og uppátæki hans eru ótrúlegri en orð fá lýst. Criss sýnir hvernig hægt er að lesa huga fólks með lítilli snertingu.

**21.50 Law & Order: Criminal Intent** (16:22) Blaðamaður kemst að því að honum hefur verið birlað eitur og fær gamlan vin sinn, Mike Logan, til að komast að því hver er morðinginn. Logan er staðráðinn í að finna sökudólginn.

**22.40 Jay Leno**

**23.30 Britain's Next Top Model** (e)

**00.20 Da Vinci's Inquest**

**01.10 Vörutorg**

**02.10 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir og Að norðan** Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

**18:45 Gönguleiðir** Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.45 daginn eftir. (e)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# Föstudagur fylgir Fréttablaðinu á morgun

Föstudagur flytur sjóðheit tíðindi af uppátækjum þekktra sem minna þekktra innanlands sem utan.




Karl Berndsen
Förðunar- og hárgreiðslumeistarinn snýr heim reynslunni ríkari




Allt sem þú þarft... ...alla daga

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 22.05
### The Kill Point

Hörkuspennandi þættir um félaga úr hernum sem ákveða eftir heimkomuna frá Írak að nýta herþekkingu sína til að fremja hið fullkomna bankarán. Þegar planið fer úrskeiðis grípa þeir til örþrifaráða og taka starfsfólk bankans og viðskiptavini í gíslingu. Upphefst þá atburðarás sem heldur áhorfendum í heljargreipum allt til síðustu mínútu. Þáttunum hefur m.a. verið líkt við 24 og spennumyndina sígildu Dog Day Afternoon og hafa þeir fengið afbragðsdóma og rífandi viðtökur í Bandaríkjunum.



### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Omid fer á kostum - lokaþáttur
### Sjónvarpið kl. 21.25

Omid Djalili er uppistandari af írönskum ættum. Í þáttunum blandar hann saman uppistandi og leiknum atriðum þar sem margar hlægilegar persónur koma við sögu. Í þættinum í kvöld talar Omid um fjölmenningu og aftökuna á Saddam Hussein og í þættinum sjáum við freka foreldra og mafíósa sem fer í felur. Þetta er lokaþáttur í seríunni.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Dragspilið dunar
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Hádegisleikhúsið: Dauði trúðsins
**13.15** Á sumarvegi
**14.03** Kvikmyndatónskáld tuttugustu aldar
**14.43** Náttúrupistill
**15.03** Útvarpssagan: Barnið og tíminn
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Flækingur
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Á sumarvegi
**19.40** Sumartónleikar Sambands evrópskra útvarpsstöðva
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Mín liljan fríð
**22.45** Þættir úr sögu tvífarans
**23.30** Betri stofan
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.

**16.30 Hollyoaks**

**17.00 Seinfeld** (6:24)

**17.30 Talk Show With Spike Feresten** (22:22)

**18.00 Pussycat Dolls Present. Girlicious** (10:10)

**19.00 Hollyoaks**

**19.30 Hollyoaks**

**20.00 Seinfeld** (6:24) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á erfitt með að eiga eðlileg samskipti við annað fólk þar sem hann er svo smámunasamur og sérvitur.

▶**20.30 Talk Show With Spike Feresten** (22:22) Spike Feresten fær til sín öll stóru nöfnin í Hollywood sem taka meðal annars þátt í alls kyns grínatriðum sem eru oftar en ekki ansi langt úti.

**21.00 Pussycat Dolls Present. Girlicious** (10:10) Nú á að stofna systrahljómsveit Pussycat Dolls og á hún að heita Girlicious og mun samanstanda af þremur hæfileikaríkum og að sjálfsögðu gullfallegum stúlkum.

**22.00 Ghost Whisperer** (38:44) Jennifer Love Hewitt snýr aftur í hlutverki sjándans Melindu Gordon. Melinda er nýgift og rekur antikbúð í smábænum sem hún býr í með eiginmanni sínum. Hún á þó erfitt með að lifa venjulegu lífi þar sem hún þarf stöðugt að takast á við drauga sem birtast henni.

**22.45 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Umsjón: Ingvi Hrafn Jónsson. Gestir: Soffía Johnson framkvæmdastjóri FKA og Guðrún Agnarsdóttir forstjóri Krabbameinsfélags Íslands.

**21.00 Vangaveltur** Umsjón: Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir. Gestir: Ásta Valdimarsdóttir og Kristján Helgason hláturjógakennarar.

**21.30 Reynslunni ríkari** Umsjón: Ásdís Olsen.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Hvor vinter betyder velstand **11.00** Sommerminder **11.30** DR Explorer: Cuba - mellem vest og øst **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.05** Flight 29 savnes! **13.30** SommerSummarum **13.35** Krampetvillingerne **14.00** SommerSummarum **15.05** Monster allergi **15.30** Fandango med Chapper **16.00** Se det summer **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Sommervejret på DR1 **17.05** Hercule Poirot **18.00** Kender du typen **18.30** Kær på tur **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Sommervejret på DR1 **19.40** Landsbyhospitalet **20.25** Hold afstand **21.55** Sex med Victor **22.25** Naruto Uncut

## NRK 1

**8.55** Sommer-OL i Beijing: Fotball Brasil-Belgia, menn **10.50** Sommer-OL i Beijing: Skilpaddeblod, svette og tårer for Kina **11.30** Sommer-OL i Beijing: Fotball Elfenbenskysten-Argentina, menn **13.45** Hurra for Andersens! **15.10** Møte med Heidar Olafsson **15.35** Tid for tegn **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Bjørnen i det blå huset **16.25** Dykk Olli, dykk! **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Sommer-OL i Beijing: Dagen før åpningsseremonien **18.00** Sannheten om mat **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.35** Wallander **21.00** Kveldsnytt **21.15** Wallander **22.40** Danes for Bush **23.40** Norsk på norsk jukeboks

## SVT 1

**8.50** Sommar-OS i Peking **11.35** Sommar-OS i Peking **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Sommartorpet **15.30** Sommartorpet **16.00** Emil i Lönneberga **16.30** Hej hej sommar **16.31** Lillas smågodis **16.50** Det femte väderstrecket **17.00** Blue water high **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Den olympiska studion **18.30** Solens mat **19.00** Bakom Morden i Midsomer **19.50** Min morbror tyckte mycket om gult **20.00** Jag är Dalai Lama **20.55** Rapport **21.05** Uppdrag granskning - sommarspecial **22.05** Blod, svett och danska skallar **23.05** Sändningar från SVT24



## MORGUNMATURINN



*„Ég borða aldrei morgunmat. Ég hef aldrei heyrt aðra eins vitleysu eins og að byrja daginn á því að éta. Maður á að enda daginn á því að éta. Þetta er einhver amerískur þurrmatur sem fólk fær sér en kettirnir vilja þetta ekki einu sinni. Ég fæ mér bara kaffisopa, það er toppurinn.“*

Þorsteinn Sigmundsson bóndi.

# Maðurinn sem bjargaði Bubba úr háska

„Ég staðhæfi það, að án hans er ekki víst við hefðum lifað þetta af,“ segir Bubbi Morthens um Heimi Geirsson sem var með honum um borð í gúmmítuðru sem lenti í sjávarháska milli Vestmannaeyja og Bakkafjöru. Tuðran lenti í broti og fylltist af sjó. Minnstu munaði að bátnum hvolfdi. „Hann hélt ró sinni og var yfirvegaður,“ segir Bubbi en auk hans og Heimis voru í bátnum Páll Eyjólfsson, umboðsmaður Bubba, Páll Magnússon, útvarpsstjóri og Páll sonur hans.

„Ég heyri hann segja: „Haltu haus, ekki láta drepast á mótornum, þú verður að snúa honum upp í ölduna. Nú verðurðu að snúa honum út,“ og strákurinn bara gegndi því sem hann sagði,“ segir Bubbi sem þakkar æðri máttarvöldum fyrir að Heimir hafi verið um borð. „Ég get ekki gert annað, ég trúi ekki á tilviljanir.“

Heimir var til sjós í tuttugu ár. Hann staðfestir að þarna hafi myndast hættuástand. „Þetta er engin vitleysa,“ segir Heimir. „Ég hélt fyrst að þeyinn hans Palla Magg hefði farið fyrir borð,“ segir Heimir sem hafði unnið í gæslunni á þjóðhátíðinni en var á heimleið. Hann segir fyrsta brotið hafa verið verst. „Mér varð svo litið á guttann sem var að stjórna bátnum og sá að hann hálfpanikkaði, var með bátinn á hlið í öldunni,“ segir Heimir.

Sjálfur er Heimir hógvær þegar hetjudáð hans ber á góma. Spurður hvort vera hans á bátnum hafi skipt sköpum svarar hann: „Þetta er allt spurning um „hvað ef?“, þetta eru getgátur einar.“

- shs



**HEIMIR GEIRSSON**
Sýndi ótrúlega yfirvegun í sjávarháska við Bakkafjöru.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**LÁRÉTT**
2. vöndull, 6. eftir hádegi, 8. dýrafita, 9. ástæður, 11. leita að, 12. mokuðu, 14. digurmæli, 16. í röð, 17. stilla, 18. árkvíslir, 20. íþróttafélag, 21. áætlun.

**LÓÐRÉTT**
1. klöpp, 3. óhreinindi, 4. skáldsaga, 5. knæpa, 7. skortur, 10. sönghópur, 13. drulla, 15. frekar, 16. fjör, 19. samtök.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. visk, 6. eh, 8. mör, 9. rök, 11. gá, 12. gróf, 14. grobb, 16. tu, 17. róa, 18. ála, 20. kr, 21. plan.
**LÓÐRÉTT:** 1. berg, 3. im, 4. sögubók, 5. krá, 7. hörgull, 10. kór, 13. for, 15. bara, 16. táp, 19. aa.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Róbert Wessmann
2. Brunnur
3. Eric Clapton


Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is








INGVAR ÞÓRÐARSON: STÓRMYND Á ÍSLENSKAN MÆLIKVARÐA

# Prestur í blóðugri bíómynd

„Ég er nú ekkert mjög blóðugur né slæmur gæi, frekar svona „lúser“ sem er að reyna að „meika“ það,“ segir séra Kristinn Á. Friðfinnsson sem er meðal leikara í blóðugri hryllingsmynd.

Tökur á kvikmyndinni Reykjavík Whale Watching Massacre (RWWM) hófust loks í gær niðri á norðurbryggju við Granda, en myndin hefur verið í undirbúningi í fimm ár. Séra Kristinn, sem er prestur til Hraungerðis og útkirkna þaðan, er reyndar enginn nýgræðingur á hvíta tjaldinu. Hann hefur komið fram í yfir tug kvikmynda, þeirra á meðal Mýrinni og Börnum náttúrunnar. Og lítur á það sem borgaralega skyldu sína að sinna því þegar kvikmyndaleikstjórar kalla. Hann óttast ekki að missa trúverðugleika í hempunni við þetta. „Leikur er bara listgrein eins og aðrar listgreinar. Og ég hef ekki orðið var við annað en ég hafi trúnað fólks,“ segir Kristinn.

Séra Kristinn tekur undir þau sjónarmið að sumar kvikmyndir séu hreinlega til að vekja eitthvað slæmt með fólki. „En ég tek ekki þátt í neinu slíku. Þetta er ekki ljót mynd heldur ákveðin tegund af hryllingsmynd,“ segir hann.

Leikstjóri er Július Kemp en sægur þekktra leikara kemur við sögu: Helgi Björnsson, Guðrún Gísladóttir, Stefán Jónsson, Dóra Wonder, Hanna María Karlsdóttir, Guðlaug Ólafsdóttir og Þorvaldur Davíð Kristjánsson. „Já, og leðurfésið sjálft, Gunnar Hansen að ógleymdri japönsku leikkonunni Nay Yuuki sem hvert mannsbarn í Japan þekkir,“ segir Ingvar Þórðarson framleiðandi.

Myndin kostar 250 milljónir sem þykir mikið á íslenskan mælikvarða en að sögn Ingvars kostaði hún ekki undir milljarði ef Hollywood væri að framleiða hana. „Þetta er viðamikil mynd og flókin. Hún gerist að 90 prósentum úti á hafi og gengur mikið á. Hún gerist alfarið hér á landi og er tekin í Atlantic Studios á Keflavíkurflugvelli, á Faxaflóa, Hvalfirði og Reykjavík,“ segir Ingvar. Hann upplýsir jafnframt að fjármögnun sé lokið. „Jájá, það er ekki farið af stað öðruvísi. Þeir tímar eru liðnir.“

jakob@frettabladid.is




**ÓFRÝNILEGUR GUÐSMAÐUR** Séra Kristinn L. Friðfinnsson er meðal leikara í RWWM, blóðugri hryllingsmynd, en tökur hófust í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**TÖKUR HEFJAST Á GRANDA**
Július Kemp leikstýrir myndinni sem áætlað er að kosti 250 milljónir en meðal leikara er japanska stórstjarnan Nay Yuuki.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Í þann stutta tíma sem **Eggert Magnússon** gegndi stjórnarformennsku hjá West Ham var hann duglegur að fá til sín leikmenn og vildu margir koma til félagsins. Einhverjir þeirra gáfu upp þá ástæðu að þeir hefðu hrifist af hugmyndum Eggerts. Ein af hugmyndum Eggerts var að borga mönnunum svimandi há laun. Í gær kvaddi einn þeirra, **Freddy Ljungberg**, félagið, en hann dvaldi einungis einn vetur hjá West Ham. Talið er að hann hafi kostað félagið um þrettán milljónir punda en var keyptur á þrjár. Annað fer beint í hans vasa. Þess má geta að Freddy var mikill aðdáandi „hugmynda“ Eggerts.

**Þröstur Leó Gunnarsson** kann að njóta sumarsins. Í sumar hefur hann verið duglegur að veiða í Trostansfirði. Mun þar vera mokveiði og bítur á hjá nánast hverjum sem kastar. Öllu ófegurri er þó sú staðreynd að óprúttnir aðilar hafa nýtt sér þessa auðlind án þess að fá til þess leyfi frá landeigendum. Skilti hefur verið sett upp sem vísar til þess að um einkalóð sé að ræða, en svo virðist sem ekki allir fari eftir því. Ekki er þó við öðru að búast en að stórleikarinn greiði fullt verð fyrir sína stöng og sé því ekki einn hinna óprúttnu.



-shs

# Clapton er næstvinsælastur

Tónleikar Erics Clapton í Egilshöll annað kvöld verða næststærstu tónleikar sem haldnir hafa verið hérlendis með erlendum flytjanda. Alls hafa hátt í þrettán þúsund miðar selst á Clapton og þar með eru tónleikarnir komnir fram úr bæði Roger Waters og Duran Duran sem spiluðu í Egilshöll fyrir fjölda tónleikagesta. Á toppnum trónir sem fyrr rokksveitin Metallica sem spilaði fyrir átján þúsund manns í Egilshöllinni fyrir fjórum árum síðan.

Að sögn tónleikahaldarans Gríms Atlasonar hefur salan á Clapton verið mjög góð upp á síðkastið og eru aðeins um þúsund miðar eftir, allir á B-svæðið. „Þetta er rosalega gott. Þetta er næstmesti fjöldi sem hefur verið seldur af miðum,“ segir Grímur.



**GRÍMUR ATLASON** Grímur er hæstánægður með miðasöluna á tónleika Eric Clapton.

„Miðarnir eru að rjúka út núna og ég spái því að það verði allt að því uppselt á þetta „gigg“.“

Clapton stígur á svið ásamt sex öðrum tónlistarmönnum sem eru allir fagmenn fram í fingurgóma. Beggja megin við sviðið, sem verður upphækkað, verða síðan tveir risaskjáir þannig að allir geti séð gítargoðið fara á kostum.

Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu mun Ellen Kristjánsdóttir hita upp ásamt nýstofnaðri hljómsveit sinni. Clapton er á tónleikaferð um Evrópu til að fylgja eftir nýrri tvöfaldri safnplötu sem hefur að geyma öll hans vinsælustu lög; slagara á borð við Layla, Wonderful Tonight, Tears in Heaven, Cocaine og I Shot the Sheriff.

Clapton, sem er án efa eitt af stærstu nöfnunum í tónlistarheiminum, hefur einn manna verið vígður þrisvar sinnum inn í Frægðarhöll rokksins. Var hann heiðraður fyrir sólóferil sinn og þátttöku sína í hljómsveitunum Cream og The Yardbirds. Hann er jafnframt átjánfaldur Grammy-verðlaunahafi og hefur verið aðlaður af bresku drottningunni fyrir frammúrskarandi störf á tónlistarsviðinu.

- fb



**ERIC CLAPTON** Gítargoðið Eric Clapton spilar í Egilshöll annað kvöld.



OUTLET 10
+++ Merki fyrir minna +++
DÚNDUR ÚTSALA -VERÐHRUN
SKÓR Á ALLA FJÖLSKYLDUNA
VERÐ FRÁ 499.-
Hvítur (St. 36-41)
999,-
Svart-Rautt-Hvítt-Silfur (St.36-41)
999,-
Brúnn leðurskór (St. 36-41)
1.999,-
Bleikur með ljósi (St. 22-35)
1.999,-
Svartur-Brúnn (St. 40-46)
999,-
Strigaskór (St. 35-41)
999,-
Svartur (St. 36-41)
1.999,-
Svartur (St. 40-46)
2.999,-
Svartur (St. 36-41)
1.499,-
Dömu strigaskór (St. 37-42)
1.999,-
Hlýrabolir, litir: svart/hvít
St: xs-xxl
990,-
Langerma bolir, litir: svart/hvít
St: xs-xxl
1.490,-
Langerma bolir, litir: svart/hvít
St:xs-xxl
1.490,-
Stutterma, Litir: svart/hvít
St: xs-xxl
990,-
FAXAFENI 10
11-18 alla virka daga
11-18 Laugardagar
S:534 4450
SMARATORGI
11-18 alla virka daga
11-18 Lau. og Sun.
S:534 4451

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**




**BAKÞANKAR**
Karenar D. Kjartansdóttur

## *Fjalla-Jónar segja pors*

Líklega hefur ómeðvitað samviskubit yfir ofgnótt góðærisáranna á Íslandi, jafnvel kann vottur af skynsemi að hafa komið við sögu, orðið til þess að við landsbyggðar- og úthverfafjölskyldan í Vesturbæ Reykjavíkur létum okkur duga að aka um á gömlum sparneytnum Skóda árum saman. Skódinn hafði farið marga hringi umhverfis landið, brunað um vegi sem sagt var að aðeins væru ætlaðir jeppum og innbyrt farangur á við sendiferðabíl. Hann var þó alla tíð allra bíla nýtnastur og aldrei hafði þurft að sinna honum á annan hátt en almenn tilvera bíla útheimtir.

**SÓMAFJÖLSKYLDAN** á Skódanum sagði bílalán heimskuleg, lúxusbíla ekki annað en orðskrípi yfir bifreiðar sem eru fulldýrir fyrir venjulegt fólk og þá farskjóta sem sagðir voru hlaðnir aukabúnaði fulla af óþarfa drasli sem fólk með lélegt sjálfsmat hefði gaman af því að segja frá. Til þess að greina alvöru bílaáhugamenn frá uppskafningslegum, snöggsoðnum bílasérfræðingum gaf Leó M. Jónsson, vélaverkfræðingur og einn helsti bílasérfræðingur landsins eitt sinn það ráð að hlusta eftir því hvernig fólkið bæri fram heiti bílategundarinnar Porsche. Þeir snöggsoðnu myndu oft auglýsa fávisku sýna á bílum með því að segja skammlaust pors. Slíkur framburður væri öruggt merki þess að svokallaður Fjalla-Jón eða Hillbillies væri á ferð. Alvöru bílafólk myndi að sjálfsögu segja pors-e.

**SKÓDAEIGENDURNIR** í Vesturbænum sögðu pors að hætti sveitamanna og voru nokkuð stoltir af þeim framburði. Því þykir það sæta eindæmum að sómafjölskyldan á Skódanum hafi fengið þá hugdettu á allra síðustu lífdögum íslensku krónunnar og í enda góðærisins að kaupa sér bíl sem viðurkenndur er sem lúxusbíll. Vissulega átti hann að vera kostakaup og gleðja fjölskylduna ægilega þegar hann kæmi til landsins. En síðan eru liðnir margir mánuðir, krónan hefur fallið, verðbólgan vaxið og enn bólar ei á afhendingu lúxusbílsins. Skódinn er hins vegar lagður upp í enn eina ferðina í kringum landið og engin áttar sig á því hvers vegna þörf þótti á að skipta honum út fyrir þann nýja sem aldrei kemur.



**GÓÐAN DAG!**
**Í dag er fimmtudagurinn 7. ágúst, 221. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.55 | 13.33 | 22.10 |
| Akureyri | 4.25 | 13.18 | 22.08 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


